








**Úrval af málverkum**
**Frábært verð !**



Erum á móti IKEA

Gallery Art 2b

Kauptún 3 - Garðabær - 5 33 22 00 - www.art2b.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**
**4. júní 2011**
129. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



## Sjómennskan heillar

*Haffi Haffi fór ungur á sjóinn og segir þá reynslu hafa styrkt sig.*

**allt** 1



## Erfiðir andstæðingar

*Leikmennirnir sem vert er að fylgjast vel með á EM U-21 landsliða í Danmörku.*

**fótbolti** 24

## Verndarar ESB

*Framkvæmdastjórn ESB er álitin bandamaður smáríkja.*

**evrópusambandið** 32

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna






**SJÓMANNADEGI FAGNAÐ** Í tilefni sjómannadagsins á morgun stendur yfir um helgina í Grindavík bæjarhátíðin Sjóarinn síkáti. Þar í bæ er sá háttur hafður á að fjórum hverfum eru úthlutaðir litir og hver skreytir hjá sér. Í gærkvöldi söfnuðust svo íbúar bæjarins saman, hver í sínum lit, í skrúðgöngu.

**Sjá síður 6 og 34** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fellir kreddur um landnámið

**Kolefnisaldursgreining á fornleifum við Kirkjuvogskirkju benda til mannvista vel fyrir landnám. Greiningin rennir stoðum undir kenningar um að landið hafi verið útstöð hluta úr ári áður en kom til landnáms.**

**RANNSÓKNIR** Aldursgreining á mannvistarleifum í Höfnum á Reykjanesi bendir til að þar sé fundinn skáli sem hafi verið byggður talsvert fyrir „hefðbundið landnám“. Byggðasafn Reykjanesbæjar og Fornleifafræðistofan standa að rannsóknum við Kirkjuvogskirkju, sem hófust árið 2009. Þá var um það bil fjórðungur skálans grafinn upp.

Niðurstöður kolefnisaldursgreiningar gefa til kynna að skálinn hafi verið yfirgefinn á árabilinu 770 til 880 og því hægt að draga þá ályktun að hann hafi verið byggður fyrir hið „sagnfræðilega landnám“ sem jafnan er miðað við árið 874.

„Mín vinnukenning er sú að um sé að ræða útstöð frá Norður-Evrópu, Skandinavíu eða bresku eyjunum, þar sem menn komu hingað í þeim erindagjörðum að nýta sér þær auðlindir sem hér var að finna, til dæmis bjargfugl og egg, fisk, hvalreka, og ekki síst rostungstennur,“ segir dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, sem telur að með aldursgreiningunni hafi hefðbundnum skýringum á landnámi Íslands verið kollvarpað.

„Þannig hefur búseta á Íslandi þróast úr því að vera útstöð hluta úr árinu yfir að endanlegu landnámi. Það kemur í stað þess að ímynda sér síðhærðan, reiðan kóng í Noregi sem rak höfðingja í burtu til Íslands. Það er hreinasti tilbúningur og rómantísering á upphafi okkar, til að réttlæta Íslendinga sem hluta af efri stétt Skandinava.“ Bjarni bætir við að þó að ljóst sé að gamlar „kreddukenningar“ um upphaf Íslandsbyggðar séu fallnar að hans mati eigi aðrar kenningar erfitt með að rata inn í sögubækur vegna eðlislægrar íhaldssemi sagnahyggjunnar. **- þj /** **sjá síðu 4**



## SPURNING DAGSINS



*Stefán, eruð þið byrjaðir að manna skansinn?*

„Já, og flotinn er klár.“

Stefán B. Friðriksson er formaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Hann líkti kvótafrumvarpi ríkisstjórnarinnar við árás á Vestmannaeyjar í gær. Skansinn var virki sem byggt var í Heimaey á 16. öld til að verja eyjuna.

Iðnaðarráðherra er ósáttur við úrskurð Orkustofnunar um rannsóknarleyfi í Grændal og boðar lagabreytingu:

# Ráðherra vill rökstuðning vegna boranaleyfis

**ORKUMÁL** „Það er augljóst að það er eitthvað að í lagaumhverfinu ef þeir telja sig knúna til að komast að þessari niðurstöðu,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra um veitingu rannsóknarleyfis í Grændal í Ölfusi. Orkustofnun veitti leyfi til rannsókna á jarðhita, grunnvatni, yfirborðsvatni og efnisnámum á rannsóknarsvæðinu.

Ráðherra hefur óskað eftir munnlegum rökstuðningi frá Orkustofnun og mun eiga fund um málið eftir helgi. Katrín segir mikilvægt að komast að því hvað knýi stofnunina til að komast að þessari niðurstöðu og boðar breytingar á lögum, komi í ljós að lögin kalli á úrskurðinn.

Katrín bendir á að Grændalur sé eitt þeirra svæða sem verði líklega skilgreind sem verndarsvæði í rammaáætlun og því skjóti skökku við að gefa út rannsóknarleyfi svo skömmu áður en áætlunin taki gildi.

Lög um rammaáætlun voru samþykkt á yfirstandandi þingi og þingsályktunartillaga mun líta dagsins ljós á næstu vikum, að sögn Katrínar. Ekki hefur ríkt full sátt um tillöguna meðal stjórnarflokkanna en ráðherra vonast til að samstaða ríki um tillöguna þegar hún kemur fram.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín bendir einnig á að sveitarfélagið Ölfus hafi ekki sett rannsóknarboranir á skipulag og ólíklegt sé að það gerist, þar sem andstaða sé við röskun á svæðinu innan sveitarfélagsins.

„Allir aðilar verða að stíga varlega til jarðar þar til rammaáætlun er tilbúin. Þess vegna vil ég kanna hvort eitthvað er í lögum sem kallar á þennan úrskurð og mun grípa til ráðstafana ef svo er.“

Katrín telur þó óljóst að hún nái að leggja fram lagabreytingar áður en rammaáætlun taki gildi. „Aðalatriðið er að við erum að koma okkur úr vondu kerfi á þessu sviði. Úr vondu lagaumhverfi sem hefur verið götótt og inn í lagaumhverfi rammaáætlunar þar sem tekið er mið af náttúrunni frá upphafi ferlisins.“ **- kóp**

Fréttablaðið á ferð um landið:

## Landshlutakort í hverri viku

**FERÐALÖG Í dag birtist í blaðinu kort af Suðurnesjum þar sem bent er á nokkra áhugaverða staði til að skoða. Kortið er það fyrsta í röð korta sem verða fastur liður í Fréttablaðinu í sumar. Landshlutar eru valdir í tengslum við hátíðir sem eru á svæðinu og Bylgjan útvarpar beint frá en nú um helgina er hátíðin Sjóarinn síkáti í Grindavík.**

**Kortin gagnast vonandi lesendum á ferð um landið í sumar. Um næstu helgi verður kort af nágrenni Selfoss og helgina þar á eftir verður haldið í Arnarfjörðinn.** **- sbt /** **sjá síðu 34**



**Í UMFERÐINNI** Mest dregur úr umferð á Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umferð dregst saman:

## Spá mesta samdrætti í 35 ár

**SAMGÖNGUR** Umferðin í maí 2011 á sextán völdum talningarstöðum á Hringveginum var tíu prósentum minni en í sama mánuði í fyrra. Frá áramótum nemur samdrátturinn tæpum níu prósentum. Þetta er gífurlega mikill samdráttur í sögulegu samhengi, að sögn Vegagerðarinnar.

Miðað við spá Vegagerðarinnar stefnir á þessu ári í metsamdrátt síðan 1975, þrisvar sinnum meiri en hann hefur orðið mestur milli ára. Mest dregur úr umferð á Suðurlandi, um tæplega 20 prósent, en minnst á Hringveginum í grennd við og um höfuðborgarsvæðið, um 4,5 prósent. **- shá**

# Frelsið kostar eina milljón í Taílandi

**Brynjar Mettinisson varði 25 ára afmælisdeginum í fangaklefa í Bangkok. Móðir hans segir sekt og sakleysi merkingarlaus. Peningar opni dyr úr steininum. Bróðir manns sem var tekinn með fíkniefni er sagður ætla að greiða mútur.**

**SAKAMÁL** „Þetta mál snýst ekki um sekt, sakleysi eða líf heldur peninga. Ef ég gæti farið út til Taílands og greitt til að leysa Brynjar út myndi ég gera það. En ég á ekki neitt,“ segir Borghildur Antonsdóttir, móðir Brynjars Mettinissonar sem handtekinn var úti á götu í Bangkok í Taílandi á mánudag og úrskurðaður í þriggja mánaða gæsluvarðhald. Brynjar varði 25 ára afmælisdeginum innan fangelsismúranna í gær.

Ræðismaður Íslands í Taílandi fékk í gær lögfræðing í mál Brynjars og mun hann heimsækja skjólstæðing sinn í fangelsið snemma í næstu viku. Lögfræðikostnaður fellur á móður Brynjars.

Greint var frá því í fyrradag að Brynjar og unnusta hans hefðu verið á heimleið frá veitingastað í Bangkok þegar þau hittu mann frá Ástralíu sem þau könnuðust við. Skömmu síðar bar lögreglu að sem leitaði á mönnunum. Fíkniefni fundust á Ástralanum en ekkert á Brynjari. Þeir voru báðir handteknir og eiga að dúsa í fangelsi í borginni þar til mál þeirra verður tekið fyrir eftir þrjá mánuði.

Í Taílandi eru hörð viðurlög gegn fíkniefnabrotum og gæti Brynjar átt yfir höfði sér þrjátíu ára dóm.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við um Brynjar, þar á meðal systkini hans, segja hann dagfarsprúðan. Ólíklegt sé að hann hafi verið viðriðinn fíkniefnamisferli eins og lögregla í Taílandi gruni hann um.



**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Brynjar Mettinisson hefur verið færður í klefa með mörgum föngum. Þar líður honum illa, að sögn Borghildar Antonsdóttur, móður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Borghildur hefur ekki fengið að ræða við son sinn en fær daglega upplýsingar um líðan hans frá kærustunni, sem fer í fangelsið daglega. Þar eru aðstæður slæmar.

„Hún segir mér að Brynjar hafi verið fluttur til í fangelsinu, í klefa sem ansi margir eru í. Þar er skítugt og ömurlegt, Brynjari líður hræðilega og hann sefur illa. En nú má hún ekki koma með mat til hans nema einu sinni í viku, á þriðjudögum. Einu sinni á dag kemur súpukarl og Brynjar þarf að kaupa súpu af honum. Þarna þarf að kaupa allt, mat og klósettpappír ... allt,“ segir Borghildur. „Ef hann hefði ekki kærustuna til að láta sig fá peninga þá fengi hann ekkert.“

Borghildur hefur eftir kærustu Brynjars að Ástralinn sé í sama fangelsi. Brynjar hafi heyrt að bróðir mannsins sé væntanlegur og ætli sá að greiða fyrir lausn hans, jafnvirði einnar milljónar króna.

„Ég á ekki þessa peninga,“ segir Borghildur, sem í síðustu viku flutti til dóttur sinnar og tveggja barna hennar í Svíþjóð. Þar dvelur hún með yngsta ömmubarninu sem fæddist fyrir mánuði.

jonab@frettabladid.is

### Safna fyrir lögfræðikostnaði

Aðstandendur Brynjars hafa efnt til söfnunar til að greiða fyrir lögfræðikostnað og ferð móður hans til Taílands. Reikningsnúmerið er 0537-26-494949. Kennitala er 060549-4949.



**VIÐ DÆLUNA** Mikil lækkun hjá þremur olíufélögum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verði án þjónustu breytt:

## Eldsneytisverð lækkað um fimm krónur

**NEYTENDAMÁL** Verð á bensíni og dísilolíu lækkaði í gær hjá Atlantsolíu, Orkunni og ÓB. Öll félögin reka ómannaðar bensínstöðvar.

Samkvæmt vefsíðunni gsmbensin.is í gærkvöldi var verð á bensíni 232,10 krónur hjá Orkunni og 0,10 krónum dýrara hjá hinum félögunum tveimur. Dísilolía kostaði 231,10 krónur hjá öllum stöðvunum.

Verð á eldsneyti hjá þjónustustöðvum N1, Shell og Olís var um fimm krónum hærra. **- shá**

Tugmilljónum skotið undan:

## Tvö skattsvikamál rannsökuð

**FJÁRMÁL Skattrannsóknarstjóri rannsakar tvö mál þar sem grunur leikur á um að tugmilljóna króna fjármagnstekjuskatti hafi verið skotið undan. Krafist hefur verið kyrrsetningar eigna meðan á rannsókn málsins stendur.**

**Fréttastofa RÚV sagði frá í gær.**

**Rannsóknin snýr að stórfelldum skattsvikum þar sem nokkur hundruð milljóna króna fjármagnstekjur voru ekki gefnar upp til skatts. Farið var fram á kyrrsetningu eigna hjá þeim sem til rannsóknar eru en ekki er gefið upp hverjir eigi í hlut.** **- shá**


HÓPKAUP.IS Í DAG

ASUS FARTÖLVA (INTEL PENTIUM DUAL CORE 2.13 GHZ)

77.940 kr. GILDIR Í 24 TÍMA

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
| --- | --- | --- |
| ~~129.900~~ kr. | 40% | 51.960 kr. |

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Ótrúlegt verð fyrir frábæra fartölvu, tilvalin fyrir námsmenn. Tölvan kemur uppsett með Windows.



HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is


Forseti Jemens særðist í flugskeytaárás á forsetahöllina í Sanaa:

# Helstu ráðamenn illa særðir

**JEMEN, AP** Ali Abdullah Saleh, forseti Jemens, særðist þegar hópur uppreisnarmanna skaut flugskeytum á forsetahöllina í Sanaa í gær.

Að minnsta kosti sex verðir létu lífið og sjö háttsettir embættismenn særðust einnig, þar á meðal forsætisráðherra, varaforsætisráðherra, þingforseti landsins og ríkisstjórinn í Sanaa.

Bæði Nooman Dweid, ríkisstjóri Sanaa, og Rashad al-Alimi, varaforsætisráðherra, eru alvarlega særðir og al-Alami hefur ekki komist til meðvitundar.

Jemenskur embættismaður segir að forsetinn hafi aðeins hlotið minniháttar meiðsli á hálsi. Hann sé nú við góða heilsu, en sjónvarpsstöð stjórnarandstæðinga hafði fullyrt að forsetinn hefði fallið í árásinni.

Stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hafa barist hart í höfuðborg Jemens í nærri hálfan mánuð og hafa þau átök kostað hátt á annað hundrað manns lífið. Þetta er þó í fyrsta sinn sem árás er gerð á forsetahöllina.

Nokkrir fjölmennir og áhrifamiklir ættflokkar í landinu hafa skipað sér í sveit með mótmælendum, sem krefjast umbóta og afsagnar forsetans. **- gb**



**MÓTMÆLI Í SANAA** Alda mótmæla gegn forseta Jemens hefur verið óstöðvandi vikum saman. NORDICPHOTOS/AFP



25% AFSLÁTTUR*
AF GARÐHÚSÖGNUM

Eitt mesta úrval landsins

# GARÐHÚSGÖGN
# 25% AFSLÁTTUR UM HELGINA

Eitt mesta úrval landsins

25% AFSLÁTTUR*
AF GARÐHÚSGÖGNUM



**Rafmagnssláttuvél Texas Garden**
1000W, Sláttubreidd 33 cm.
Safnari 26 ltr .
Hæðarstillingar.
5085124
**15.995,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rafmagnssláttuvél Flymo Turbo Lite 330**
1150W, Sláttubreidd 33 cm.
Hæðastillingar 10-30 mm.
5085136
**25.495,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rafmagnsorf Ikra**
250W, Sláttubreidd 24 cm.
5086600
**3.690,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

25% AFSLÁTTUR*
AF GARÐLEIKFÖNGUM

**PYLSUVEISLA**
Allir fá pylsur og kók
laugardag 12:00-14:00
Skútuvogi, Selfossi,
Akureyri og Reykjanesbæ

ALLIR KRAKKAR FÁ
**ÓKEYPIS**
ís í brauðformi
ALLA HELGINA FRÁ 12- 17
Í SKÚTUVOGI

*Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða vörum merktum LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 03.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,07 | 114,61 |
| Sterlingspund | 186,07 | 186,97 |
| Evra | 165,23 | 166,15 |
| Dönsk króna | 22,159 | 22,289 |
| Norsk króna | 21,174 | 21,298 |
| Sænsk króna | 18,357 | 18,465 |
| Japanskt jen | 1,4153 | 1,4235 |
| SDR | 182,89 | 183,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,5515

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**BLÁA LÓNIÐ** Nóg verður að gera í Bláa lóninu í sumar ef fram fer sem horfir með ferðamannastraum.

Stefnir í gott ferðasumar:

## Ferðamenn fjölmenntu í maí

**FERÐAMÁL Rúmlega 37 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá Íslandi um Leifsstöð í maímánuði. Er það einhver mesti fjöldi ferðamanna sem heimsótt hefur landið í mánuðinum. Þetta kemur fram í tölum frá Ferðamálastofu.**

**Ferðamönnum hefur fjölgað um 31,5 síðan í fyrra en maímánuður var sérstaklega slæmur þá vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.**

**Af einstaka þjóðum voru Bandaríkjamenn, Norðmenn, Danir, Bretar, Þjóðverjar og Svíar fjölmennastir.** - mþl

Ný aðferð við leit að líkum:

## Lögreglan þjálfar hrægamma

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Þýskalandi ætlar á næstunni að beita nýstárlegum aðferðum við að leita uppi lík á víðavangi. Dýraþjálfarar eru nú að þjálfa þrjá hrægamma til að leita að líkum.

Hrægammarnir hafa fengið nöfnin Sherlock, Miss Marple og Columbo, eftir frægum persónum bókmenntanna, að því er fram kemur á vef BBC.

Þjálfarar þeirra telja að þeir muni nýtast betur en hundar þar sem þeir komist hraðar yfir leit á stórum svæðum. Gagnrýnendur óttast hins vegar að þeir gætu gætt sér á völdum bitum af þeim líkum sem þeir kunni að finna. - bj

Forsætisráðherra segir málið hafa tekið of langan tíma:

# Bjarni gagnrýnir landsdómsmeðferð

**DÓMSMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, segir ganga út fyrir allan þjófabálk hvernig farið hafi verið með Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í málsmeðferð saksóknara Alþingis. Ummælin féllu í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær.

„Þá hófst vegferðin á því að ákæra var gefin út án sakamálarannsóknar. Sakborningurinn fékk síðan ekki skipaðan verjanda fyrr en seint og um síðir. Innanríkisráðherra lagði síðan fram frumvarp um breytingar á málsmeðferðarreglum eftir að ákæra hafði verið gefin út. Og nú síðast hefur saksóknari Alþingis ákveðið að opna vefsíðu til þess að halda saman sjónarmiðum sínum og málsskjölum,“ sagði Bjarni.



BJARNI BENEDIKTSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði málsmeðferðina hafa tekið allt of langan tíma þótt gera mætti ráð fyrir því að unnið hefði verið í samræmi við lög og reglur. Þá sagðist hún ekki telja það athugunarefni, að óathuguðu máli, að opnuð væri vefsíða um málið. Hins vegar væri sjálfsagt að sjónarmiðum sakbornings væri einnig haldið til haga á síðunni.

Málið gegn Geir Haarde verður þingfest fyrir landsdómi næsta þriðjudag. - mþl

Mótmæla skattlagningu:

# Bein aðför að eldri borgurum

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Landssambands eldri borgara mótmælir harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að skattleggja lífeyrissjóðina um 1,7 milljarða króna. Þetta kemur fram í ályktun frá sambandinu.

„Þetta er bein aðför að eldri borgurum og öryrkjum þar sem það hlýtur að skerða kjör þeirra þegar ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er skert sem þessu nemur,“ segir stjórnin. Skorað er á Alþingi að samþykkja ekki ákvæði í fyrirliggjandi frumvarpi. - sv

# Ný sýn á upphaf landnáms

**Fornleifarannsóknir í Höfnum á Reykjanesi gefa til kynna að menn hafi vanið komur sínar til Íslands fyrir árið 870 og nýtt sér gæði landsins hluta úr ári. Fornleifafræðingur segir fyrri kenningar þegar vera fallnar.**

**RANNSÓKNIR** Fornleifarannsóknir á mannvistarleifum í Höfnum á Reykjanesi benda til þess að þar sé fundinn skáli sem hafi verið byggður talsvert fyrir hið hefðbundna landnám undir lok níundu aldar. Fornleifafræðingur telur að í skálanum felist nánari skýring á ástæðum þess að landnámsmenn settust að á Íslandi.



BJARNI F. EINARSSON

Byggðasafn Reykjanesbæjar og Fornleifafræðistofan standa að rannsóknum við Kirkjuvogskirkju, sem hófust árið 2009. Þá var um það bil fjórðungur skálans grafinn upp og benti margt til þess að um merkilegan fund hafi verið að ræða, segir dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur í samtali við Fréttablaðið en hann stýrir rannsókninni.

„Þegar skáli finnst á Íslandi er að öllu jöfnu gengið út frá því að þar sé um venjulegan bóndabæ að ræða en þá verða að vera fleiri byggingar í næsta nágrenni, líkt og fjós, smiðja, búr og skemmur og þess háttar. Þrátt fyrir mjög ítarlega leit, bæði með jarðsjá, prufuholum og loftmyndum, finnast engin önnur hús í næsta nágrenni við skálann og þá veltir maður því fyrir sér hverslags byggingu er um að ræða.“

Bjarni bætir því við að niðurstöður kolefnisaldursgreininga gefi nú til kynna að skálinn hafi verið yfirgefinn á árabilinu 770 til 880, sem gefi tilefni til að ætla að hann hafi verið byggður fyrir hið „sagnfræðilega landnám“ sem er jafnan miðað við árið 874.

„Mín vinnukenning er sú að um sé að ræða útstöð frá Norður-Evrópu, Skandinavíu eða bresku eyjunum, þar sem menn komu hingað í þeim erindagjörðum að nýta sér þær auðlindir sem hér var að finna, til dæmis fuglbjargfugl og egg, fisk, hvalreka, og ekki síst rostungstennur.“

Bjarni segir þetta kollvarpa hefðbundnum skýringum á landnámi Íslands.

„Þannig hefur búseta á Íslandi þróast úr því að vera útstöð hluta úr árinu yfir að endanlegu landnámi. Það kemur í stað þess að ímynda sér síðhærðan, reiðan kóng í Noregi sem rak höfðingja í burtu til Íslands. Það er hreinasti tilbúningur og rómantísering á upphafi okkar, til að réttlæta Íslendinga sem hluta af efri stétt Skandinava.“

Bjarni bætir við að þó að ljóst sé að gamlar „kreddukenningar“ um upphaf Íslandsbyggðar séu fallnar að hans mati, eigi aðrar kenningar erfitt með að rata inn í sögubækur vegna hinnar eðlislægu íhaldssemi sagnahyggjunnar.

Rannsóknum í Höfnum er þó ekki að öllu lokið þar sem nú stendur yfir uppgröftur á miðhluta skálans og lokahnykkurinn verður næsta sumar. thorgils@frettabladid.is



**MERKUR FUNDUR** Fornleifafræðingurinn Bjarni F. Einarsson telur skálann í Höfnum benda til þess að þróun landnáms hafi verið með öðrum hætti en sögubækur segja til um. MYND/BJARNI F. EINARSSON

> Þegar skáli finnst á Íslandi er að öllu jöfnu gengið út frá því að þar sé um venjulegan bóndabæ að ræða en þá verða að vera fleiri byggingar í næsta nágrenni.
>
> **DR. BJARNI F. EINARSSON** FORNLEIFAFRÆÐINGUR


# Sófadagar

## 40% afsláttur

**Dagana 3-13 júní**

**Gæðasófar á frábæru verði !**



Opnunartímar
Virka daga frá kl16-19
Laugardag og sunnudag kl 13-17
Ármúla 21


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART OG MILT**
Dagurinn í dag verður sólríkur á Suðaustur- og Austurlandi í hægum vindi og hitinn ætti að ná þar 16°C. Varla hægt að tala um sumarbíðu í öðrum landshlutum en þetta verður að teljast ágætt vorveður.




Á MORGUN 8-13 m/s síðdegis.

MÁNUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 21° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 26° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 24° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Við sendum hér kveðju á Sjómannadegi
sægörpum á hafsins vegi.
Hvert sem þeirra leiðir liggja
leynist jafnan örugg bryggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.
Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér Ásmundur Einar Daðason passa frekar inn í Framsókn en VG?*

| | |
|---|---|
| Já | 67,8% |
| Nei | 32,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú nauðsynlegt að halda úti sérstakri vefsíðu um landsdómsmálið?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Verðum að taka á veikleikum í íslensku efnahagslífi, segir Árni Páll Árnason:

# Fimmta endurskoðun í höfn

**EFNAHAGSMÁL** Mikilvægt er að sýna sjálfsaga til að halda utan um ríkisfjármálin þegar áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) rennur sitt skeið í ágúst og sýna að hægt sé að taka á strúktúrveikleikum í íslensku efnahagslífi, að sögn Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Stjórn AGS samþykkti í gær fimmtu endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins og stjórnvalda á fundi sínum í Washington. Með samþykktinni geta stjórnvöld fengið aðgang að 25,7 milljarða króna láni sjóðsins og 73 milljarða króna lánalínu frá Norðurlöndunum.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Í endurnýjaðri viljayfirlýsingu sem stjórnvöld sendu AGS kemur fram að hagkerfið sé að taka við sér og að hagvöxtur verði í ár, sá fyrsti frá hruni. Í fyrri viljayfirlýsingum hefur verið gert ráð fyrir allt að þriggja prósenta hagvexti. Árni Páll segir spár hljóða upp á tveggja prósenta hagvöxt í ár en þrjú prósent á næsta ári.

„Efnahagsáætlun okkar næstu árin verður að miða að því að ná upp hagvexti til að vinna bug á atvinnuleysi,“ segir Árni Páll og leggur áherslu á að draga verði úr einhæfni, fákeppni og skorti á samkeppni auk þess að greiða fyrir fjárfestingu og nýsköpun til að efla útflutningsdrifinn hagvöxt.

„Hvert ár sem líður án þess að dragi verulega úr atvinnuleysi er mjög dýrt. Við þurfum fjögurra til fimm prósenta hagvöxt til að höggva í það að ráði.“ **- jab**

Skrifa undir viljayfirlýsingu:

# Jarðvarmi verði nýttur í héraði

**ORKUMÁL** Orka sem unnin verður úr jarðvarma í Þingeyjarsýslum verður notuð til umfangsmikillar atvinnuuppbyggingar á Norðausturlandi samkvæmt viljayfirlýsingu sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga á Norðausturlandi hafa undirritað.

Skipuð verður verkefnisstjórn sem greina á innviði og meta þörf fyrir eflingu á opinberri þjónustu, auk þess að huga að vexti atvinnulífs og fjölbreytni þess, að því er segir í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu. **- bj**



**Í UPPSVEIFLU** Fleiri fasteignasamningum var þinglýst síðustu daga en á sambærilegum tíma á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Veltan tæpir þrír milljarðar:

# Aukin umsvif frá síðasta ári

**FASTEIGNIR Áttatíu og sjö kaupsamningum um fasteignir var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu frá 27. maí til og með 2. júní. Á vef Þjóðskrár Íslands kemur fram að 71 þessara samninga hafi verið um eignir í fjölbýli, 13 um sérbýli og þrír um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði.**

**Heildarveltan var 2.896 milljónir króna. Þetta eru talsvert meiri umsvif en á síðasta ári, en dagana 28. maí til 3. júní í fyrra var 51 samningi þinglýst á höfuðborgarsvæðinu og heildarveltan var 1.324 milljónir króna.** **- þj**

**UTANRÍKISMÁL**

### Ræddu málefni Líbíu

Málefni Líbíu og aðgerðir alþjóðasamfélagsins þar voru til umræðu á fundi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og Guma El-Gamaty, sérstaks fulltrúa Líbíska þjóðarráðsins, í gær. Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að El-Gamaty sé fulltrúi ráðsins gagnvart breskum stjórnvöldum, auk þess að sinna samskiptum við önnur ríki Evrópu. Á fundinum áréttaði Össur stuðning Íslands við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

**LÖGREGLUMÁL**

### Tekið á stöðubrotum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu beinir þeim vinsamlegu tilmælum til ökumanna sem eiga leið um Laugardalinn að nýta þau bílastæði sem þar eru í stað þess að leggja ólöglega á eða við götur á svæðinu. Í kvöld fer fram í Laugardal landsleikur Íslendinga og Dana í knattspyrnu. Þeir sem leggja ólöglega geta búist við sektum vegna stöðubrota en gjaldið, 5.000 krónur, rennur í Bílastæðasjóð.

### Hraðakstur í Hvassahrauni

Heldur færri óku of hratt í norður í Hvassahrauni á Reykjanesbraut þegar lögregla var þar í vikunni við mælingar en að jafnaði gerist. Yfirleitt fara 14 til 17 prósent ökumanna of hratt en nú var hlutfallið 13 prósent. Mynduð voru brot 35 ökumanna af 277 á þeirri klukkustund sem mælingin stóð yfir. Meðalhraði þeirra brotlegu var 104 kílómetrar á klukkustund. Sá sem greiðast ók fór á 117 kílómetra hraða.

# Ratko Mladic neitar að svara ákærunum

**Mladic telur sig aðeins hafa verið að verja land sitt og þjóð. Segist vera alvarlega veikur, en vildi ekki ræða veikindi sín nema fyrir luktum dyrum. Búast má við að réttarhöldin hjá stríðsglæpadómstólnum í Haag standi yfir árum saman.**

**HOLLAND, AP** „Ég er Ratko Mladic og allur heimurinn veit hver ég er,“ sagði fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba og vildi engu svara ákærum, sem hann sagði viðbjóðslegar.

Hann var í fyrsta sinn leiddur fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag í gær, þar sem hann er ákærður fyrir verstu stríðsglæpi í sögu Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Hann virtist eiga erfitt með að nota hægri höndina. Réttarverðir studdu hann þegar hann stóð upp og hjálpuðu honum að setja á sig heyrnartól svo hann gæti heyrt serbneskan túlk þýða jafnóðum það sem sagt var í réttarsalnum.

Mladic sagðist vera alvarlega veikur en vildi ekki ræða veikindi sín nema fyrir luktum dyrum.

Ættingjar hans hafa sagt að hann hafi tvisvar fengið heilablóðfall á síðustu árum. Lögfræðingur Mladics í Serbíu hefur einnig sagt að hann hafi verið með eitlakrabbamein og bæði gengist undir uppskurð og fengið lyfjameðferð vegna þess árið 2009.

Alphons Orie, aðaldómari í málinu, boðaði framhald réttarhaldanna 4. júlí næstkomandi. Ef Mladic neitar aftur að svara ákærum, þá verður litið svo á að hann telji sig saklausan svo réttarhöldin geta þá hafist fyrir alvöru.

Búast má við að þau taki allmörg ár.

Ákæran á hendur honum er í ellefu liðum. Hann er ákærður fyrir fjöldamorðin í Srebrenica í júlí árið 1995, þegar hermenn undir hans stjórn myrtu um átta þúsund karlmenn og drengi. Hann er einnig ákærður fyrir að hafa stjórnað svonefndum þjóðernishreinsunum, þegar hermenn undir hans stjórn hröktu fólk frá þorpum og bæjum með grófu ofbeldi í Bosníustríðinu á árunum 1992-95. Þá er hann ákærður fyrir að hafa staðið fyrir ofsóknum, kúgun, pyntingum, nauðgunum á múslimum og Króötum í Bosníu, auk þess sem hann er ákærður fyrir að hafa tekið friðargæsluliða og hernaðareftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna í gíslingu. **gudsteinn@frettabladid.is**



**FYLGST MEÐ** Konur, sem misstu eiginmenn sína, feður eða syni í fjöldamorðunum í Srebrenica, fylgdust í gær með beinni sjónvarpsútsendingu frá dómstólnum í Haag. Veggir herbergisins eru þaktir myndum af fórnarlömbum fjöldamorðanna. NORDICPHOTOS/AFP

### Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn

Árið 1993 var stofnaður í Haag í Hollandi alþjóðlegur stríðsglæpadómstóll, sem fjallar um stríðsglæpamál frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu í tengslum við Balkanskagastríðin á síðasta áratug síðustu aldar. Alls hafa ákærur verið gefnar út á hendur 161 sakborningi. Flestir þeirra eru Serbar en einnig eru meðal þeirra bæði Króatar og múslimar. Til þessa hafa 64 verið sakfelldir, 13 sýknaðir, 16 mál eru enn í áfrýjunarferli, 14 eru fyrir dómi, 13 hafa verið færð yfirvöldum í Serbíu til meðferðar, en ákærur á hendur 34 hafa verið felldar niður. Fjórir sakborningar bíða enn réttarhalda og einn gengur laus. Sá er Goran Hadzic, fyrrverandi leiðtogi uppreisnarsveita Serba í Króatíu.



**RATKO MLADIC** Sagði ákærurnar viðbjóðslegar og vildi ekki að þær yrðu lesnar upp, hvað þá að hann vildi lýsa sig sekan eða saklausan. NORDICPHOTOS/AFP


## Sanngirnisbætur
## Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur bfyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skriflegt sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

**skólaheimilinu Bjargi og vistheimilinu Reykjahlíð**

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á skólaheimilinu Bjargi einhvern tíma á árabilinu 1965-1967 eða á vistheimilinu Reykjahlíð einhvern tíma á árabilinu 1956-1972 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20. september 2011. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. september 2011 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045.

Siglufirði 3. júní 2011
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður


Sjómannadagshelgin er nú haldin hátíðleg um allt land og uppákomur víða:

# Hefðbundin hátíðarstemning

**MANNLÍF** Sjómannadagurinn er haldinn hátíðlegur um allt land í dag og er víða skipulögð dagskrá þar sem sjósókn og sjávarútvegur eru í fyrrúmi.

Til dæmis er Hátíð hafsins haldin á Grandagarði þar sem sjá má fjöldann allan af sjávardýrum. Í Hafnarfirði eru hefðbundin hátíðarhöld með skemmtisiglingu, kappróðri og heiðrun sjómanna. Í Grindavík fer fram hátíðin Sjóarinn síkáti og verður dagskrá alla helgina líkt og á Akureyri, þar sem Einn á báti hefst í dag. Þá hófust hátíðarhöld í Fjarðabyggð á miðvikudag og verður dagskrá í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins.

Loks má geta þess að vegleg dagskrá verður í Vestmannaeyjum, þar sem í dag verður keppt í greinum eins og koddaslag og kappróðri. Á morgun verður síðan sjómannamessa og sjómenn heiðraðir á hátíðardagskrá á Stakkagerðistúni. **- þj**



**SJÓSTAKKAHLAUP** Margvíslegar uppákomur og keppnir fara fram í sjávarbyggðum í tilefni af sjómannadeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN


Óskum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn
EIMSKIP
DETTIFOSS
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is
EIMSKIP
Yfir hafið og heim

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða bandaríska flugfélag hóf beint áætlunarflug til Íslands á fimmtudag?*

2 *Hvaða Evrópuþjóð fagnar um þessar mundir 150 ára afmæli sameinaðs ríkis?*

3 *Hvað heitir Íslendingurinn í bresku rokkhljómsveitinni The Vaccines?*

**SVÖR**

*1. Delta Air Lines 2. Ítalir 3. Árni Hjörvar Árnason*

Kirkjugarðar skera niður í umhirðu og viðhaldi fasteigna og ráða færra fólk vegna fjárhagsörðugleika:

# Vilja að framlög ríkisins hækki um 30%

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Kirkjugarðasamband Íslands leggur til rúmlega 30 prósenta hækkun í fjárframlögum ríkisins á næstu tveim árum. Einingaverð verði uppfært samkvæmt samkomulagi frá árinu 2005 í tveimur áföngum með þeim hætti að framlag ríkisins næsta ár verði reiknað upp að fullu og síðan skert um þrjú prósent, líkt og boðað sé í fjárlögum þessa árs. Síðan tæki upprunalegi samningurinn gildi án skerðingar árið 2013.

Er þetta gert í ljósi bágrar fjárhagsstöðu kirkjugarða í landinu og segir Þórsteinn Ragnarsson, formaður Kirkjugarðasambandsins, ástandið farið að bitna á umhirðu garðanna, viðhaldi fasteigna, vélakaupum og færri sumarráðningum starfsfólks. Fjárþörf garðanna, sem eru 356 talsins, er talin vera um 1,1 milljarður króna, en miðað við fjárlög þessa árs veitir ríkið um 845 milljónir til kirkjugarða landsins.

„Málum var komið á góðan rekspöl árið 2005. Svo skera stjórnvöld alveg blindandi á framlögin eftir efnahagshrunið," segir Þórsteinn. „Það er verið að skera niður í starfsgrein sem var mjög vængbrotin fyrir."

Aðalfundur sambandsins var haldinn á Húsavík um síðustu helgi og segir Þórsteinn þungt hljóð almennt hafa verið í fundarmönnum. Staðan sé þó misjöfn eftir görðum landsins, en víða séu mál orðin það slæm að erfitt sé að borga prestum og iðnaðarmönnum.

Stjórn sambandsins hefur nú sent bréf til iðnaðarráðuneytisins þar sem farið er fram á að framlög til garðanna verði hækkuð um 30 prósent á næstu tveim árum. Með því myndi upphaflegt samkomulag kirkjugarðanna og ríkisins frá árinu 2005 standa, en framlög hafa lækkað um rúm 10 prósent frá árinu 2008. Aftur á móti hefur dánartala Íslendinga hækkað úr 1.987 árið 2008 í 2.017 í fyrra. **- sv**



**ÞÓRSTEINN RAGNARSSON** Rétta verður hallarekstur kirkjugarða af segir formaður Kirkjugarðasambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Ráðstefna

Tækifæri og þróun í kortanotkun

– nýjungar sem nýst geta þínu fyrirtæki.

Við vekjum athygli á ráðstefnu þar sem alþjóðlegir fyrirlesarar fjalla um allt það sem hæst ber í kortamálum í Evrópu. Þessi ráðstefna á erindi við alla þá sem vilja nýta sér þær nýjungar sem fólgnar eru í greiðslukortaviðskiptum sem tækifæri í markaðssókn.

Ráðstefnan sem er á vegum CAC Conferences, verður haldin **7. og 8. júní** næstkomandi á **Hilton Reykjavík Nordica.**

**Arion banki býður 50% afslátt af ráðstefnugjaldi.**

Dagskrá ráðstefnunnar og skráning á **arionbanki.is/radstefna**.

**Arion banki og CAC Conferences.**

Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is** eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki




**GRÆNMETISSALI Í BERLÍN** Þýska stjórnin kannar nú möguleika á að Evrópusambandið komi spænskum bændum til hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grænmetissala nánast að engu orðin víða í Evrópu:

# Grænmetisóttinn heltekur Evrópu

**ÞÝSKALAND, AP** Víða í Evrópu hafa skólar tekið allt grænmeti af matseðli mötuneyta sinna. Gúrkur hrúgast upp óseldar í verslunum og bændur segjast verða fyrir fjárhagslegu stórtjóni.

Allt þetta stafar af ótta við kólígerilinn skeinuhætta, sem dregið hefur 18 manns til bana í Þýskalandi og Svíþjóð. Nærri tvö þúsund manns hafa veikst af völdum hans.

Neytendur láta því eiga sig að leggja sér grænmeti til munns, í öryggisskyni að minnsta kosti.

„Sjóðið það eða borðið það ekki," sagði nýrnasérfræðingurinn Rolf Stahl á blaðamannafundi í Hamborg í gær. „Það er mín persónulega ráðlegging."

Flestir þeirra sem veiktust segjast hafa snætt grænmeti stuttu síðar. Ekki er vitað úr hvaða grænmeti gerillinn barst í fólk, en framan af var hann talinn hafa borist með gúrkum frá Spáni.

**18** eru látnir í Þýskalandi og Svíþjóð eftir matareitrun sem rakin hefur verið til kólígerilssmits á grænmeti. Nær tvö þúsund manns hafa veikst af völdum gerilsins.

Spænskir bændur eru æfir og vilja bæði skýringar og skaðabætur frá Þjóðverjum, sem töldu sig geta fullyrt að gerillinn hafi borist frá Spáni. Nú, þegar ljóst er að spænsku gúrkurnar áttu ekki hlut að máli, segist Angela Merkel Þýskalandskanslari ætla að kanna hvort Evrópusambandið geti komið spænskum bændum til hjálpar. **- gb**


Korfu

Ótrúlegt verð!

49.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

7. - 18. júní.

Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.

*Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 55287 06/11



Ofursumar hjá Nova!
3.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mán. fylgir iPhone 4 hjá Nova!
2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
6.990 kr. /18 mán.
iPhone 4 (16 GB)*
3.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
*Hvítur iPhone: +5.000 kr. útborgun.
Svartur iPhone stgr.: 124.990 kr.
Hvítur iPhone stgr.: 129.990 kr.
4.990 kr. /18 mán.
LG Optimus Black
2.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 79.990 kr.
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir vinsælustu farsímunum!
Vinsælustu farsímarnir hjá Nova!
2.690 kr. /12 mán.
LG Optimus Me
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 29.990 kr.
2.890 kr. /12 mán.
Nokia X3-02
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 32.990 kr.
3.490 kr. /12 mán.
LG Opmtimus One
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 39.990 kr.
3.790 kr. /12 mán.
Nokia C5-03
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 42.990 kr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Farsímatilboð Nova: Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.
DAGUR & STEINI




Á fimmta hundrað taka þátt í heræfingunni Norðurvíkingi sem nú er hafin:

# Kostar íslenska ríkið 29 milljónir

**VARNARMÁL** Á fimmta hundrað erlendra hermanna eru komnir til landsins til að taka þátt í heræfingunni Norðurvíkingi, sem hófst í gær. Kostnaður við æfinguna er áætlaður um 29 milljónir króna.

Þær erlendu þjóðir sem taka þátt í æfingunni greiða nær allan kostnað sjálfar. Kostnaður íslenskra stjórnvalda er vegna gistingar og matarkaupa fyrir hermennina, og rennur því til þjónustufyrirtækja á Suðurnesjum.

Unnið var hörðum höndum að því að undirbúa æfingar í lofti og á legi í gær, en eiginlegar æfingar hefjast ekki fyrr en eftir helgi, segir Hrafnhildur Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, sem sér um æfinguna.

Alls taka sextán orrustuþotur, þrjár eldsneytisvélar, tvær fjarskiptaflugvélar og þrjú varðskip þátt í æfingunni. Um 450 manns taka þátt. Á æfingunni verður megináhersla lögð á æfingar í lofti og á sjó.

Æfingin sem nú er hafin er þriðja heræfingin sem haldin er hér á landi frá því bandaríska varnarliðið hvarf af landi brott árið 2006. **- bj**



**ÆFING** Norðurvíkingur fer fram undir stjórn Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna en Landhelgisgæslan hefur umsjón með æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skorað á umboðsmann:

## Vilja samræma útreikning lána

**EFNAHAGSMÁL Hagsmunasamtök heimilanna hafa skorað á embætti Umboðsmanns skuldara að krefja fjármálafyrirtæki um úrbætur á endurútreikningum ólöglegra gengistryggðra lána.**

**Samtökin vilja láta koma því þannig fyrir að fjármálafyrirtækin styðjist við samræmda aðferð við endurútreikning lána.**

**Einnig vilja samtökin að umboðsmaður gangi úr skugga um hvort fyrirtækin hafi haft fé af skuldurum með ólöglegri innheimtu lánanna og krefjast úrbóta, hafi svo verið.**

**Þá skora samtökin á Alþingi að afnema núgildandi lög um endurútreikning erlendra lána vegna alvarlegra meinbuga sem samtökunum þykja vera á þeim lögum. - þj**



**FISKVEIÐAR** Sjávarútvegsráðherra hefur nú lagt fram bæði frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# Stærra frumvarpið lagt fram á þingi

**Sjávarútvegsráðherra lagði í gær fram stærra frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða. Ráðherra segir meðalhófs gætt í tillögugerð.**

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mælti á Alþingi í gær fyrir hinu stærra af tveimur frumvörpum ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

„Frumvarpið hefur í för með sér grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða en gætt er meðalhófs í allri tillögugerð og tekið tillit til mismunandi sjónarmiða í þessum efnum," sagði Jón í ræðustól á þingi og síðar: „Meginatriði lagafrumvarpsins eru eftirfarandi. Að áfram verði lögfest að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum og óheimilt verði að selja auðlindina eða láta varanlega af hendi."

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði vekja athygli hve litla áherslu Jón legði á hagkvæmni í veiðum og því hverju veiðar við Ísland skiluðu þjóðarbúinu. Þá spurði Bjarni hvaða réttlæti fælist í því að þeir sem hefðu á grundvelli núgildandi laga keypt til sín aflaheimildir þyrftu núna í stórfelldum mæli að sæta skerðingu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði alla sammála um það að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum væru sameign þjóðarinnar.

> Frumvarpið hefur í för með sér grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða en gætt er meðalhófs í allri tillögugerð og tekið tillit til mismunandi sjónarmiða í þessum efnum.
>
> **JÓN BJARNASON** SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Hann sagði síðan ekki sjást á fyrirliggjandi frumvarpi að tryggja ætti rekstrargrundvöll greinarinnar þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis. Þá gagnrýndi hann að ekki lægi fyrir mat á áhrifum frumvarpsins og óvissuna um hvað tæki við þegar þeim 23 ára gildistíma lyki sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þar með hafa bæði frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verið lögð fram á þingi. Minna frumvarpið, sem rætt hefur verið um undanfarna daga, snýr að breytingum á núgildandi lögum. Leggur ríkisstjórnin áherslu á að klára það mál áður en þingi verður slitið. Þegar og ef stærra frumvarpið verður samþykkt mun hið minna hins vegar falla úr gildi, en stærra frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á kvótakerfinu. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi en klára á fyrstu umræðu svo hægt sé að senda það til umfjöllunar í nefnd.

magnusl@frettabladid.is




CASTELGARDEN
Rafmagnssláttuvélar
Bensínorf
Rafmagnsorf
Atvinnumannasláttuvélar
Bensínsláttuvélar
laugardag og sunnudag
Tækja Tilboðsdagar
15% til 20% afsláttur af öllum tækjum
Combi-system
einn mótor tengist í mörg tæki
STIHL®
tæki fagmannsins
FS-KM Sláttuorf
HL-KM Limgerðisklippa
HT-KM Keðjusög
KB-KM Sópur
BF-KM Jarðvegstætari
FCB-KM Kantskeri
Hekkklippur
Sláttu-orf
Steinsagir
Afsláttur er af öllum Webergrillum og aukahlutum
weber
Fyrir vandláta...
Stjúpur | Alísur | Fjólur | Silfurkambur | Flauelsblóm
Tilboð
20 stjúpur í bakka
1.950kr
Tilboð
10 sumarblóm í bakka
995kr
GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 19ÁR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umhverfisvænt eldsneyti skiptir sköpum fyrir umhverfið og efnahaginn.

## Nýir valkostir

Aðeins liðlega hálft prósent bílaflota landsmanna gengur fyrir öðru eldsneyti en bensíni og dísilolíu eða rétt rúmlega eitt þúsund bílar.

Þar af er meira en helmingurinn svokallaðir tvinnbílar sem knúnir eru bæði bensíni og rafmagni, því næst koma metanbílar sem ýmist ganga eingöngu fyrir metani eða bæði fyrir metani og bensíni. Þá eru ótaldir sextán vetnisbílar og tíu rafmagnsbílar.

Þessar tölur gefa vissulega ekki beinlínis tilefni til bjartsýni um vistvæðingu orkunnar sem samgöngutæki okkar ganga fyrir. Þó eru teikn á lofti um að undirbúningsvinna undangenginna ára sé að skila einhverjum árangri á þessu sviði.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Fyrir nokkrum vikum var frá því greint hér í Fréttablaðinu að Fyrirtækið Metanorka stefndi að því að setja hér á fót metanorkuver í samstarfi við Stjörnugrís. Í orkuverinu yrði úrgangur frá svínabúinu að Melum í Melasveit nýttur til framleiðslu á metangasi, úrgangur sem að öðrum kosti nýtist ekki og er í raun heldur til trafala. Framleiðslugeta búsins á að vera næg til að uppfylla ársnotkun eitt þúsund meðalstórra fjölskyldubíla.

Í þessari viku var greint frá öðru verkefni þar sem unnið er að sama markmiði, að draga úr notkun óendurnýjanlegrar orku til að knýja samgöngutæki. Verið er að reisa metanólverksmiðju á Reykjanesi á vegum nýsköpunarfyrirtækisins Carbon Recycling International en á vegum þess fyrirtækis hefur verið þróuð aðferð til að framleiða vistvænt eldsneyti. Í verksmiðjunni á að vinna metanól úr gufum sem fást úr túrbínum orkuversins í Svartsengi. Metanólinu á að blanda í bensín, fyrst í stað í svo litlu magni að hægt verður að nota blönduna á venjulegar bílvélar. Hugsanlegt er að að blandan komi á markað strax í haust.

Það er meira en að segja það að bylta orkunotkun bílaflotans. Til þess að hægt sé að skipta um orkugjafa þarf nýja orkan að vera aðgengileg og hver áfylling verður að geta knúið farartækið hundruð kílómetra. Til þess að hagkvæmt sé að setja upp áfyllingarstöðvar nýrrar orku þarf aftur nokkurn fjölda bíla sem gengur fyrir orkunni.

Þarna liggur ákveðin hindrun. Svo virðist þó sem við færumst hægum skrefum nær því að vistvæn, eða í það minnsta vistvænni, orka verði aðgengilegur valkostur. Í þessari þróun þurfa neytendur líka að átta sig á því hvað er í húfi og taka nýju orkunni opnum örmum.

Verkefnið er brýnt. Svo mikið er víst. Þar sem fátt fólk býr á stóru landsvæði er ljóst að alltaf mun þurfa að nota mikla orku í samgöngur. Þess vegna er afar brýnt að þróa nýja valkosti í eldsneytismálum. Hvort tveggja skiptir þar máli, að þróa valkost sem er umhverfinu vinsamlegri en sú óendurnýjanlega og umhverfisspillandi orka sem við notum nú, og hitt að ná að framleiða hér eldsneyti sem þegar upp er staðið verður ódýrari valkostur en innflutt olía og bensín því eftir því sem á þær birgðir gengur mun verðið hækka og svo halda áfram að hækka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

TILBOÐ Á HÁRSNYRTIVÖRUM

25% AFSLÁTTUR

...til 20. júní




MARIA NILA - I CARE

**Frábærar hársnyrtivörur á mjög góðu verði.**

Sjampó fyrir daglega notkun, sjampó sem gefur meiri fyllingu, sjampó fyrir liðað hár, flösusjampó, næring, djúpnæring, hársprey og hárfoða.

**Sölustaðir eru m.a.: Lyfja, Lyfjaver, Lyfjaval, Árbæjarapótek, Reykjavíkurapótek, Laugarnesapótek, Apótek Vesturlands**




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Gerska ævintýrið í nýrri útgáfu

Pólitísk réttarhöld eru þekkt í sögunni. Mynd þeirra er margvísleg. Eitt eiga þau þó sameiginlegt. Það er smánarbletturinn sem þau setja á þær þjóðir sem hlut eiga að máli. Fyrstu pólitísku réttarhöld íslenska lýðveldisins hefjast í næstu viku. Það eru réttarhöld Steingríms Jóhanns Sigfússonar fjármálaráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra gegn Geir Haarde.

Sérstakur saksóknari Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar hefur þegar opnað vefsíðu á kostnað skattborgaranna til þess að koma málstað flokkanna sem að ákærunni standa á framfæri. Það er nýmæli í íslenskri réttarsögu en um leið rökrétt birtingarmynd pólitískra réttarhalda.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Sá sem einn sætir ákæru vegna pólitískrar stöðu sinnar á að sjálfsögðu ekki aðgang að peningum skattborgaranna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þeim átökum sem boðuð eru með opnun ákærusíðunnar. Frjáls framlög þeirra sem trúa á réttarríkið verða að sama skapi mikilvægari í þessari málsvarnarbaráttu. Augljóst er að ríkisvaldið ætlar ekki að spara peninga skattborgaranna fyrir ákærumálstað þeirra flokka sem reka málið.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir afdráttarlaust að ekki hafi verið unnt að koma í veg fyrir fall bankanna eftir 2006. Flokkar Steingríms Jóhanns Sigfússonar fjármálaráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra ákváðu hins vegar að ákæra Geir Haarde einan úr hópi þeirra sem pólitíska ábyrgð báru árið 2008 fyrir að hafa ekki gert það sem rannsóknarnefndin taldi ógerlegt.

## Býsnanir út af ranglæti

Niðurstöður rannsóknarnefndarinnar verða hvorki sannaðar né afsannaðar með vísindalegum aðferðum eða lagarökum. Sama er um mat fyrrverandi forsætisráðherra á aðstæðum árið 2008. Kjarni málsins er sá að réttarhöldin snúast um mat á aðstæðum sem menn axla pólitíska ábyrgð á í lýðræðisríkjum en eru fundnir sekir fyrir þar sem önnur gildi eru æðri.

Réttarhöld Stalíns gegn Búkharín á ofanverðum fjórða áratug síðustu aldar eru þekkt dæmi um pólitískan málarekstur. Þeim verður alls ekki í einu og öllu jafnað til þeirra réttarhalda sem hefjast í næstu viku, af þeirri ástæðu að þar markaði dauðinn endalokin. Þau réttarhöld spunnust þó inn í íslensk stjórnmálaátök og íslenskar bókmenntir enda var Halldór Laxness viðstaddur.

Hann skrifar um þau í Gerska ævintýrinu og segir: „Sú lifandi mynd baráttunnar milli pólitískra höfuðafla ... er svo skyld náttúruöflunum sjálfum að atriði eins og siðferðileg eða lögfræðileg „sekt" samsærismannanna, eða sú persónulega refsing sem beið þeirra, verða í raunréttri smámunir sem ekki freista til kappræðu. Þegar svo djarft er teflt um örlög 170 miljón manna, og raunar als heimsins, einsog blökkin gerði, þá fara ræður um „sekt" að fá býsna smáborgaralegan hljóm, sömuleiðis býsnanir útaf réttlátum eða ránglátum aftökum." Þetta viðhorf endurspeglaðist á Alþingi við lokaafgreiðslu ákærumálsins gegn Geir Haarde meira en sjö áratugum síðar. Þá hafði runnið tvær grímur á nokkra stjórnarþingmenn. Af því tilefni flutti formaður ákærunefndarinnar lokaræðu með þeirri brýningu að stjórnarþingmönnum væri skylt að greiða atkvæði með ákæru því að um málið hefði verið samið í stjórnarsáttmála. Með öðrum orðum: Smáborgaralegar hugsanir um sekt eða réttlæti í nútíma réttarskilningi hlutu að víkja fyrir æðri gildum eins og stjórnarsáttmála Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar.

## Er Skáldatími úr sögunni?

Aldarfjórðungi eftir útkomu Gerska ævintýrisins skrifaði Halldór Laxness Skáldatíma. Þar birtast réttarhöldin í öðru ljósi: Sakborningarnir voru þvældir endalaust af yfirsaksóknara ríkisins, sakaðir um heimssögulega en að sama skapi þokukennda glæpi.

Síðan segir Halldór Laxness: „Þegar höfuðandskotinn Búkharín var afþveginn sökum nú fyrir skemstu, eftir að hafa verið dauður í tuttugu og fimm ár, þá var sagt í hinu dauflega orðaða uppreisíngarskjali æru hans að hann hefði ekki gert sig sekan um neinn glæp, heldur aðeins haft skoðun á stjórnmálum smávegis öðruvísi en einhverjir aðrir menn."

Erfitt er að gera sér ímynd af Íslandi án Skáldatíma. Þó má ganga út frá því sem vísu að Ísland væri snauðara í andlegum efnum ef hann hefði aldrei orðið til. Halldór Laxness er svo samofinn þjóðinni að Skáldatími var nauðsynlegur fyrir samvisku hennar.

Þegar saksóknari Steingríms Jóhanns Sigfússonar og Jóhönnu Sigurðardóttur hefur málarekstur sinn í næstu viku eru liðin fjörutíu og átta ár frá útkomu Skáldatíma. Því er ástæða til að spyrja: Lýtur Ísland forystu fólks sem ekki meðtók það sem þar er skrifað? Eða er Skáldatími úr sögunni?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



„Uppbygging atvinnulífsins skiptir miklu máli.“





**Beina brautin**

# Arion banki
## hefur boðið öllum fyrirtækjum úrlausn

**470** fyrirtæki í viðskiptum við **Arion banka** hafa fengið tilboð um úrlausn. Með því hefur bankinn treyst grundvöll mörg hundruð starfa.

Markmið stjórnvalda með Beinu brautinni var að öll fyrirtæki sem uppfylltu skilyrði fengju tilboð um úrlausn fyrir **1. júní**.

**Arion banki** hefur gert öllum þeim fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við bankann og falla undir skilyrði Beinu brautarinnar tilboð um úrlausn. Það **skiptir** máli – og af því erum við hjá **Arion banka** stolt.

Það er ekki einungis mikilvægt fyrir fyrirtækin sjálf og starfsmenn þeirra heldur ekki síður mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að fyrirtækin séu laus við óvissu og geti starfað af krafti, sjálfsöryggi og geti gert áætlanir til framtíðar.



„Það skiptir máli að geta horft fram á veginn.“





Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54893 05/11

# GLÆSILEG TILBOÐ

- 25% afsláttur af öllum klútum — Accessorize
- 30% afsláttur af öllum vörum — adams kids
- 20% afsláttur af öllum vörum — Bata Skóverslun Smáralind
- 35% afsláttur af liljum / 20% afsláttur af ilmkertum — BJARKARBLÓM
- 30% afsláttur af sandölum og sumarskóm — BOSSANOVA
- 2.000 kr. afsláttur af öllum gallabuxum — BLEND
- 20% afsláttur af silfurskartgripum / Trúlofunar- og giftingarhringar 70.000 kr. verð áður 89.900 kr. — CARAT
- 3 FYRIR 2 af snyrtivörum (ekki MAC) — DEBENHAMS
- 20% afsláttur af buxum — DOROTHY PERKINS
- 10% afsláttur af leðurjökkum — Drangey
- 20% afsláttur af öllum vörum — D.
- 20% afsláttur af öllum vörum — DÝRABÆR
- Tvennar gallabuxur á 9.990 kr. — evans.
- 20% afsláttur af kiljum & verkefnabókum f. börn / 30% afsláttur af amerískum blöðum / 15% afsláttur af ferðatöskum — Eymundsson
- 30% afsláttur af völdum vörum og fleiri góð tilboð — galleri sautján
- 20% afsláttur af öllum herrabolum / 20% afsláttur af öllum sandölum / 20% afsláttur af herragallabuxum — HAGKAUP
- 40% afsláttur af völdum töskum — HYGEA
- 20% afsláttur af öllum vörum / 99 kr. tilboðsborð — It's in a bucket
- Hettupeysur 3.990 kr. / Gallabuxur 7.990 kr. / 2 boxer 2.990 kr. — JACK & JONES
- 20% afsláttur af öllum toppum — jane norman
- 10% afsláttur af öllum vörum — JOE BOXER
- 20% afsláttur af völdum vörum — Kaupfélagið skór.is
- 30% afsláttur af völdum undirfötum — La SENZA
- 20% afsláttur af töskum — Leonard
- 20% afsláttur af öllum vörum — Levi's
- 20% afsláttur af snyrtivörum Clarins, Clinique, Sothy´s, Maybelline, Loréal og Gosh / Sérfræðingar á staðnum — LYFJA
- 35% afsláttur af SPA vörulínu / 20% afsláttur af ilmvötnum — MAKE UP STORE
- 2 FYRIR 1 af öllum leikföngum — MegaStore
- 20% afsláttur af völdum vörum — name it.
- SKÓLATÖSKUTILBOÐ fjögur verð 590 - 1.990 2.990 - 3.990 / 20% afsláttur af pennaveskjum — Office1
- 25% afsláttur af öllum kjólum — oasis
- 20% afsláttur af öllum keyptum gleraugum (umgjörð og gler) — Optical Studio SMÁRALIND
- 20% afsláttur af öllum kjólum og herraskyrtum — ORGINAL
- afnemum VSK af öllum umgjörðum — PLUSMINUS OPTIC
- 15% afsláttur af Adidas vörum — retro
- Gallabuxur 7.990 kr. Verð áður 10.900 kr. / Hettupeysur 4.990 kr. Verð áður 6.990 kr. / Sumarskyrtur 4.990 kr. Verð áður 6.990 kr. / Sumarfrakki 11.900 kr. Verð áður 16.900 kr. — SELECTED
- 30-50% afsláttur af völdum vörum — SMASH
- 20% afsláttur af völdum vörum — ecco STEINAR WAAGE
- 25% afsláttur af öllum vörum — THE BODY SHOP
- 25% afsláttur af töskum, skóm og skarti — TOPSHOP
- 20% afsláttur af öllum vörum — UNITED COLORS OF BENETTON
- 20% afsláttur af barnasportfatnaði frá Nike, Adidas og Puma — ÚTILÍF
- 50% afsláttur af völdum vörum / 20% afsláttur af nærfatnaði — VERO MODA
- 30-60% afsláttur af völdum vörum — VILA CLOTHES
- 20% afsláttur af völdum vörum — ZAY ZAY
- 30% afsláttur af basic bolum auk annarra tilboða — ZIK ZAK
- 30% afsláttur af öllum vörum — Zink
- 20-50% afsláttur af völdum vörum

- 30% afsláttur af ½ steikarsamloku bearnaise m. frönskum kartöflum / 2 FYRIR 1 kaffi & marengsterta — ADESSO
- 30% afsláttur af völdum vörum — TE & KAFFI
- Friday´s World Famous Bacon Burger 1.190 kr. Verð áður 1.690 kr. — T.G.I. FRIDAY'S In here, it's always Friday.

# HELGINA 3. - 5. JÚNÍ

Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000


STÓRI LUKKUPOTTURINN
Fylltu út þátttökuseðil í júní og freistaðu gæfunnar. Aðalvinningurinn er:
· Afnot af fellihýsi í júlí og ágúst frá Víkurverki
· 30.000 kr. bensíninneign hjá Atlantsolíu
· 50.000 kr. matarúttekt hjá Hagkaup
Smáralind
Sjáumst í Sumarfjöri
Í dag kl.15-16
SIRKUS ÍSLAND
Trúðar á stultum og minnsta hjóli sem sést hefur koma í heimsókn
Í DAG KL. 14
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
Stjörnunar Li'l C og Legacy mæta á svæðið ásamt fríðu föruneyti dansara frá DanceCenter Reykjavík
JACK & JONES
VERO MODA
SELECTED
name it
VILA
vodafone
FYLLTU ÚT ÞÁTTTÖKUSEÐIL
um helgina og þú gætir unnið
· LG Optimus Black snjallsíma frá Vodafone
· 70.000 kr. inneign hjá Vero Moda, Jack & Jones, Vila, Selected og Name It
· 3X dansnámskeið hjá DanceCenter Reykjavík

# Það vantar ekki stefnu – það vantar vilja

Áfengis- og vímuefnamál

Gunnar Smári Egilsson
formaður SÁÁ



Af opinberri umræðu í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um unga rítalínfíkla og læknadóp mætti ætla að algjört stefnuleysi ríkti á Íslandi í málum ungra fíkniefnaneytenda. Sú er ekki raunin. Þvert á móti er hér rekin skýr og skilvirk stefna í meðferðarmálum ungra fíkla á vegum SÁÁ og þessi stefna hefur skilað árangri sem er bæði sýnilegur og góður.

Þegar unglingadeild SÁÁ var opnuð um síðustu aldamót var biðlistum ungra fíkla eftir vímuefnameðferð eytt. Ungt fólk nýtur nú alltaf forgangs að meðferð. Allir sem vilja hjálp fá hana.

Árangurinn af þessu hefur orðið sá að um aldamótin komu árlega rétt tæplega 300 einstaklingar 19 ára og yngri á Vog en þeir eru nú rétt rúmlega 200. Um aldamótin voru þessi ungmenni innrituð samtals um 450 sinnum. Innritanir þessa hóps eru í dag um 300. Um aldamótin komu tæplega 200 einstaklingar 19 ára og yngri í fyrsta skipti á Vog en ungir fíklar sem koma í fyrsta skipti í dag eru um 130. Allar eru þessar tölur á réttri leið; niðurleið.

Ef horft er sérstaklega til ungra sprautufíkla þá höfðu um aldamótin um 65 sjúklingar 19 ára eða yngri, sem lögðust inn á Vog í fyrsta skipti, sprautað sig í æð. Í dag er þessi tala komin niður í 25.

Þessi þróun er ekki tilviljun. Hún er afleiðing af bættu aðgengi ungmenna að meðferð. Hún er afrakstur af unglingameðferð SÁÁ.

**Meðferð gengur best í blönduðum hópi**

Unglingameðferð SÁÁ er rekin á sjúkrahúsinu Vogi. Í umræðunni í kjölfar umfjöllunar Kastljóss hefur mátt greina enduróm af gagnrýni á þá ráðstöfun; að ungir krakkar geti spillst af samvistum við eldra fólk í meðferð. Þessi tilhögun er hins vegar hvorki tilviljun né tilkomin vegna rekstrarlegrar hagræðingar. Hún er hluti af meðferðarstefnunni. Það er trú starfsmanna SÁÁ að meðferð ungmenna skili betri árangri þegar ungmennin blandast hópi fólks af ólíkum aldri og með mismunandi bakgrunn. Það ber vott um fordóma að sjá fyrir sér sjúklingahóp Vogs sem harðsvíraða glæpamenn eða illmenni. Sjúklingahópurinn samanstendur af allskyns fólki; meðal annars mæðrum og feðrum, öfum og ömmum; og bakgrunnur þessa fólks er um flest líkur þverskurði samfélagsins.

Það er mat þeirra sem stýra unglingameðferð SÁÁ að meðferð í einslitum hópi ungmenna á sama aldri skili lakari árangri. Slíkir hópar geta verið veikur stuðningur fyrir krakka sem eru illa farnir af einelti og átökum í sínum jafnaldrahópi. Það er af þessum ástæðum sem SÁÁ kaus að hafa unglingameðferð sína á Vogi.

Unglingameðferð SÁÁ byggir á stuttum innlögnum og langvarandi göngudeildarmeðferð í samvinnu við fjölskyldu hans. Markmiðið er að fjölskyldan taki fullan þátt í meðferðinni. Eftir áratugarstarf hefur skapast mikil reynsla af þessu starfi og mikil hæfni meðal starfsfólksins. Sú uppbygging er ekki þrotlaus vinna og puð heldur gleðileg afleiðing af bata sjúklinganna. Þótt ég hafi tilgreint tölur til að sýna árangurinn af starfi unglingadeildarinnar þá eru að baki þeim einstaklingar sem hafa aftur fundið fótfestu og náð að blómstra í sínu lífi.

**Enginn sprautufaraldur í grunnskólum**

En því miður á það ekki við um alla. Ótímabær dauðsföll ungra fíkla eru mörg – alltof mörg. Sumir ná sér heldur ekki á strik, nema þá í stuttan tíma, og falla aftur og aftur niður í sama farið. Þunginn af vinnu SÁÁ vegna sprautufíknar er ekki vegna mjög ungra fíkla heldur fíkla sem eru að nálgast miðjan aldur og eru illa farnir bæði líkamlega og andlega. Með því að sinna þessu fólki vel – nú síðast með þróun viðhaldsmeðferðar amfetamín- og rítalínfíkla í samvinnu við NIDA, fíkniefnarannsóknarstofnunar Bandaríkjanna – er ekki aðeins mögulegt að hjálpa þessu fólki til betra lífs heldur dregur úr neikvæðum félagslegum áhrifum þess í samfélaginu – þar með talin áhrif á unga fíkla.

Flestir sem eru í unglingameðferð hjá SÁÁ eru komnir undir tvítugt. Aldurshóparnir 17-19 ára eru fjölmennastir. Það koma 16 ára krakkar til meðferðar og jafnvel 15 ára en það er fátítt. Yngsta fólkið sem hefur komið til meðferðar á Vogi hefur verið 14 ára.

Miðað við umræðuna að undanförnu kann þetta að koma einhverjum á óvart. Á það ber hins vegar að líta að það er ákaflega fátítt að krakkar undir 16 ára aldri hafi þróað með sér áfengis- eða vímuefnasjúkdóm. Og það er ekki alltaf gefið að þótt krakkar á grunnskólaaldri neyti vímuefna að þeir hafi þróað með sér fíknisjúkdóm. Fíkniefnaneysla getur á þessum árum verið hluti af og afleiðing hegðunarvandræða frekar en orsök vandans.

Af þessum sökum hefur SÁÁ litið svo á að það sé Barnaverndarstofu að þjónusta þennan hóp. SÁÁ er hins vegar tilbúið að taka við öllum þeim krökkum sem skilgreind eru sem áfengis- eða vímuefnasjúklingar og vinna með og miðla til Barnaverndarstofu með öllum hætti reynslu og þekkingu samtakanna á sjúkdóminum og meðferð við honum.

> Lítil og veik félög og illa grundaðir einstaklingar hafa fengið fjármagn til rekstrar þrátt fyrir að hafa engan þrótt til að veita boðlega þjónustu eða halda henni úti.

En þótt þarna megi benda á óleystan vanda þá er það ekki svo að við þurfum að bregðast við sprautufaraldri meðal grunnskólabarna. Það væri hryggilegt ef umræða undanfarinna daga leiddi til þess að hér risi upp krafa um einhvers konar unglingafangelsi þar sem börn yrðu sett í nauðarvistun mánuðum og árum saman. Þótt einhver kunni að telja það eðlileg viðbrögð, að fjarlægja vandann úr samfélaginu, þá hverfur vandinn ekki við það og eins eru jafnharkalegt ofbeldi og langtíma frelsissvipting óafsakanlegt gagnvart þeim börnum sem í hlut eiga.

**Forvarnir til þeirra sem eru í mestri hættu**

SÁÁ hefur óskað eftir stuðningi stjórnvalda til að reka markvissar forvarnir en ekki uppskorið þá fjármuni sem samtökin hafa væntst. Forvarnir gegn öllum sjúkdómum eiga fyrst og fremst að beinast að þeim sem eru í mestri hættu. Og það er ljóst af rannsóknum á gagnagrunni SÁÁ að sá hópur barna sem er í mestri hættu að þróa með sér áfengis- og vímuefnafíkn eru börn alkóhólista. SÁÁ hefur þegar hafið starf við að nálgast þennan áhættuhóp áður en hann hefur neyslu og vinna með honum og fjölskyldum hans að því að auka vitund barnanna um áhættuna og kenna þeim að bregðast við henni. SÁÁ hefur líka óskað eftir opinberum stuðningi við eflingu foreldrahæfni áfengis- og vímuefnasjúklinga.

Í flugvélum er okkur kennt að setja súrefnisgrímuna fyrst á okkur sjálf og áður en við hjálpum börnunum. Það sama á við um aðgerðir vegna vímuefnaneyslu. Það er því ómissandi þáttur í forvörnum gagnvart börnum að tryggja foreldrakynslóðinni greiðan og hindrunarlausan aðgang að meðferð. Með því að tryggja foreldrum meðferð stóraukum við lífsgæði barnanna og drögum úr áhættu á að þau þurfi að ganga í gegnum sömu þrautagöngu og foreldrarnir.

**Unglingameðferð liður í heildrænni stefnu**

Þetta er stefna SÁÁ gagnvart áfengis- og vímuefnavanda ungmenna og barna. Hún liggur í verkum samtakanna og starfi.

Þrátt fyrir fjársvelti reka samtökin unglingameðferð sem skilar árangri. Þau halda úti markvissum forvörnum og gætu stóreflt þær ef til þess fengist meiri stuðningur. Samtökin hafa byggt upp viðhaldsmeðferð eldri sprautufíkla sem hefur dempandi áhrif á vöxt samfélags sprautufíkla. Og samtökin hafa reynt að verja þá meðferð sem foreldrakynslóðin þarf – þrátt fyrir margendurtekinn niðurskurð undanfarinna ára. Sá niðurskurður hefur gengið svo nærri starfsemi SÁÁ að ef hann gengur ekki til baka við næstu fjárlagagerð er hætt við að einhverjar stoðir þessarar árangursríku stefnu bresti. Og ef það gerist er raunveruleg hætta á að allt þetta viðkvæma starf falli saman. Það var þetta sem fráfarandi formaður SÁÁ, Þórarinn Tyrfingsson, átti við þegar hann sagði hættu á að við værum að færast þrjátíu ár aftur í tímann í meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga á Íslandi.

> Það er trú starfsmanna SÁÁ að meðferð ungmenna skili betri árangri þegar ungmennin blandast hópi fólks af ólíkum aldri og með mismunandi bakgrunn.

**Glundroðinn er hjá yfirvöldum**

En á þá almenn tilfinning fyrir glundroða í þessum málaflokki enga stoð í raunveruleikanum?

Jú, því miður, þá er þessi tilfinning að sumu byggð á réttu mati. Það er auðvitað ekkert annað en glundroði að á sama tíma og SÁÁ og öðrum sem fást við meðferð vímuefnasjúklinga er gert að sæta harkalegum niðurskurði skuli hvolfast yfir fíkniefnamarkaðinn vímuefni ávísuð af læknum og niðurgreidd af skattborgurum. Heildarkostnaður ríkisins af niðurgreiðslum á rítalíni er nálægt 550 milljónum króna og hefur hækkað um 75-100 milljónir króna á ári mörg undanfarin ár.

SÁÁ hefur margsinnis birt opinberlega viðvaranir vegna þessa rítalínsfaraldurs – því miður fyrir daufum eyrum. Það lýsir engu öðru en stjórnleysi að stjórnvöld hafi ekki brugðist við fyrr en málið kemur til umfjöllunar í fréttum Ríkisútvarpsins.

Á umliðnum árum hefur það einnig gerst að með fjárveitingum hefur ríkisvaldið hleypt af stokkunum eða styrkt starfsemi sem ætlað er að sinna heilbrigðisþjónustu gagnvart áfengis- og vímuefnasjúklingum, sem stenst engar kröfur. Lítil og veik félög og illa grundaðir einstaklingar hafa fengið fjármagn til rekstrar þrátt fyrir að hafa engan þrótt til að veita boðlega þjónustu eða halda henni úti. Það þarf sterkan faglegan grunn, vísindalegar undirstöður og sterka fjárhagslega innviði til að veita góða heilbrigðisþjónustu til langs tíma. Litlar og veikar einingar koðna undan þessari ábyrgð og skiptir þá engu hversu vel meinandi fólk er í upphafi. Það er því ábyrgðarhlutur af stjórnvöldum að setja svona starfsemi á flot; starfsemi sem getur ekki endað öðruvísi en illa.

**Það þarf að fylgja stefnunni – ekki endurskoða hana**

Málflutningi SÁÁ er oft tekið eins og hann sé hagsmunagæsla og að SÁÁ sé hagsmunaaðili. En SÁÁ eru ekki hagsmunasamtök. Þau eru ekki að reyna að ná til sín neinum gæðum, neinum kvóta, lífeyri eða framfærslu. Þvert á móti berjast SÁÁ fyrir því að sjúklingarnir komi undir sig fótunum, þiggi minna af ríkinu og borgi hærri skatta. Greiningu SÁÁ á vandanum og tillögur til úrbóta ber því að skoða sem það sem þær eru; mat og tillögur byggðar á bestu undirstöðunum og mestu reynslunni.

Í stjórnmálalegu umróti er gott til þess að hugsa að stjórnvöld þurfa ekki endurskoða stefnu í áfengis- og vímuefnameðferð. Stjórnvöld ættu því að láta af tilraunastarfsemi og leggja lið þeim sem hafa sýnt að þeir geti rekið hér trausta stefnu í áfengis- og vímuefnamálum á umliðnum þremur áratugum.

Í áfengis- og vímuefnamálum vantar ekki stefnu – það vantar vilja til að fylgja henni.




„Ég náði 30% árangri á þremur vikum". Þorleifur er hættur að nota gleraugu að staðaldri.

„Námskeiðið kenndi mér fyrst og fremst að það verður að þjálfa augun eins og allt annað". Elsa losaði sig við margskipt gleraugu.

„Námskeiðið var skemmtilegt og mér finnst ótrúlegt að hafa aldrei heyrt af sjónþjálfun áður". Stefanía losnaði við gleraugun.

Njóttu þess að laga sjónina á skemmtilegu námskeiði með Leo Angart

- Birgir 820 22 23
- Hafsteinn 823 29 26
- Guðmundur 694 59 87

Tveggja daga sjónþjálfunarnámskeið
- Þri. 7. júní og fim. 9. júní frá kl. 17-22
- Sjá nánar á http://www.NySyn.is

Árangur þátttakenda frá fyrra námskeiði:
- 96% heildarþátttakenda trúa því að sjónþjálfun skili árangri.
- 80% þeirra sem gerðu æfingar reglulega eru búnir að losa sig við gleraugun.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17



# „Norðurvíkingur“ og stórveldaásælnin á norðurslóðum

Norðurslóðir

Þórarinn Hjartarson
formaður Samtaka hernaðarandstæðinga á Norðurlandi



Liðaskipting heimsvelda nútímans er ljós. USA og ESB eru saman í liði þrátt fyrir samkeppni og átök þeirra á milli (og innan ESB). Þau eru meginbandamenn og mynda járnslegna blokk, sameinaða í NATO, blokk sem stendur nær miðstýrðum heimsyfirráðum en nokkurt stórveldi sögunnar. NATO var breytt í hnattrænt, útrásarhneigt bandalag um aldamótin. Blokkin ógnar keppinautum sínum (Rússar og Kínverjar þar helstir) og líður ekki mótþróa smáríkja sem liggja á mikilvægum svæðum: Afganistan, Írak, Líbýa. Þessi stríð eru ekki „strákaleikir“, ekki „gamaldags“ né byggja á „kaldastríðshugsun“. Þau eru nútímastjórnmál í skýrustu mynd: hernaðarstefna sem grundvallaratriði í heimsvaldastefnu.

Blokkin hefur um tíma beint meginsókn sinni að Miðausturlöndum og þaðan beinist hún nú að Afríku. Markmiðið er augljóst: vestræn yfirráð, frjálst aðgengi auðhringanna og að nokkru leyti afturhvarf til nýlendukerfis. Hnötturinn allur er undir. Eitt fjölmargra svæða sem verða nú fyrir ásókn er Norðuríshafið. Stórveldaásælnin þar er sama eðlis og í suðri, birtist einkum í heræfingum og vopnaskaki.

Heræfingarnar hérlendis bera nafnið „Norðurvíkingur“ og nú í byrjun júní verður hér sú stærsta eftir brotthvarf Bandaríkjahers af Miðnesheiði, með 450 manns, 16 orustuflugvélum auk fleiri flugvéla og herskipa. Heræfingin er að vanda undir stjórn Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna en samkeyrð við „loftrýmisgæslu“ NATO á Keflavík og Akureyri. Halda menn að varnarþörf Íslendinga ráði þar för?

Í janúar 2009 hélt NATO þungavigtarráðstefnu í Reykjavík undir yfirskriftinni: „Öryggishorfur á norðurskautssvæðinu“. Framkvæmdastjóri NATO mætti þar auk þriggja úr æðstu herstjórn bandalagsins og ráðherra nokkurra aðildarríkja.

Undanfarin ár hafa verið haldnar miklar æfingar Bandaríkjahers norðan Alaska og tilsvarandi æfingar Kanadahers á „norðvesturleiðinni“ út af norðausturströnd Kanada. Í fyrra tóku fulltrúar herja Danmerkur, auk Bandaríkjanna (tvö skip frá hvorum) þátt í kanadísku æfingunni. Þessu hafa fylgt herskáar yfirlýsingar bandarískra og kanadískra ráðamanna í garð Rússa.

> Heræfingarnar hérlendis bera nafnið „Norðurvíkingur“ og nú í byrjun júní verður hér sú stærsta eftir brotthvarf Bandaríkjahers af Miðnesheiði, með 450 manns, 16 orustuflugvélum auk fleiri flugvéla og herskipa.

Sumarið 2008 var meiri háttar NATO-heræfing norður í sænska Lapplandi, með þátttöku 12 þúsund hermanna frá níu NATO-þjóðum að viðbættum Svíum, og önnur litlu minni NATO-æfing úti fyrir norðurströnd Noregs. Stjórnstöðvar norska hersins voru árið 2009 fluttar til Reitan, þ.e. norður á heimskautssvæðið. Varnarmálasamstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslanda hraðvex og stefnir í myndun einhvers konar hliðardeildar í NATO með aðild hinna „hlutlausu“ Finna og Svía. Síðastliðið haust fór fram mesta flotaæfing sem haldin hefur verið út af ströndum Finnlands með þátttöku norrænu ríkjanna auk Bretlands, Frakklands og Þýskalands.

Wikileaks lak nýlega orðsendingum James Cain, sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku, til Bush-stjórnarinnar um að nú lægi á að smíða vináttubönd við Grænland vegna olíuhagsmuna. Hann sagðist þegar hafa komið grænlenskum framámönnum í beint samband við stóra vestræna olíuvinnsluhringa. Mæting bæði utanríkisráðherra og innanríkisráðherra Bandaríkjanna á fund Norðurskautsráðsins í Nuuk í Grænlandi nú í maí sýnir áhersluna. Að Danir fimm dögum síðar geri tilkall til sjálfs norðurpólsins er varla tilviljun. Danska skjalið talar um friðsamlegt samstarf vegna nýrra siglingaleiða og olíuvinnslu á Íshafinu (talið er að um 25% vinnanlegrar olíu og gass í heiminum sé á þeim hafsbotni). En „hins vegar er einnig lagt til að danski herinn beini starfi sínu í auknum mæli að norðurslóðum.“ (Fréttablaðið 18. maí). Þarna stendur Blokkin á bak við enda beinist krafa Dana gegn Rússum.

Í beinu framhaldi býður frú Clinton Össuri Skarphéðinssyni heim til samræðna, m.a. um varnarmál, þó einkum um norðurslóðir. Þegar Össur túlkaði NATO-fundinn í Lissabon sl. haust nefndi hann sem helstu ógnun við Vesturlönd „framferði ofbeldisfullra múslimskra öfgasamtaka“ og svo 27 þjóðir sem búi yfir skotflaugum, og hann nefndi Íran og Sýrland sem sérlega hættuleg, en Rússar væru nú bandamenn NATO (Fréttablaðið 23. nóvember). Það eru þá Íranar og Al-Kaída sem réttlæta vígvæðingu norðurslóða. Eða hvað, Össur?

ESB sýnir nú mjög vaxandi áhuga á íslenskri aðild. Vegna íslenskra fiskimiða og orku? Það reynist ekki vera aðalatriðið. Opinber vefsíða Evrópuþingsins fjallaði um umsókn Íslands 20. janúar undir yfirskriftinni: „ESB má ekki missa af heimskautslestinni:“ „Möguleg ESB-aðild Íslands, nýir möguleikar á olíuvinnslu, mengun á heimskautssvæðum ásamt áhrifum mengunarinnar á vatnabúskap ESB-landanna mælir með því að setja málefni Norðurskautsins í forgang, enn fremur að ESB beiti sér meira í Norðurskautsráðinu, segir Evrópuþingið í ályktun á fimmtudag... Þingið undirstrikar kosti íslenskrar aðildar sem mun gefa ESB samhangandi strandlengju á norðurskautssvæðinu og styrkja aðkomu ESB að Norðurskautsráðinu (www.europarl.europa.eu).“

„Norðurvíkingur“ er réttnefni, víkingasveit sem Blokkin sendir hingað til að tryggja yfirráðin á Norður-Íshafinu.

## AF NETINU

### Mannréttindi og einkaeignaréttur

Nýlega leyfði ráðherra nokkur sér þá ósvinnu að segja að í sumum tilvikum yrði einkaeignaréttur að víkja fyrir mannréttindum. Þetta þótti frjálshyggjumönnum ekki góð latína, að þeirra hyggju er einkaeignarétturinn hryggjarstykkið í mannréttindunum.
Það töldu líka þrælaeigendur í Suðurríkjunum amerísku. Þeir sögðu að afnám þrælahaldsins væri ekkert annað en afnám einkaeignaréttar og því skýlaust mannréttindabrot. Þrælarnir voru ósammála, ótrúlegt en satt.

http://blog.eyjan.is/stefan/

Stefán Snævarr

### Reynsla og raunhyggja ráði

Samkvæmt rannsóknum á vegum heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna fer áfengisneysla vaxandi við ákveðin mörk þess hve auðvelt er að ná í það.
Þetta þekkja allir fíklar sem hafa farið í meðferð. Því minni og fjær sem freistingarnar eru, því betra. En síðan er komið að þeim mörkum að bann fer að hafa öfug áhrif.

Ég hygg að svipað gildi um reykingar. Það sé vel hægt að íhuga hvort gera eigi aðgengi að tóbaki eitthvað erfiðara og sjálfsagt sé að koma í veg fyrir óbeinar reykingar, þar sem ágætur árangur hefur náðst til að vernda það fólk sem reykir ekki.

En fráleitt finnst mér að banna alfarið að reykingar eða tóbaksnotkun sjáist í kvikmyndum og nógu mikið hafa læknar landsins að gera þótt ekki bætist við að auka við „læknadópið“ á þann hátt að þeir ávísi á tóbak.

http://omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

Til hamingju með daginn!

Íslenskur sjávarútvegur og framlag sjómanna skiptir okkur öll máli. Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



# Sjálfstætt líf

Réttindi fatlaðra

Gísli Björnsson
sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, með aðstoð frá
Auði Finnbogadóttur





Flest viljum við vera þátttakendur og tilheyra samfélagi. Samfélag getur þýtt margt, hverfið sem við búum í, skólinn er samfélag nemenda, starfsfólks og foreldra skólans og kirkjan er samfélag þeirra sem hana sækja. Okkur þykir sjálfsagt að tilheyra samfélagi og hafa rétt á að taka þátt í því. Flestir hugsa sjaldnast um það hvert samfélag okkar er og á hvaða þátt við búum í því. Við erum bara hluti af samfélaginu án þess að spá neitt meira í það.

Þegar fólk er fatlað horfir þetta öðruvísi við. Fatlað fólk er minnt á það á hverjum degi að samfélagið er ekki fyrir alla. Þetta er gert með því að hefta aðgengi að byggingum, hefta aðgengi að upplýsingum samfélagsins, hefta aðgengi að vinnustöðum þess, hefta aðgengi að menntastofnunum og umfram allt að hefta aðgengi að þjónustu sem er forsenda þess að geta lifað sjálfstæðu lífi í því samfélagi sem ófötluðum stendur til boða. Margt fatlað fólk þekkir ekki þau réttindi sem það hefur eins og t.d. réttinn til að ákveða hvar það býr og með hverjum.

Árið 2007 undirritaði Ísland samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 19. grein samningsins er okkur tveimur mjög hugleikin en í henni segir að aðildarríkin skuldbindi sig til að tryggja „fötluðu fólki tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir“.

Til þess að þetta verði kleift verðum við að hætta að áætla fjármagn fyrir þjónustu til ákveðinna bygginga eins og gert er með sambýli og fara að skilgreina þjónustu og fjármagn fyrir fatlað fólk sjálft óháð því hvar það býr eða með hverjum. Fólk hefur rétt til að ákveða hvernig þjónustu það vill og hvar það vill eiga heima.

Ég, Gísli, er í dag stoltur íbúðareigandi í hverfinu sem ég ólst upp í. Ég er með notendastýrða persónulega aðstoð sem gerir mér kleift að lifa sjálfstæðu lífi. Notendastýrð aðstoð þýðir að ég stýri þjónustunni með aðstoð fólks sem ég ræð sjálfur, líkt og Auði sem aðstoðar mig við að halda utan um þjónustuna mína og annað sem ég þarf, líkt og að skrifa þessa grein. Nú er ég þátttakandi í öllu er varðar mitt líf.

Ég nýt réttinda í samræmi við það sem segir í 19. grein samnings Sameinuðu þjóðanna en ekki má gleyma því að þetta þjónustuform gerir fólki kleift að rækja skyldur sínar sem starfsmenn, nágrannar og borgarar í samfélaginu.

Það hafa allir, sama hversu mikið fatlað fólk er, sínar leiðir til að tjá óskir og vilja, við verðum bara að læra að hlusta og taka mark á því. Þannig gerum við fötluðu fólki kleift að vera hluti af samfélaginu.









# HREYFING ALLT LÍFIÐ

## SJÁUMST Í DAG, LAUGARDAGINN 4. JÚNÍ
## Í SJÓVÁ KVENNAHLAUPI ÍSÍ

| STAÐUR | HLAUPIÐ FRÁ | FORSKRÁNING |
|---|---|---|
| **Vogar** | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni |
| **Garðabær** | Garðatorgi kl. 14:00 | Sjá á www.sjova.is |
| **Viðey** | Viðeyjarstofu kl. 13:00 | Á netfanginu gulla@reykjavik.is og á sölustað Viðeyjarferða á Skarfabakka |
| **Reykjanesbær** | Húsinu okkar, Hringbraut 108, Keflavík kl. 11:00 | Í Húsinu okkar 1. og 3. júní milli kl . 17 og 19 |
| **Grindavík** | Sundmiðstöðinni Grindavík kl.11:00 | Sundmiðstöðinni |
| **Sandgerði** | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Vörðunni Miðnestorgi og í Íþróttamiðstöðinni |
| **Garður** | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni |
| **Mosfellsbær** | Íþróttavellinum að Varmá kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni að Lækjarhlíð |
| **Kjós** | Kaffi Kjós v/ Meðalfellsvatn kl. 14:00 | Kaffi Kjós |
| **Akranes** | Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum kl. 10:30 | Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum |
| **Hvalfjarðarsveit** | Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, kl. 11:00 | Á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 |
| **Borgarnes** | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Á Hyrnutorgi |
| **Hvanneyri** | Sverrisvelli á Hvanneyri kl. 11:00 | Hjá Ástríði Guðmundsdóttur, Túngötu 8 |
| **Reykholt** | Hlaupið frá Fosshóteli Reykholti kl. 10:00 | Í móttöku Fosshótels Reykholti 31. maí |
| **Stykkishólmur** | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Bónus í Stykkishólmi og Íþróttamiðstöðinni á hlaupadag |
| **Grundarfjörður** | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | Hjá Kristínu Höllu |
| **Ólafsvík** | Sjómannagarðinum kl. 11:00 | Sundlauginni Ólafsvík |
| **Lýsuhóll** | Lýsuhólsskóla kl. 11:00 | Hraunsmúla í Staðarsveit |
| **Búðardalur** | Leifsbúð kl. 11:00 | Samkaup Strax 3. júní milli kl. 16 og 18 |
| **Reykhólahreppur** | Grettislaug á Reykhólum kl. 10:00 | |
| **Ísafjörður** | Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 13:00 | Sjóvá Almennum, versluninni Hlíf og versluninni Jón og Gunna |
| **Bolungavík** | Hrafnakletti kl. 10:30 | Samkaup 3. júní frá kl. 15 og 17 |
| **Súðavík** | Gamla pósthúsinu kl. 11:00 | Víkurbúðinni |
| **Flateyri** | Íþróttahúsinu kl. 13:00 | |
| **Flatey** | Samkomuhúsinu í Flatey kl. 13:30 | Í Eyjabergi eða hjá Kristínu Sævarsdóttur í síma 898-3060 |

| STAÐUR | HLAUPIÐ FRÁ | FORSKRÁNING |
|---|---|---|
| Suðureyri | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | Hjá Þorgerði Karlsdóttur í s. 899-9562 |
| Patreksfjörður | Bröttuhlíð 2. júní kl. 20:00 | |
| Barðaströnd | Innri-Múla kl. 17:00 | Hjá Kristínu Hauks í s. 616-7965 |
| Bíldudalur | Slökkvistöðinni kl. 14:00 | Hjá Ragnheiði og Elínborgu í s. 846-8859, 456-2203 eða 456-2142 |
| Þingeyri | Íþróttamiðstöð Þingeyrarodda kl. 11:00 | Brekkugötu 42 |
| Drangsnes | Fiskvinnslunni Dranga kl. 11:00 | Kaupfélag Steingrímsfjarðar Drangsnesi |
| Hvammstangi | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í síma 897-9300 eða á netfangið: usvh@usvh.is |
| Blönduós | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar 31. maí frá kl. 11 - 16 |
| Skagaströnd | Íþróttahúsinu kl. 10:00 | Í Leikskólanum Barnabóli og í Söluskálanum. |
| Sauðárkrókur | Sundlaug Sauðárkróks kl. 11:00 | Í þreksport og Sundlaug Sauðárkróks |
| Hólar | Hólaskóla kl. 10:30 | Hjá sillu í s. 865-3582 eða á netfangið sigbrynl@visir.is |
| Varmahlíð | Varmahlíðarskóla kl. 10:00 | Hjá Stefáníu Fjólu, Birkimel 12 |
| Hofsós | Sundlauginni Hofsósi kl. 11:00 | Sundlauginni Hofsósi |
| Fljót | Haganesvík - Sólgarðaskóla kl. 11:00 | |
| Siglufjörður | Torginu kl. 11:00 | |
| Akureyri | Ráðhústorginu kl. 11:00 | Glerártorgi, Hagkaup, Bónus og Samkaup Úrval 1. og 3. júní frá kl. 16 - 18 |
| Eyjafjarðarsveit | Hrafnagilsskóla, Eyjafjarðarsveit kl. 11:00 | |
| Grenivík | Íþróttahúsinu 3. júní kl. 17:00 | |
| Dalvík | Sundlaug Dalvíkur kl. 11:00 | Í Samkaup - Úrval og hjá Sundfélaginu Rán |
| Ólafsfjörður | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | |
| Hrísey | Eyjabúðinni kl. 14:00 | |
| Húsavík | Sundlaug Húsavíkur kl. 11:00 | |
| Laugar | Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10:00 | |
| Mývatn | Jarðböðunum við Mývatn kl. 11:00 | |
| Kópasker | Heilsugæslunni á Kópaskeri kl. 11:00 | |
| Raufarhöfn | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | Íþróttahúsinu á hlaupadag frá kl. 10:30 |
| Þórshöfn | Íþróttamiðstöðinni Sport-Ver kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni Sport - Ver í s. 468-1515 |
| Vopnafjörður | Skrifstofu Einherja, Hafnarbyggð 4, kl. 11:00 | Hefst klukkutíma fyrir hlaup |
| Egilstaðir | Tjarnargarðinum kl. 11:00 | Tjarnargarðinum á hlaupadag frá kl. 10:00 |
| Seyðisfjörður | Torgi kl. 09:45 | Íþróttahúsinu |
| Borgarfjörður Eystri | Fjarðarborg kl. 13:00 | Fjarðarborg |
| Reyðarfjörður | Andapollinum á Reyðarfirði kl. 10:00 | Við Andapollinn kl. 9:00 á hlaupadag |
| Eskifjörður | Sundlaug Eskifjarðar 2. júní kl. 14:00 | Sundlaug Eskifjarðar og s. 866-8868 og 867-0346 |
| Neskaupstaður | Kaffihúsinu Nesbæ kl. 11:00 | Hjá Þorbjörgu Traustadóttur í s. 896-6884 og í Kaffihúsinu Nesbæ |
| Fáskrúðsfjörður | Sundlaug Fáskrúðsfjarðar kl. 10:00 | Í Sundlauginni og að Skólavegi 75 |
| Stöðvarfjörður | Veitingahúsinu Brekkunni kl. 11:00 | |
| Breiðdalsvík | Íþróttamiðstöð Breiðdalshrepps kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni s. 470-5575 og hjá Jóhönnu í s. 849-3369 |
| Djúpivogur | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | |
| Höfn | Sundlaug Hafnar kl. 11:00 | Sindrahúsinu Hafnarbraut 25 |
| Selfoss | Byko í Langholti kl. 13:00 | Krónunni Austurvegi, 1. og 3. júní frá kl. 14 - 18 |
| Sólheimar | Grænu könnunni, Sólheimum, kl. 10:00 | Á netfangið runajona@solheimar.is, skrá nafn og stærð á bol |
| Gnúpverjahreppur | Félagsheimilinu Árnesi kl. 13:00 | |
| Hraunborgir Grímsnesi | Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi kl. 14:00 | Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi |
| Hveragerði | Sundlauginni Laugaskarði kl. 15:00 | Bónus 3. júní |
| Ölfus | Gengið 16. júní kl. 18:00 frá Breiðabólstað Ölfusi að Litlalandi | |
| Þorlákshöfn | Hafnarsvæðinu kl. 11:00, sjá dagskrá Hafnardaga | Íþróttamiðstöðinni 1. júní frá kl. 17 - 19 og 2. júní frá kl. 11 - 13 |
| Eyrarbakki | Gónhól kl. 12:00 | Vesturbúðinni Eyrarbakka |
| Stokkseyri | Sundlaug Stokkseyrar kl. 11:00 | Á staðnum |
| Laugarvatn | Íþróttahúsi Háskóla Íslands, Laugarvatni kl. 14:00 | Íþróttahúsi Háskóla Íslands, Laugarvatni |
| Úthlíð | Réttinni kl. 11:00 | Hlíðarlaug |
| Flúðir | Íþróttahúsinu á Flúðum kl. 13:00 | Við Samkaup Strax 1. og 3. júní frá kl. 16 - 18 |
| Hella | Íþróttahúsinu á Hellu kl. 11:00 | Lyf og Heilsu á Hellu |
| Þykkvibær | Borg kl. 10:00 17.júní | |
| Hvolsvöllur | Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli kl. 10:00 | Lyf og Heilsu Hvolsvelli |
| Seljalandsfoss | Seljalandsfossi kl. 14:00 | Hjá Auði að Eystra - Seljalandi í s. 847-1657 |
| Vík | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Á netfangið salome@vik.is |
| Kirkjubæjarklaustur | Íþróttamiðstöðinni Klaustri kl. 11:00 | Íþróttamiðstöðinni 3. júní |
| Vestmannaeyjar | Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja kl. 12:00 | Líkamsræktarstöðinni Hressó, Íþróttamiðstöðinni og að Breiðabliksvegi 4 |

**www. sjova.is**

**Þátttökugjald 1.250 kr.**

LÍF Styrktarfélag

Líf styrktarfélag vinnur að því að styrkja fæðingarþjónustu og kvenlækningar á kvennadeild Landspítalans. Markmiðið er að byggja upp öfluga miðstöð fæðinga og kvenlækninga á Íslandi og mun miðstöðin þjónusta konur og fjölskyldur þeirra. Hægt er að gerast styrktarfélagi Lífs á heimasíðunni www.gefdulif.is.

LÝÐHEILSUSTÖÐ · Kristall · Ísland á iði Hreyfa sig! · M · NIVEA · Merrild

**Viltu vinna 30.000 kr. gjafabréf ?**
Í tilefni af Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ býðst þátttakendum í hlaupinu að taka þátt í skemmtilegum leik. Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út umsókn og þú gætir unnið 30.000 kr. gjafakort að eigin vali, dekurdag eða aðra veglega aukavinninga. Þátttökuseðlar munu liggja frammi á hlaupastöðum en einnig er hægt að skrá sig í leikinn á sjova.is.

**SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ**

**SJÓVÁ**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# Veit ekkert hvað gerist á morgun

Söngkonan, leikkonan og þúsundþjalasmiðurinn **Þórunn Antonía Magnúsdóttir** flutti til London átján ára gömul, bjó í sjö ár í heimsborginni og hefur haft í mörg horn að líta síðan hún kom heim til Íslands. Hún sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá starfi sínu við dagskrárgerð í sjónvarpi, flakkinu um heiminn, krakkreykjandi Pete Doherty og væntanlegri plötu með haustinu.

Allt við þessa þætti hefur verið ævintýri líkast og viðtökurnar hafa verið ótrúlegar,“ segir Þórunn Antonía Magnúsdóttir þegar hún tyllir sér niður með blaðamanni á kaffihúsi steinsnar frá heimili hennar í austurborginni. Vikunni eyddi Þórunn mestmegnis við vinnslu lokaþáttar annarrar seríu gamanþáttaraðarinnar Steindans okkar sem sýnd er á Stöð 2, en á þeim vettvangi bregður Þórunn sér í allra kvikinda líki ef svo má segja. Fyrir utan að leika og syngja hefur hún frá upphafi hoppað inn í flest þau störf sem inna þarf af hendi til að slík dagskrárgerð geti orðið að veruleika.

„Þetta vatt bara upp á sig,“ útskýrir Þórunn. „Fyrst voru Steindi Jr. og Ágúst Bent [leikstjóri og kærasti Þórunnar] með örstutta þætti á Skjá Einum og þá þurfti ég vera ljósamaður, halda á hljóðnemanum og fleira. Svo þegar þurfti að breyta Steinda í Kiefer Sutherland fór ég að taka þátt í förðun og gervum og svo var ég bara plötuð í öll kvenhlutverkin líka,“ segir hún og bætir við að þótt fjölgað hafi í starfsliðinu með tímanum séu þættirnir ennþá hálfgert fjölskylduverkefni, þar sem flestir aukaleikararnir séu annað hvort skyldir eða ævagamlir vinir.

Þórunn segist ekki víla fyrir sér að ganga í öll nauðsynleg störf í hverju verkefni fyrir sig. „Mér finnst þetta ekkert tiltökumál, enda er andinn alltaf góður á tökustað. Miðvikudagurinn var til dæmis mjög fyndinn dagur, því þá þurfti ég að hjóla í rigningunni á allar bensínstöðvar í bænum í leit að ákveðinni tegund af trekt. Ég er ekki með bílpróf, því ég flutti til London átján ára og þar keyrir enginn heldur labbar fólk eða tekur strætó og lestir. Ég ætla að taka bílprófið einn góðan veðurdag því ég er viss um að ég verði frábær bílstjóri. En þangað til finnst mér bara gaman að hjóla út um allt.“

### Lofar almennum hressleika

Þótt Þórunn Antonía hafi þvælst fyrir hálfgerða tilviljun inn í dagskrárgerð fyrir sjónvarp verður eitthvert framhald á enn um sinn. Í haust hefur göngu sína á föstudagskvöldum á Stöð 2, þar sem Auddi og Sveppi hafa ráðið ríkjum síðustu ár, nýr þáttur sem Þórunn sér um ásamt Birni Braga Arnarssyni.

Aðspurð segir Þórunn að þátturinn, sem hefur ekki enn hlotið nafn, verði almenn skemmtiþáttur og þessa dagana vinni þau Björn Bragi að beinagrind. „Þetta er eins og með fyrstu fjóra mánuði meðgöngu. Við viljum ekki segja of mikið og leggja álög á þáttinn. Sveppi og Auddi hafa staðið sig frábærlega, en við viljum fara í aðrar áttir. Við lofum þó miklum skemmtilegheitum og almennum hressleika með músík, gríni og fleiru. Ég þekki Björn Braga vel, hann er mjög fyndinn og syngur líka eins og engill, og hver veit nema við smellum í einn dúett í þættinum.“

### Flutti til London átján ára

Þórunn Antonía býr yfir mikilli reynslu í skemmtanabransanum þrátt fyrir ungan aldur. Hún ólst upp úti á Granda og eftir að hafa klárað sína dæmigerðu unglingauppreisn, eins og hún orðar það, gaf hún út sína fyrstu sólóplötu aðeins sautján ára gömul árið 2002. Plötuna, Those Little Things, gerði Þórunn í samvinnu við föður sinn, tónlistarmanninn Magnús Þór Sigmundsson. Áður hafði hún lært heilmikið um tónlistarsköpun og -iðnaðinn af föður sínum, eytt löngum stundum í hljóðverum og meðal annars sungið með íslensku hipphoppsveitinni The Faculty inn á plötu.

Eins og áður sagði fluttist söngkonan svo til London á eigin vegum einungis átján ára gömul, „hæfilega kærulaus og staðráðin í að láta að mér kveða,“ eins og hún segir. Hlutirnir gerast hratt í heimsborginni og áður en hún vissi af voru liðin heil sjö ár.

Í millitíðinni hafði Þórunn sungið með hljómsveitunum The Honeymoon, Fields og Thenewno2, sem allar náðu töluverðum árangri. Forsprakki síðastnefndu sveitarinnar er Dhani Harrison, sonur Bítilsins George heitins, og syngur Þórunn enn með sveitinni af og til þegar mikið liggur við. Einnig var hún um hríð bakraddasöngkona hjá hinum vinsælu dönsku stuðboltum í Junior Senior og kom meðal annars fram með sveitinni í tveimur af helstu tónlistarþáttum Bretlands á þeim tíma, Top of the Pops og Later with Jools Holland.

Þórunn minnist þessara ára með hlýju. Þá vann hún einnig með sænskættaða tónlistargúrúinum Beck og segir það hafa verið frábæra upplifun.

„Auðvitað var þetta stórkostlegt. Ég fékk að ferðast um allan heim, syngja á öllum helstu stöðunum og tónleikahátíðunum eins og Glastonbury, Reading, Coachella og Hróarskeldu, svo dæmi séu tekin. Ég hef ákveðið að bíða með að skrifa ævisöguna fram til fimmtugs, en ég á sko til sögur. Það get ég sagt þér,“ segir hún og hlær.



**FERILLINN** „Það skiptir mig miklu meira máli að ganga vel með tónlistina mína hérna heima en úti í löndum. Hér finn ég fyrir því að margir eru stoltir af mér og það er allt önnur tilfinning,“ segir Þórunn Antonía, sem vinnur nú að plötu í samstarfi við Davíð Berndsen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þetta var ógeðslegt. Pete Doherty var eins og lítið, sturlað barn. Reykjandi krakk fyrir framan mig og ég veit ekki hvað, sem mér finnst ekki töff og kúl.

### Amy Winehouse vond með víni

Með því eftirminnilegra en jafnframt ógeðfelldara sem Þórunn Antonía tók sér fyrir hendur meðan á dvöl hennar í útlöndum stóð var að starfa fyrir umboðsmann bresku hljómsveitarinnar Babyshambles. Söngvari þeirrar sveitar, Pete Doherty, er víðfrægur fyrir allt annað en heilsusamlegt líferni og fágaða framkomu.

„Mér bauðst þessi vinna í millibilsástandi og tók henni, en sá eiginlega strax eftir því,“ rifjar Þórunn upp. „Þetta var ógeðslegt. Pete Doherty var eins og lítið, sturlað barn. Reykjandi krakk fyrir framan mig og ég veit ekki hvað, sem mér finnst ekki töff og kúl. Í fyrsta skipti sem ég hitti hann var hann að væflast um heima hjá umboðsmanninum, ber að ofan og blindfullur með viskíflösku. Ég var að tala í símann og hann hrifsaði símann af mér og hljóp út. Vinur minn hljóp á eftir honum og skipaði honum að skila símanum, en þá tók hann gítarinn sinn og smallaði honum á fínu eikarborði. Þá var mér nóg boðið. Ég húðskammaði hann bara og sagði honum að láta ekki eins og smákrakki, rétti honum sóp og hann baðst afsökunar og byrjaði að sópa. Ég hætti í þessari vinnu skömmu síðar,“ segir Þórunn og bætir við að hún hafi einnig haft persónuleg kynni af öðrum frægum fíkli, söngkonunni Amy Winehouse, um svipað leyti.

„Ég þekkti Amy áður en hún varð fræg og hún var yndisleg stelpa en hrútleiðinleg með víni. Þegar fólk nær ákveðnum frægðarstalli eru bara hýenur í kringum það og engir vinir. Breska pressan elskar dópista og hvetur þá til dáða til þess eins að geta rifið þá niður.“

### Ný plata með Berndsen í haust

Hún viðurkennir þó að London get verið grá borg og þung. Þegar Þórunn flutti heim fyrir rúmum tveimur árum var kominn leiði í hana, sem endurspeglaðist líka í tónlistarsköpuninni.

„Lögin sem ég samdi á þessum tíma voru dálítið þunglyndisleg, sem passar illa við minn persónuleika. Svo hafði ég varla tíma til að sinna tónlistinni að ráði þangað til ég hitti tónlistarmanninn og upptökustjórann Davíð Berndsen, sem er snillingur,“ segir Þórunn, en hún og Berndsen, eins og hann kallar sig opinberlega, hafa síðustu mánuði unnið saman að nýrri plötu sem kemur út í haust. Þegar hafa tvö lög af plötunni, For Your Love og Out of Touch, heyrst í útvarpi og notið vinsælda.

„Þetta samstarf okkar er rosalega skemmtilegt. Vinkona mín lýsti lögunum sem samblandi af Stevie Nicks úr Fleetwood Mac og Kylie Minogue, sem mér finnst frábær samlíking. Það skiptir mig miklu meira máli að ganga vel með tónlistina mína hérna heima en úti í löndum. Hér finn ég fyrir því að margir eru stoltir af mér og það er allt önnur tilfinning.“

Spurð hvort „útlandameikið“ sé búið segir Þórunn svo ekki endilega vera. „Ég held öllu opnu. Líf mitt hefur verið óútreiknanlegt hingað til og verður þannig áfram. Mér líður vel á Íslandi núna og veit ekkert hvað gerist á morgun.“

### Varð bálskotin í Bent

Þórunn kynntist unnusta sínum, leikstjóranum Ágústi Bent, skömmu eftir að hún flutti til Íslands frá London, en hann hafði gert það gott sem rappari í Rottweilerhundunum. Hún segist kunna vel við að starfa svo náið með Bent á hverjum degi.

„Ég missti af Rottweiler-æðinu en vissi samt hverjir þeir voru. Við Bent hittumst fyrst á rólóvelli í Árbænum þegar ég var þrettán ára. Ég man reyndar ekkert eftir því, en finnst voðalega sætt að hann skuli muna eftir því,“ segir Þórunn og hlær.

„Svo þegar við hittumst aftur varð ég alveg bálskotin í honum. Ég er rosalega stolt og ánægð með hann. Hann er töffari á yfirborðinu, en undir niðri leynist norð og snillingur,“ segir Þórunn Antonía að lokum.



verðsprengja
STJÚPUR
10stk
799 kr
SUMARBLÓM
verðsprengja
um helgina
SNÆDRÍFA
799 kr
Snædrífa
SÓLBOÐI
799 kr
SÝPRIS
100 sm
999 kr
tilboð
5 kg
GARÐABLÁMI
1095 kr
GARÐABLÁMI
5kg
MATJURTIR
499 kr
6 stk í bakka
Allir krakkar fá ókeypis ís í brauðformi,
alla helgina í Skútuvogi milli kl. 12-17
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

# Hættulegustu andstæðingarnir

**Evrópumeistaramót U-21 landsliða** hefst í Danmörku eftir eina viku og bíða margir Íslendingar spenntir enda ekki oft sem Ísland kemst í úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu. Þó svo að margir sterkir leikmenn verði fjarverandi þar sem þeir þykja greinilega of stórir fyrir þetta mót verða margar af framtíðarstjörnum Evrópu í eldlínunni á mótinu. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* leit yfir sterkustu andstæðinga Íslands á mótinu og fékk *Tómas Inga Tómasson*, aðstoðarþjálfara U-21 liðs Íslands, sér til aðstoðar.

## SPÁNN DAVID DE GEA

**Markvörður | Atletico Madrid | 20 ára | 1,92 m**



Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, er nýbúinn að tilkynna að De Gea verði eftirmaður Edwins van der Sar hjá félaginu. Það eitt og sér segir margt um þennan sterka markvörð. Hann er uppalinn hjá Atletico Madrid og komst í byrjunarliðið aðeins átján ára gamall. Hann átti stóran þátt í sigri Atletico í Evrópudeild UEFA í fyrra og varði svo vítaspyrnu Diego Milito í árlegri Ofurbikarkeppni UEFA í haust. Atletico vann leikinn, 2-0.

**Tómas Ingi:** Klárlega efnilegasti markmaður Spánar og þó víðar væri leitað. Spánverjar vilja líta á hann sem nýjan Iker Casillas. Er hávaxinn, góður á fótum og býr yfir mikilli reynslu. Hann er fæddur 1990 og því einnig gjaldgengur í næsta U-21 lið Spánar. Á að baki meira en 40 leiki með yngri landsliðum Spánar og 60 leiki með Atletico.

## SVISS XHERDAN SHAQIRI

**Kantmaður | FC Basel | 19 ára | 1,70 m**



Býr yfir mikilli reynslu þrátt fyrir ungan aldur og er miklum metum í heimalandinu. Shaqiri á að vera andlit svissneskrar knattspyrnu næsta áratuginn og gott betur. Flutti sem barn frá gömlu Júgóslavíu til Basel í Sviss þar sem hann spilar enn í dag, þrátt fyrir mikinn áhuga mun stærri liða í Evrópu. Var óvænt valinn í landsliðið snemma árs 2010 og komst svo í HM-hóp Sviss og kom við sögu í einum leik í Suður-Afríku.

**Tómas Ingi:** Fæddur ´91 og hefur farið mjög hratt upp á stjörnuhimininn. Þessi drengur hefur farið hamförum að undanförnu með sinn vinstri fót. Eldsnöggur og með vinstri sleggju sem Guðs gjöf. Menn ættu jafnvel að muna eftir markinu sem hann skoraði fyrir Basel gegn KR í Evrópukeppninni. Hefur aðeins spilað tvo leiki fyrir U-21 lið Sviss en sjö fyrir A-landsliðið.

## ÞESSIR „SKRÓPA" Á EM



Ekki fá allir að spila á EM í Danmörku og í flestum tilfellum þykja þeir einfaldlega of stórir fyrir mót U-21 landsliða. Stjórar kappanna hjá félagsliðum þeirra settu þeim sumum stólinn fyrir dyrnar, á meðan aðrir virtust einfaldlega ekki hafa áhuga.

**Danmörk**
Nicklas Bendtner
Simon Kjær

**England**
Jack Wilshere
Andy Carroll
Micah Richards (meiddur)

**Spánn**
Sergio Busquets

**Stærstu íslensku stjörnurnar**

Íslendingar eru einnig í hópi stærstu stjarna mótsins – því má ekki gleyma. Stærstu félagslið Evrópu munu fylgjast grannt með gangi mála á mótinu og ekki síst íslensku leikjunum. Þetta er frábært tækifæri fyrir þá alla að sýna sig og sanna en það má búast við að augu flestra muni beinast að þessum:

Gylfi Þór Sigurðsson
Kolbeinn Sigþórsson
Aron Einar Gunnarsson
Eggert Gunnþór Jónsson
Alfreð Finnbogason



## TÉKKLAND TOMAS PEKHART



**Sóknarmaður**
**Sparta Prag**
**22 ára | 1,94 m**

**Tómas Ingi:** Einn einn af þessum háu framherjum sem Tékkar hafa mikið dálæti á (m.a. Tomas Skuhravý og Jan Koller). 194 cm á hæð og gífurlegur markaskorari. Ég er nokkuð viss um að enginn af þeim sem spila með U21 liðum sínum í Evrópu hafa skorað jafn mörg mörk og Pekhart en mörkin eru 16 í 22 leikjum. Mjög sterkur á bolta og auðvitað nær óvinnandi í loftinu. Hefur aðeins spilað einn A-landsleik og tel ég það vera út af fastheldni Tékka að spila gömlu mönnunum þar þó Pekhart sé klárlega nægilega góður í A-liðið.



## SPÁNN BOJAN KRKIC

**Sóknarmaður | Barcelona**
**20 ára | 1,70 m**

**Tómas Ingi:** Hvað á maður að segja um Bojan? Hann spilar með Barcelona, besta félagsliði í heimi, og hefur leikið yfir 100 leiki. Frábær tækni, hraður og útsjónarsamur. Hefur allt sem Spánverjar vilja hafa í sínum 3-4 fremstu mönnum. Einnig gjaldgengur í næsta U21 lið.

## ÚKRAÍNA TARAS STEPANENKO

**Miðjumaður | Shakhtar Donetsk**
**21 árs | 1,81 m**

**Tómas Ingi:** Fyrirliði Úkraínu og vinnuhestur með fótboltagáfur er mín besta lýsing á Taras. Ótrúleg hlaupageta og vinnusemi þessa leikmanns er dásamlegt að fylgjast með. Einnig hefur hann góðan skilning á leiknum, er tekniskur og hraður. Spilar með Shatkar og er leikjahæstur Úkraínu í U21 með 22 leiki.



## ÚKRAÍNA JAROSLAV RAKITSKÍ

**Varnarmaður | Shakhtar Donetsk**
**21 árs | 1,80 m**

**Tómas Ingi:** Klárlega að mínu mati besti leikmaður Úkraínu. Þessi leikmaður Shakhtar hefur verið frábær með liði sínu í vetur og spilað vel bæði í deild og Evrópukeppni. Hann er fastamaður í A-landsliði Úkraínu og í leik gegn Ítalíu um daginn gerði hann frábært mark þrátt fyrir að eyða mestum tíma í vörninni. Hann er miðvörður og með frábæran vinstri fót og sendingar hans ótrúlega nákvæmar, hvort sem þær eru 10 m eða 70 m.

## DANMÖRK CHRISTIAN ERIKSEN

**Sóknartengiliður | Ajax | 19 ára | 1,77 m**



Fæddur á því herrans ári 1992 er Danir urðu óvænt Evrópumeistarar eftir að hafa dottið fyrirvaralaust inn í úrslitakeppninna vegna stríðsátaka á Balkanskaga. Talinn gríðarlega efnilegur og er nú þegar orðinn lykilmaður í A-landsliði Dana. Var í HM-liði Dana í Suður-Afríku og var þá yngsti leikmaður keppninnar. Lék með OB áður en hann var keyptur til Ajax árið 2008 en var þá búinn að vera til reynslu hjá Barcelona, Chelsea og AC Milan.

**Tómas Ingi:** Hinn nýi Laudrup segja margir Danir en þó góður sé á hann langt í Laudrup finnst mér. Spilaði afar vel með Ajax á nýliðnu tímabili og var valinn efnilegasti leikmaður liðsins – ég get lofað því að það er keppni um þann titil í Ajax. Frábær boltameðferð og skilningur á leik í háum gæðaflokki. Er eins og margir ungir spilarar í dag sem fer í A-lið síns lands án viðkomu í U-21 en á um 40 leiki fyrir yngri landslið Danmerkur að baki.



## HVÍTA-RÚSSLAND MIKHAÍL SÍVAKOV

**Miðjumaður | Cagliari**
**23 ára | 1,86 m**

**Tómas Ingi:** Sívakov sem er alinn upp hjá „Vinum FH" eða Bate í heimalandinu er driffjöður Hvít-Rússa. Hann var seldur til Cagliari 2009 en hefur síðan verið lánaður þaðan og er núna á mála hjá Wisla Krakov í Póllandi. Mikhaíl er mikill leiðtogi hjá Hvít-Rússum sem er mjög mikilvægt hjá liði sem er þjálfað við heraga þjálfarans Geprgo Kondratíev. Sívakov er sterkur á boltann og sparkar jafnt með vinstri og hægri. Góður í lofti og kröftugur í sínu spili. Leikreyndur bæði með U21 og í Evrópukeppni með Bate sem kemur honum vel í sumar.

## ENGLAND DANNY WELBECK

**Sóknarmaður | Manchester United | 20 ára | 1,85 m**



Fæddur í Manchester en foreldrar hans eru frá Gana. Hefur spilað með öllum yngri landsliðum Englands en Ganverjar reyndu að lokka hann í A-liðið sitt áður en hann var valinn af Fabio Capello í A-lið Englands, einmitt fyrir vináttulandsleik gegn Gana. Uppalinn hjá Manchester United og var lánaður til Sunderland í vetur þar sem hann stóð sig mjög vel. Hann er nú kominn aftur til United og mun berjast um sæti í liðinu á næsta tímabili.

**Tómas Ingi:** Ef þú ert búinn að spila 24 leiki með Manchester United þegar þú ert 18-19 ára þá er maður þokkalegur í boltanum. Hefur í ár spilað vel með liði Sunderland og verður án efa einn af lykilmönnum í enska landsliðinu í sumar. Leikinn og áræðinn framherji.


Útsala
ILVA
einfaldlega betri kostur
20-70%
AFSLÁTTUR
YFIR 1.200 VÖRULIÐIR
© ILVA Ísland 2011
40-70%
af öllum mottum
JOSEPHINE
12.995
sparaðu 7.000
JOSEPHINE. Ljós, acryl. Ø30 cm. Verð 19.995,- NÚ 12.995,-
SAVONA. Vasi. H35 cm. Ýmsir litir. Verð 3.995,- NÚ 1.995,-
BORÐ + 4 STÓLAR
48.500
sparaðu 34.000
CAMPIO. Borðstofuborð 79x79/138 cm. Antíkhvítt beyki. Verð 42.900,- NÚ 24.900,-
AVALLON. Borðstofustóll. Antíkhvítt beyki. Verð 9.900,- NÚ 5.900,-
Borðstofusett. Borð + 4 stólar. Verð 82.500,- NÚ 48.500,-
CLOCK. Klukka m/stillimynd. Ø43 cm. Verð 11.995,- NÚ 6.995,-
40%
af BASIC
BASIC. Matardiskur. Ø26 cm. 4 í pk. Verð 2.495,- NÚ 1.495,-
Fylgidiskur. Ø20,5 cm. 4 í pk. Verð 1.495,- NÚ 895,-
Skálasett. Ø13 cm. 3 í pk. Verð 595,- NÚ 355,-
Bolli og undirskál. 4 í setti. Verð 1.495,- NÚ 895,-
20-40%
af öllum handklæðum
30-70%
af myndum og speglum
40%
af 3JA STAFA
50%
af NATURAL RUSTIC
3JA STAFA EIKARPARKET.
2200x189x14 mm. Verð 4.990,-/m²
NÚ 2.990,-/m²
NATURAL RUSTIC.
Plankaparket, plast, fasað smelluparket. 1210x140x8,3 mm.
Verð 2.990,-/m² NÚ 1.490,-/m²
ILVA kaffi
TILBOÐ Í JÚNÍ
Baguette m/salati
Verð 690,- NÚ 390,-
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
www.ILVA.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
SALAT Í POTTI
275 kr. stk
VERNDUM UMHVERFIÐ
BÓNUS
Pökk fyrir að velja Bónus
200 KR.STK.
BÓNUS MARGNOTA BURÐARPOKINN
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
SPÍNAT
298 kr.100g
BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
259 kr.
ÍSSÓSA
ÍSSÓSA
Jordbær
Mango
Boozt-glös
498 KR.
FROSIN JARÐARBER 1200g
FROSNIR MAGNÓBITAR 1000g
Tíu booztglös m.loki og röri
398 kr.
25% AFSLÁTTUR
SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur við kassann Merkt verð 1588 kr./kg.
1191 kr.kg
198 KR. 770g
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770g
BÓNUS ÍS 2 ltr
298 kr.
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
Mountain Dew
mix
Egils APPELSÍN
pepsi
pepsi MAX
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds
Coca-Cola zero.
59 KR.
Doritos
NÝTT NÝTT NÝTT SWEET CHILLI PIPAR
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
198 kr.
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN 2 ltr. flöskur
198 KR. 4 stk
BONUS KRINGLUR MJÚKAR
NÝ STÆRÐ 150G Í OLÍU
195 KR.
DALA FETA-OSTUR
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNU
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
695 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
ÍSLANDS NAUT
1998 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAGÚLLAS
GOTT Á GRILLIÐ
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
BÓNUS 4 STK. STÓR HAM-BORGARABRAUÐ
159 KR.
KJARNAFÆÐI FROSNIR 10 x 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR
1598 KR.
FABRIKKU SÓSAN
FABRIKKU SÓSA 300ml
359 KR.
1998 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTASNITSEL
GOTT Á GRILLIÐ
KJÖRFUGL
1998 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
ENGINN AFSLÁTTUR BARA GOTT VERÐ
Gott á grillið
Kryddlegnar grísakótilettur að hætti grillmeistarans
995 KR.KG
GRILLMEISTARINN GRILL-GRÍSAKÓTILETTUR
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
BABYBACK Grísarif
Spareribs
ALI BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR.KG.
ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18



**Í LISTDANSSKÓLANUM** Nemar í listdansi í danstíma hjá Webster, hann kennir þar enda lærður dansari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÆFT AF KAPPI** Æfingar utan íssins eru mikilvægar, segir Webster, sem hvetur stúlkurnar til að æfa sig heima líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**METNAÐARFULLUR** Webster á heimavelli í Egilshöll þar sem skautafélagið Björninn hefur aðsetur. Hann segir frábært að fylgjast með framförum íslensku skautadansaranna í vetur og stefnir á að ná enn lengra næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stökkva hærra og ná lengra

**G. Webster Smith** er bandarískur skautaþjálfari sem hefur sett svip sinn á starf skautafélagsins Bjarnarins undanfarið ár en stúlkur undir handleiðslu hans hafa náð góðum árangri í vetur. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** hitti Webster á ís og þurru.

Vinkona mín sem er íslensk hvatti mig til að koma til Íslands og miðla af þekkingu minni í þjálfun stúlkna í listdansi á skautum. Við ræddum þetta saman á Facebook þar sem við hittumst eftir langan aðskilnað," segir Bandaríkjamaðurinn G. Webster Smith, sem hefur fengist við þjálfun í listdansi á skautum og raunar í dansi um áratuga skeið. „Ég lærði djassdans, ballett og steppdans, auk þess að stunda listdans á skautum. Ég nýtti mér raunar dansþekkingu mína til þess að greiða fyrir tíma í listdansi hér á árum áður. Á sama tíma var ég í háskólanámi í forritun," segir Webster og hlær smitandi hlátri.

### Miklar framfarir

Síðasta sumar kom hann hingað í fyrsta sinn og var með námskeið fyrir stúlkur sem stunda listdans á skautum. „Í framhaldinu var ég beðinn um að koma hingað og þjálfa stúlkurnar í Birninum og ég sló til. Hef verið hér í allan vetur og stefni á að koma aftur næsta haust." Árangur Websters af þjálfuninni er eftirtektarverður; margar stúlknanna hafa tekið miklum framförum á ísnum og bætt stökktækni sína svo eftir hefur verið tekið. Einnig tókst Agnesi Dís Brynjarsdóttur að vinna til verðlauna á alþjóðlegu móti, fyrst íslenskra skautadansara í A-flokki.

### Veðrið er bara veðrið

„Erlendir þjálfarar hafa tekið eftir árangrinum og hrósað mér fyrir. Það er ánægjulegt að stelpurnar hafa færst ofar þegar þær eru að keppa, eru nær miðju en neðsta sætinu," segir Webster, sem hefur sett sér háleit markmið fyrir skautastjörnuna Agnesi. „Ég vil að hún keppi á Ólympíuleikunum," segir hann, vongóður um að draumurinn rætist.

Auk þess að sjá um þjálfun í A- og B-flokki hjá Birninum hefur Webster kennt í Listdansskóla Íslands. Það er því í nógu að snúast hjá þjálfaranum, sem segist oft vinna sjö daga vikunnar. „Ég hef unnið mikið í vetur en kann því vel. Mér hefur líkað vel að vera hér í Reykjavík," segir hann og bætir við að veðrið hafi verið áhugavert. „Það breytist ótrúlega oft yfir daginn, en ég læt það ekki á mig fá, veður er bara veður. Skammdegið og birtuna þekkti ég frá tíma mínum í Alaska."

Webster segir ánægjulegt að geta miðlað þekkingu sinni og samböndum á Íslandi. Vinir hans úr dansheiminum, Lucia Hutchins og James E. Martin, ætla að halda námskeið í Listdansskólanum í júní og svo er hann að undirbúa námskeið sem færa mun Hollywood til Íslendinga. „Ég get ekki sagt meira um það í bili en það verður frábært," segir hann og brosir sínu breiðasta.

### ÆTLAÐI Í HOKKÍ



**Agnes Dís Brynjarsdóttir** er helsta skautastjarna Bjarnarins í sínum aldursflokki. Hún fer í æfingabúðir með Webster í sumar í Bandaríkjunum og hlakkar til. „Mér líst mjög vel á það og hlakka mikið til," sagði Agnes þegar Fréttablaðið hitti hana í Egilshöll. Agnes er þrettán ára og hefur æft listdans á skautum síðan hún var sjö ára. „Núna æfi ég sex til sjö sinnum í viku, ég fer stundum á laugardögum en ekki alltaf. Það er bara æðislegt að vera hér að æfa, mig langar mest að fara til útlanda og vinna verðlaun þar á mótum," segir Agnes, sem upphaflega langaði mest í hokkí. „Mamma setti mig á skauta þegar ég var lítil, mig langaði í hokkí en mamma setti mig í listskauta," segir Agnes Dís, sem segir félaga sína á svellinu vera bestu vinkonur sínar. „Við erum bestu vinkonur á svellinu og það er bara best af öllu að vera hér," segir hún að lokum.

LAGERÚTSALA
15-70%
AFSLÁTTUR
OPNUNARTÍMAR UM HELGINA
Laugardagur 10.00 til 18.00
Sunnudagur 13.00 til 18.00
ÞAÐ Á ALLT AÐ SELJAST

Síðasti dagurinn á morgun sunnudag
Casa
Merkjavara á góðu verði
www.casa.is • Skeifan 8



# Við erum flutt á nýjan stað og viljum bæta við Þekkingu!

Þekking hf. hefur flutt starfssemi sína á höfuðborgarsvæðinu í nýtt og glæsilegt húsnæði að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi.
Þekking hf. hefur í meira en áratug annast rekstur og hýsingu tölvukerfa ásamt tengdri þjónustu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.
Í boði eru spennandi verkefni í fjölbreytilegu starfsumhverfi.

## Við leitum að drífandi einstaklingum í öfluga liðsheild okkar í Kópavogi

### Sérfræðingur á sviði samskiptalausna
(Unified messaging)

**Starfssvið:**
- Uppsetning, rekstur og viðhald búnaðar hjá Þekkingu sem og hjá viðskiptavinum
- Aðstoð við viðskiptavini, tæknivinna og ráðgjöf
- Pátttaka í teymisvinnu stærri viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af vinnu með Microsoft-lausnir
- Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
- Þekking og reynsla af rekstri Exchange 2007, 2010
- Þekking og reynsla af rekstri OCS/Lync æskileg
- Microsoft-próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar
- Þekking á Asterisk lausninni kostur

### Söluráðgjafi

Söluráðgjafi verður hluti af öflugri sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins og kemur að sölu og ráðgjöf til núverandi og nýrra viðskiptavina Þekkingar. Helstu verkefni söluráðgjafa felast í öflun nýrra viðskiptavina, stuðningi við viðskiptastjóra Þekkingar og umsjón með samningagerð. Leitað er eftir árangursdrifnum einstaklingi með góða tölvukunnáttu og reynslu af sölustörfum

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða upplýsingatækni er æskileg
- Þekking á tölvubúnaði og skilningur á rekstrarumhverfi í upplýsingatækni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Söludrifni, frumkvæði og faglegur metnaður

Starfsmenn yrðu staðsettir í starfsstöð Þekkingar að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi. Umsóknir og fyrirspurnir sendist í tölvupósti á **atvinna@thekking.is**.
Umsóknarfrestur er til 13. júní nk.

Haft verður samband við alla umsækjendur.
Viltu vita meira um Þekkingu hf.? Kíktu inná heimasíðu okkar, **www.thekking.is** og kynntu þér starfsemi okkar.

### Sérfræðingur í kerfisrekstri

**Starfssvið:**
- Uppsetning, rekstur og viðhald búnaðar hjá Þekkingu sem og hjá viðskiptavinum
- Aðstoð við viðskiptavini, tæknivinna og ráðgjöf
- Pátttaka í teymisvinnu stærri viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af vinnu með Microsoft-lausnir
- Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum
- Þekking og reynsla af rekstri miðlægra lausna Microsoft
- Þekking og reynsla af rekstri Lotus Notes
- Microsoft-próf og aðrar viðeigandi sérfræðigráður æskilegar

### .Net forritari

**Helstu verkefni:**
- Forritun í .Net umhverfi fyrir viðskiptavini Þekkingar
- Þjónusta og viðhald á lausnum skrifuðum í .Net

**Hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla á . Net forritun
- Reynsla af forritun og hugbúnaðargerð skilyrði
- Þekking á gerð veflausna æskileg
- Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfni ásamt hæfni til þess að vinna í hóp

### Sharepoint ráðgjafi

**Helstu verkefni:**
- Ráðgjöf og innleiðing á SharePoint lausnum hjá fyrirtækjum og stofnunum

**Hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla á Microsoft SharePoint
- Reynsla af greiningu, hönnun og innleiðingu hugbúnaðar
- Þekking á skjalastjórnun æskileg
- Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Microsoft prófgráður eru æskilegar

Þekking hf. er vottað samkvæmt ISO27001 öryggisstaðlinum. Það er metnaðarmál fyrirtækisins að vera ávallt í fremstu röð á sínu sviði. Á meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins. Hjá Þekkingu hf. starfa nú rúmlega 40 manns og starfsstöðvar eru á tveimur stöðum á landinu, í Kópavogi og á Akureyri. Öflug símenntunarhvatning ásamt fjölskylduvænu starfsumhverfi er hluti af starfsmannastefnu Þekkingar hf.

ÞEKKING
TÖLVUDEILDIN ÞÍN!

BSI ISO 27001

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Hafnarstræti 93-95 / 600 Akureyri / Urðarhvarfi 6 / 203 Kópavogi / Sími 460 3100 / www.thekking.is



**LIFANDI STAÐUR AFREKA** Valur og Fram etja kappi á Melavellinum um miðjan áttunda áratuginn. Gleðipinninn Hermann Gunnarsson er annar frá hægri af þeim rauðklæddu. Á þessum malarvelli unnust margir fræknir sigrar. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**TÍVOLÍ** Síðustu árin áður en Melavöllurinn var rifinn var meðal annars sett upp tívolí á vellinum, sem gladdi ungviðið mjög. Þessi mynd er tekin árið 1984. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**REYKJAVÍK** Á þessari loftmynd frá árinu 1961 sjást meðal annars Háskóli Íslands, Þjóðminjasafnið, Melavöllurinn og Hótel Saga í byggingu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Margs að minnast frá Melavelli

Kvikmyndagerðarmaðurinn **Kári G. Schram** sýnir Blikkið, heimildarmynd um sögu Melavallarins, á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði um næstu helgi. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Kára um völlinn, sögurnar og blikkið sem blívur fyrir austan fjall.

Eins og kemur fram í heimildarmyndinni Blikkinu var Melavöllurinn aðalsamkomustaðurinn í Reykjavík. Það var lítið annað um að vera á þessum tíma og þarna hittust allir, spjölluðu saman og fylgdust með íþróttum. Þangað var líka farið á 17. júní og fleira í þeim dúr. Þetta var aðalstaðurinn," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Kári G. Schram, sem forsýnir nýja heimildarmynd sína um sögu Melavallarins, Blikkið, á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði um næstu helgi.

### Fann marga fjársjóði í geymslu

Ekki er um formlega frumsýningu að ræða á Skjaldborgarhátíðinni, því Kári er enn á síðustu metrunum að ljúka við vinnslu heimildarmyndarinnar.

„Aðstandendum Skjaldborgar þótti áhugavert að sýna myndina á hátíðinni og það er mjög gaman. Þetta er skemmtileg hátíð sem einbeitir sér að betri heimildarmyndum," segir Kári og bætir við að gerð Blikksins sé það langt komin að hægt sé að sýna hana fólki og fá viðbrögð svo vel sé. Önnur forsýning verður á myndinni í tilefni aldarafmælis vígslu Melavallarins hinn 11. júní næstkomandi og formleg frumsýning fer síðan fram snemma í haust.

Blikkið, sem gerð er í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), skiptist í tvo hluta sem hvor um sig er 45 mínútur að lengd og spannar sögu vallarins frá upphaflegu vígslunni fyrir hundrað árum og allt þar til hann var rifinn niður árið 1987. Í millitíðinni, árið 1926, hafði nánast öll girðingin í kringum völlinn fokið í ofsaveðri og þá var ákveðið að gera nýjan og betur útbúinn völl á sama stað.

Sjálfur hefur Kári gerð fjölda heimildarmynda á ferilskránni. Má þar nefna Willta Vestfirði, sem fjallar um náttúru, mannlíf og matargerð á Vestfjörðum, Villta veislu, þar sem íslensk matargerð og kræsingar í náttúru Íslands eru kannaðar, og Fyrstu ferðina, sögu landafundanna, auk margra fleiri. Í gegnum starf sitt sem kvikmyndagerðarmaður segist Kári alltaf annað slagið hafa séð upptökur af íþróttaviðburðum á kvikmyndasöfnum og víðar, og vissi því að töluvert var til af efni frá gamla Melavellinum.

„Það kom mér hins vegar á óvart hversu mikla fjársjóði ég fann við vinnslu myndarinnar," segir hann. „Ég byrjaði á því að ræða við um fimmtíu manns sem höfðu verið mikið á vellinum, jafnvel keppt á honum, og fékk að heyra sögurnar af því sem þar átti sér stað. Svo tók við um fjögurra ára ferill sem fór í að finna myndefni og safna saman. Ég komst fljótlega að því að á sínum tíma var nánast enginn staður í Reykjavík, og jafnvel á landinu öllu, sem var jafn mikið myndaður og Melavöllurinn. Fólk var mikið með ljósmyndavélar þarna, en það er líka ótrúlegt hversu mikið efni hafði verið fest á filmu. Þetta var fólk að finna á háaloftum og í ýmsum söfnum, og þetta var gríðarleg vinna. Án þessarar góðu hjálpar hefði myndin aldrei orðið til og ég er mjög þakklátur öllum þeim sem veittu mér hjálparhönd."

### Lifandi staður frásagna

Kári segir áherslu Blikksins ekki síður liggja á reynslusögum um upplifun þeirra sem eyddu tíma á Melavellinum, því flestir sem hafi aldur til hafi sínar minningar og skoðanir á vellinum.

„Þetta var lifandi staður frásagna og mikilla afreka og hróður vallarins spurðist jafnvel út fyrir landsteinana," segir Kári og nefnir sem dæmi að mölin sem notuð var í völlinn hafi þótt óvenju hentug til íþróttaiðkunar. „Í myndinni kemur í ljós hversu skynsamlega var staðið að gerð vallarins, því malarvöllurinn var af mörgum talinn með þeim betri í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Mölin var þessi sérstaka blanda af mold úr moldarbarði, ísaldarleir og fína sallanum sem kom úr malbikunarstöðinni við Elliðaá. Þessi blanda þótti afar mjúk og hentug, bæði í hlaupabrautirnar og á völlinn sjálfan. Auðvitað átti völlurinn misjafna daga, en margir segja að við réttum skilyrði hafi það verið alveg eins og að spila á grasi að leika á honum."

Einn stærsta stund íslenskrar íþróttasögu er jafnan talin hafa átt sér stað á Melavellinum sumarið 1951, þegar Íslendingar sigruðu Svía með fjórum mörkum gegn þremur í landsleik í knattspyrnu. Kári útskýrir að hingað til hafi verið lítið um fáanlegt myndefni frá þessum fræga leik.

„Það má því segja að rúsínan í pylsuendanum hafi verið þegar ég fann lifandi efni á sextán millimetra filmu frá leiknum, sem ég rambaði á í úrklippum sem lágu grafnar einhvers staðar. Það var líkast því að finna gull," segir Kári.



**FALDIR FJÁRSJÓÐIR** Kári G. Schram líkir því við að finna gull þegar hann rambaði á lifandi myndir frá frægum sigurleik Íslendinga á Svíum á Melavellinum árið 1951. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta var auðvitað gríðarlegt efni, bæði timbur og sérstaklega blikkið sem var einstakt á þessum árum, efnismikið og þykkt.

### Einstakar pylsur á Melavelli

Aðspurður segist Kári muna vel eftir Melavellinum. Hann er uppalinn í Vesturbænum, spreytti sig þar nokkrum sinnum með KR í fótbolta og segir minningarnar góðar.

„Margs er að minnast frá vellinum. Eins og kemur fram í myndinni man fólk enn vel eftir pylsunum sem þar voru seldar og segir þær hafa verið einstakar. Þegar Laugardalsvöllurinn tók við árið 1958 hóf starfsemi Melavallarins að minnka. Við tók skautasvellið á veturna, krikketiðkun, hestaíþróttir og fleira í þeim dúr. Og svo auðvitað Melarokkið árið 1982. En svo skemmtilega vill til að þegar mannvirkin á vellinum voru rifin árið 1987 var byggingarefnið úr þeim nýtt af bændum fyrir austan fjall, sem reistu úr því hlöður og fjárhús. Svo það má segja að völlurinn lifi enn. Þetta var auðvitað gríðarlegt efni, bæði timbur og sérstaklega blikkið sem var einstakt á þessum árum, efnismikið og þykkt. Það dugar í hundrað ár í viðbót, ef ekki tvöhundruð ár, og sér ekki á því," segir Kári og hlær.

S J Ó M A N N A D A G U R I N N   2 0 1 1



# Sjórinn er hættulegur vinnustaður

## Sýnum stuðning í merki!

Um aldirnar hefur sjórinn verið helsta auðlind Íslendinga og samgönguæð. Mikill fjöldi íslenskra sjómanna hefur farist við störf sín á hafinu auk þeirra fjölmörgu sem hafa slasast. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar framfarir í slysavörnum og 2008 var fyrsta og eina árið í sögunni án dauðaslysa við Íslandsstrendur.

Öflugar slysavarnir kosta ómælda vinnu og fjármagn – til að geta haldið áfram á sömu braut þurfa allir landsmenn að leggjast á eitt.

Stöndum þétt við bak okkar vösku sjómanna og eflum öryggi þeirra með því að kaupa merki sjómannadagsins 2011. Tökum öll vel á móti sölufólki á næstu dögum.

**Aukum öryggi sjómanna.**

Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar selja merki sjómannadagsins en félagið rekur m.a. Slysavarnaskóla sjómanna um borð í skólaskipinu Sæbjörgu.




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Verndarar Evrópusambandsins



**Framkvæmdastjórn ESB** er birtingarmynd yfirþjóðlegs eðlis sambandsins og átti eitt sinn að verða að ígildi ríkisstjórnar þess. Hún er álitin bandamaður smáríkja. ***Klemens Þrastarson*** skoðar fyrirbærið, sem er með fáa starfsmenn miðað við íslenska ríkið.



**FUNDUR Í FRAMKVÆMDASTJÓRN** José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, lítur hér til ljósmyndara. Framkvæmdastjórnin hefur aðsetur í Brussel og er eins konar framkvæmdarvald ESB en um leið býr hún til lög og reglur og fylgist með því að eftir þeim sé farið. NORDICPHOTOS/AP

Stjórnkerfi Evrópusambandsins er eitt sinnar tegundar í heiminum og líkist annars vegar kerfi þjóðríkis, með ýmis pólitísk völd, og hins vegar milliríkjastofnunar, sem er með öllu háð vilja aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórn ESB er stofnun af fyrrnefndu gerðinni því þar eiga að ráða yfirþjóðleg sjónarmið, sameiginlegir hagsmunir sambandsins, en ekki hagsmunir einstakra aðildarríkja.

Því hafa smáríki álitið þessa „samvisku ESB“ bandamann sinn og barist gegn því að fulltrúum þar verði fækkað.

Framkvæmdastjórnin er sú stofnun ESB sem næst kemst því að vera framkvæmdarvald þess. Hún átti í árdaga Evrópusamstarfsins að þróast í þá átt að verða ríkisstjórn, en aðildarríkin hafa ekki leyft svo mikinn samruna. Framkvæmdastjórnin er kölluð „samrunavélin“, því hún hefur aukna samvinnu ríkjanna að markmiði. Hún kemur að flestum ákvörðunum þess, sér um daglegan rekstur og fjárlög.

Ráðherraráðið og Evrópuþingið geta beðið hana að semja ný lög en framkvæmdastjórnin hefur ein frumkvæði að lagasetningu í ESB.

Hún hefur eftirlit með því að aðildarríki standi við gerða samninga: að sameiginlegi markaðurinn virki eins og vera ber. Þetta er kallað að vera „verndari sáttmálanna“ og þýðir að framkvæmdastjórnin sendir frá sér um 2.000 ályktanir og tilkynningar um það sem betur má fara á ári hverju. Aðildarríkin bæta þá oftast úr vandanum. Þó fara á ári hverju um 200 mál alla leið fyrir Evrópudómstólinn, oftast vegna brota Grikkja, Ítala og Portúgala.

### Hver með sinn málaflokk

Framkvæmdastjórnin er rödd ESB á alþjóðavettvangi og semur við ríki innan sem utan sambandsins, því hún gegnir hlutverki sáttasemjara innan þess. Hún sættir ríki bæði og hagsmunaaðila, með miklu og skipulögðu samráði á öllum stigum.

Hún samanstendur af 27 fulltrúum, sem hver og einn er tilnefndur af sínu heimaríki og hefur ákveðinn málaflokk á sinni könnu. Sem dæmi situr þar Spánverjinn Joaquín Almunia og sér um samkeppnismál, en sú sem fer með innanríkismál (t.d. Schengen-samstarfið) er hin sænska Cecilia Malmström. Ákvarðanir þessa fólks geta einnig orðið að reglum hjá EES-þjóðum, eins og Íslandi, sem eiga enga fulltrúa í framkvæmdastjórninni.

### Heimaríki og ákvarðanataka

Framkvæmdastjórnin situr til fimm ára í senn en sjálfir framkvæmdastjórarnir geta setið lengur. Heimaríkið, sem upphaflega tilnefndi framkvæmdastjórann, getur ekki sett hann af og á þetta að tryggja sjálfstæði hans.

Forseti framkvæmdastjórnarinnar útdeilir málaflokkum í upphafi skipunartímans og ákveður hvaða framkvæmdastjóri fer með hvern málaflokk, þótt aðildarríki skipti sér einnig af því. Slík afskipti gefa til kynna að í raun séu framkvæmdastjórarnir ekki með öllu óháðir heimaríkjunum.

Framkvæmdastjórarnir 27 hittast vikulega á fremur stuttum fundum þar sem forsetinn hefur mest áhrif á stefnumótun og tillögur að lagasetningu. Ákvarðanir sem teknar eru mótast þó mjög í ótöldum nefndum og af álitum fjölmargra hagsmunaaðila. Þetta tryggir aðkomu sem flestra en ókostur er að margir bera ábyrgð á ákvarðanatökunni.

### Tiltölulega fáir starfsmenn

Hver framkvæmdastjóri hefur sex aðstoðarmenn, fólk sem kemur með honum til starfans eða var fyrir á fleti innan málaflokksins. Minnst tveir þeirra eru konur og minnst þrír úr öðru landi en framkvæmdastjórinn sjálfur. Formaður hópsins á helst ekki að vera landi framkvæmdastjórans.

Það sem heitir „stjórnarsvið“ framkvæmdastjórnarinnar er sambærilegt ráðuneytum aðildarríkja og rímar að mestu leyti við málaflokkana. Á meðalstóru stjórnarsviði starfa 200 til 500 manns. Stærsta sviðið er landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarsvið, með næstum þúsund starfsmenn. Stjórnarsvið stækkunarmála sér um aðildarviðræður við Ísland og heldur úti sendinefnd í Aðalstræti.

Samkvæmt upplýsingum frá téðri sendinefnd starfa í framkvæmdastjórninni um 32.000 manns. Þetta fólk vinnur í um fjörutíu stjórnarsviðum og deildum og er það sem kalla mætti ríkisstarfsmenn ESB. Þetta er lunginn úr starfsmannafjölda ESB, sem er um 40.000 manns.

Nefna má til samanburðar að tvær milljónir starfa hjá bandaríska ríkinu og um 22.000 manns hjá því íslenska. Um 80.000 manns starfa í breska varnarmálaráðuneytinu.

Ráðuneyti aðildarríkja ESB sjá um að framfylgja ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar að nokkru leyti og skýrir það að hluta starfsmannafæðina, auk þess sem aðildarríkin tíma einfaldlega ekki að ráða fleiri starfsmenn til ESB.

Alla jafna eru um 300 starfsmenn fyrir hverja 10.000 íbúa í stjórnsýslu aðildarríkjanna en í stofnunum ESB starfa einungis 0,8 opinberir starfsmenn fyrir hverja 10.000 íbúa.

### Gagnsæir Svíar leiða umbæturnar

Erfitt og eftirsótt er að komast í þennan vel launaða hóp ESB-starfsmanna. Aðildarríkin hafa reynt að halda í þjóðerniskvóta í efstu stöðunum en framkvæmdastjórnin sjálf reynt að draga úr honum, til að tryggja sér hæfasta starfsfólkið.

Mikið vinnuálag er á starfsmönnum framkvæmdastjórnarinnar og stjórnarsviðin misvel skipulögð. Oft berjast aðildarríkin sjálf gegn umbótum en lengi hefur verið unnið að því að „nútímavæða“ starfshætti stofnunarinnar. Svíum blöskraði hve lítið gagnsæi var í Brussel þegar þeir gengu í ESB 1995 og hafa haft forystu um að betrumbæta starfshættina.

## ■ VÖLD, ÁHRIF OG LÝÐRÆÐI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR:

### Dæmi um gjörninga

➜ Rammalöggjöf/tilskipun um (díoxín)mengun frá sorpbrennslum.



➜ Reglugerð um tolla á landbúnaðarafurðir.



➜ Ákvörðun um að leyfa ekki sameiningu stórfyrirtækja.

➜ Skoðun um að hefja eigi aðildarviðræður við Ísland.



## Lýðræðishalli og samkeppni frá öðrum stofnunum

Dregið hefur úr völdum framkvæmdastjórnarinnar síðustu ár. Þegar upp komst um spillingu þar 1999 hafði það letjandi áhrif á hana og þáverandi stjórn sagði af sér.

Þá hefur dreifræðisregla frá 1992, um að ákvarðanir skuli teknar á sem lægstu stjórnsýslustigi, til dæmis í sveitarstjórn, skert miðstýringarmöguleika hennar. Aðildarríkin virðast ekki áhugasöm um að samrunaferli ESB nái mikið lengra í bili. „Samrunavélin“ hefur því minna að gera. Hún hefur og glatað völdum til *leiðtogaráðsins*, sem er ráð leiðtoga aðildarríkjanna 27. Síðast en ekki síst hefur framkvæmdastjórnin gefið eftir pólitísk áhrif til *Evrópuþingsins* síðustu ár, vegna kröfu um að stofnanir ESB skuli hafa lýðræðislegt umboð.

Í þessum helstu valdastofnunum ESB, og líka í *ráðherraráðinu*, sitja kjörnir fulltrúar. Kosið er beint til þingsins en í ráðin setjast ráðherrar aðildarríkjanna.

Fulltrúar í framkvæmdastjórninni eru hins vegar ekki kjörnir fulltrúar, heldur fólk sem er tilnefnt af leiðtogaráðinu (aðildarríkjum) og samþykkt af þinginu.

Þessi stofnun þjáist því umfram aðrar af svokölluðum lýðræðishalla: langt er frá kjósanda til ákvörðunartöku. Til tals hefur komið að bæta úr þessu, t.d. með því að kjósa forseta framkvæmdastjórnarinnar beinni kosningu. En það þýddi að forsetinn væri sá einstaklingur ESB sem hefði mest lýðræðislegt umboð, meira en helstu fulltrúar þjóðríkjanna hafa í leiðtogaráðinu. Þetta væri því skref í átt til stóraukins „yfirþjóðleika“ sem fæst aðildarríkin eru tilbúin að kyngja.

Ýmsar leiðir eru farnar til að bæta úr þessum lýðræðislega umboðsskorti forsetans. Núverandi forseti er Portúgalinn José Manuel Barroso, sem hefur setið frá 2004. Þegar Barroso var valinn var tekið tillit til vinsælda stjórnmálahreyfingar hans á Evrópuþinginu. Einnig var litið til þess að hann væri frá suðrænu aðildarríki, ólíkt öðrum helstu leiðtogum ESB, að það væri fremur lítið ríki, og svo framvegis.

Barroso var óvinsæll meðal félagshyggju- og náttúruverndarfólks, því hann er nýfrjálshyggjusinni. Þessi fyrrverandi forsætisráðherra þurfti því að standa fyrir máli sínu frammi fyrir Evrópuþingmönnum, sem hefðu getað hafnað honum, áður en hann fékk starfið.

## Forsetar síðustu ára

| Ár | Forseti | Var áður |
|---|---|---|
| 1995-1999 | Jacques Santer | Forsætisráðherra Lúxemborgar |
| 1999 | Manuel Marin | Utanríkisráðherra Spánar |
| 1999-2004 | Romano Prodi | Forsætisráðherra Ítalíu |
| 2004-? | José Manuel Barroso | Forsætisráðherra Portúgals |

Pólitísk staða allra forseta framkvæmdastjórnarinnar, síðan hinn farsæli Jacques Delors hætti 1995, hefur verið veik. Núverandi forseti, Barroso, er miðlungssterkur og þykir hafa staðið sig þokkalega innan framkvæmdastjórnarinnar sjálfrar. Hann hafi hins vegar skort metnað og hugsjónir um framtíð Evrópu.

Varaforseti stjórnarinnar, og um leið utanríkismálafulltrúi ESB, er breska barónessan og Verkamannaflokkskonan Catherine Ashton. Hún hefur verið nokkuð gagnrýnd fyrir frammistöðu sína í starfi.



CATHERINE ASHTON

# Lager-hreinsun

**Laugardaginn 4. júní frá kl. 10-16**

## að Klettshálsi 5 · 110 Reykjavík

## Allt að 90% afsláttur

Bílahreinsivörur allt að 80% afsláttur
Ferðavörur allt að 90% afsláttur
Ljós allt að 80% afsláttur
Aukahlutir allt að 90% afsláttur
Verkfæri allt að 80% afsláttur




Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling

SJÓARINN SÍKÁTI



## Fjörug bæjarhátíð

**Hátíðarhöld fyrir unga og aldna í Grindavík um helgina**

Grindvíkingar slá tvær flugur í einu höggi, halda bæjarhátíð um leið og þeir fagna sjómannadeginum eins og gert er um land allt. Sjóarinn síkáti er heiti þessara hátíðar sem er ein stærsta bæjarhátíð landsins. Hátíðarhöldin hófust í gær og standa fram til morgundagsins. Dagskrá hátíðarinnar er mjög fjölbreytt en meðal þess sem gestir geta notið í dag eru ratleikur, andlitsmálun, harmóníkuball, skemmtisigling og fleira. Í kvöld er svo Presley-skemmtun og dansleikir. Á morgun eru hefðbundin hátíðarhöld í tilefni sjómannadagsins og ýmislegt annað skemmtilegt að gerast. Nákvæma dagskrá má finna hér: http://www.grindavik.is/gogn/2011/netidstora.pdf

## Gengið í nágrenni Grindavíkur

**Ýmislegt annað er á döfinni í Grindavík í sumar en Sjóarinn síkáti. Meðal þess er:**

**Reykjanesgönguferðir Rannveigar**

Hinn 8. júní verður kynning í Bláa lóninu á dagskrá gönguferða sumarsins. Svo er gengið frá Bláa lóninu að Þorbirni og þaðan eftir stikuðum Reykjaveginum yfir Blettahraun að Eldvörpum þar sem göngumenn fá hressingu eftir gönguna.



**Náttúruvika á Reykjanesi**

Náttúruvikan á Reykjanesi verður haldin 19. til 25. júní. Nánari upplýsingar á síðunni www.sjfmenningarmidlun.is

**Jónsmessuganga á Þorbjörn**

25. júní verður Jónsmessuganga á bæjarfjall Grindvíkinga, Þorbjörn. Gangan hefst klukkan 20.00 og endar í Bláa lóninu. Varðeldur og tónlistaratriði.

**Af stað á Reykjanesið**

29. júlí til 1. ágúst Gönguhátíð í Grindavíkurlandi um verslunarmannahelgina.

Frekari upplýsingar um viðburði og áhugaverða staði á Reykjanesinu er til að mynda að finna á eftirfarandi vefsíðum: www.reykjanes.is, www.grindavik.is, www.sjfmenningarmidlun.is, www.sandgerdi.is, www.sv-gardur.is







# Saltfiskur og sandstrendur

Margt áhugavert leynist á Suðurnesjum og heimsókn þangað er sannarlega ferðarinnar virði. Fréttablaðið bendir hér á nokkra af mörgum áhugaverðum stöðum sem vert er að skoða á **Reykjanesi**.

**1. Keilir**

Keilir blasir við víða á höfuðborgarsvæðinu, formfagur og fallegur. Leiðin upp er stikuð og á allra færi en mælt er með því að fara í góðu veðri.

**2. Kaffitár**

Í Ytri-Njarðvík eru höfuðstöðvar kaffibrennslu Kaffitárs og kaffihúsakeðjunnar samnefndu. Þar er huggulegt kaffihús og verslun þar sem sömuleiðis er möguleiki að skoða kaffibrennsluna.

**3. Keflavík**

Heimamenn mæla með bæjarrölti í Keflavík, búðarápi í miðbænum og pylsustoppi á pylsubarnum hans Villa við Tjarnargötu. Rokkheimar Rúnars Júlíussonar eru vitaskuld skylduheimsókn fyrir alla íslenska tónlistaráhugamenn. Einnig er hægt að mæla með heimsókn í Víkingaheima.

**4. Sullað í vatni**



Vatnaveröldin í Reykjanesbæ er vel heppnaður yfirbyggður vatnsleikjagarður fyrir alla fjölskylduna. Fyrir þá sem eru í hefðbundnari sundhugleiðingum er óhætt að mæla með sundlaugunum í Grindavík, í Garði og Sandgerði.

**5. Garðskagi**



Garðskagaviti í Garði er skemmtilegur heim að sækja, gamli vitinn er vinsæll en einnig er hægt að skoða nýja vitann. Hvít sandfjaran er svo sannarlega heimsóknarinnar virði. Einnig er óhætt að mæla með heimsókn í Byggðasafnið og á kaffihúsið þar.

**6. Sandvík**

Í einni fjöru á landinu er hægt að slá þær flugur í einu höggi að fara í fjöruferð og á slóðir Clints Eastwood. Í Sandvík er afar falleg fjara þar sem sjá má háa melgresishóla og Hafnaberg. Fjaran öðlaðist sinn sess í kvikmyndasögunni í myndinni Flags of Our Fathers.

**7. Gunnuhver og heimshlutabrú**

Fyrir ári voru teknir í notkun nýir göngu- og útsýnispallar við hinn merka Gunnuhver, rétt austan við Reykjanesvita. Á þessum slóðum má einnig mæla með Reykjanesvita og svo er gaman að stíga á hina svonefndu brú á milli heimshluta sem reist hefur verið á mótum Ameríku- og Evrópuflekans.

**8. Hvalsneskirkja**

Hvalsneskirkja í Kotvogi suður af Sandgerði var vígð árið 1887. Hún er afar falleg, byggð úr tilhöggnu grjóti og geymir meðal annars altaristöflu eftir Sigurð Guðmundsson sem sýnir upprisuna.



**9. Þorbjörn og Festarfjall**

Óhætt er að mæla með göngu á bæjarfjall Grindvíkinga, Þorbjörn (231 m.y.s), og Festarfjall (201 m.y.s), sem er skammt austan Grindavíkur, fyrir fjölskylduna.

**10. Saltfisksetrið**

Saltfisksetrið í Grindavík er sjálfsagður áfangastaður í Suðurnesjatúr. Þar eru nær alltaf skemmtilegar listsýningar og upplifunarsýning sem sýnir „sögu verkunar og sölu á saltfiski og þýðingu hans fyrir þjóðarbúið í gegn um tíðina“ eins og segir á heimasíðu setursins.

**11. Krýsuvík**

Seltún er fallegt hverasvæði steinsnar frá höfuðborginni þar sem skoða má ævintýralegt landslag í einstöku umhverfi. Hið dularfulla Kleifarvatn er síðan skammt undan.






Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is



## Farið hægar og skoðið meira

Góð ráð fyrir fjölskyldur í fjallgöngum.

SÍÐA 6



## Gaman að hjálpa til

Ólöf Gunnlaugsdóttir nýtur lífsins í sveitinni hjá ömmu og afa á sumrin.

SÍÐA 2

okkar Framtíð • fyrir „efin" í lífinu • og fjárhag fullorðinsáranna
Er þitt barn okkar barn?
OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin" í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.
zebra
okkar



Anna Sigríður Ólafsdóttir og Anna Katrín Hilmarsdóttir með dúnmjúka kettlinga í fanginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Upplifa vorið í sveitinni

Vorið er tími ungviðisins í sveitum landsins. Óvíða er þó jafn líflegt og á Grjóteyri í Kjós því fyrir utan nýfædd lömb, kálfa, kiðlinga, kettlinga, hvolpa, hænuunga og folöld streyma þangað börn af höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum tekið á móti um sjö þúsund manns á hverju vori síðustu árin og tímum ekki að hætta. Það er svo gaman að sjá hvað börnin njóta þess að umgangast húsdýrin, þefa af þeim og gæla við þau," segir Hildur Axelsdóttir, húsfreyja á Grjóteyri í Kjós, sem ásamt manni sínum, Kristjáni Finnssyni, hefur tekið á móti leikskólabörnum í maí frá árinu 1967. Framan af komu börnin með starfsfólki leikskólanna en á seinni árum hafa foreldrar bæst við og jafnvel afar og ömmur. Aðstaðan til að taka á móti hópum á Grjóteyri er þannig að öll dýrin eru undir sama þaki, grillaðstaða og leiksvæði er úti við og hægt er að snæða inni við ef þannig viðrar.

Fréttablaðið fylgdist með hópi frá leikskólanum Dvergasteini en leikskólastjórinn þar, Elín Mjöll Jónasdóttir, var í sinni 27. heimsókn að Grjóteyri.

*- gun*

FRAMHALD Á SÍÐU 4

VIKUTILBOÐ Á LCD SKJÁ


29.990
FULLT VERÐ KR. 34.990
1920x1080p UPPLAUSN
ALLTAF BETRA VERÐ
SEX VERSLANIR
TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR



Ragnheiður Tryggvadóttir skrifar

# Orkusparnaður

Þegar börnin eru fleiri en eitt í fjölskyldu er freistandi að spara bæði tíma og fyrirhöfn, að ekki sé minnst á orku, með því að sameina ýmislegt. Svo sem baðferðir, lestrarstundir, útivist og afmælisveislur, eins ósanngjarnt og það hljómar.

Börnin mín eru einmitt tvö, fædd í apríl og maí. Aldursmunurinn er þó þrjú ár og auk þess eru þau hvort af sínu kyni. Til að byrja með ætlaði ég því alls ekki að falla í þessa gryfju. Einstaklingseðli hvors um sig fengi að blómstra enda taldi ég mig fullfæra um að sjá til þess. Búna viljastyrk og þolinmæði til að halda uppi þeim reglum, skipulagi og aga sem þyrfti til að þau fengju sitt persónulega rými.

Þessu var svo sem ekki flókið að framfylgja þegar barnið var bara eitt. En svo urðu þau tvö, og viljastyrkurinn og þolinmæðin gáfu sig merkilega hratt. Frelsi barnanna til að blómstra sem einstaklingar á eigin forsendum vék fyrir hagræðingu en aðallega andlegum orkusparnaði, móðurinni til handa.

Þegar drengurinn var ungbarn var hann baðaður í bala og systir hans hafði baðkarið út af fyrir sig. Baðferðirnar voru hennar bestu stundir og ég sá ekki fyrir mér að taka þær af henni. Drengurinn yrði jafnframt að fá sínar eigin skvettustundir í baðkarinu, ég myndi baða þau hvort í sínu lagi svo þau gætu notið frelsisins með nóg pláss. Ég gafst þó fljótlega upp á daglegum baðferðum og umstanginu sem þeim fylgdi. Þegar drengurinn hafði náð þeim áfanga að geta setið einn var honum skellt í baðkarið með systur sinni. Þar með voru gæðabaðstundir hvors þeirra úti . Nú slást þau með þvottastykkjunum og kvarta yfir plássfrekju hvors annars. Hins vegar þarf ég ekki að þurrka upp baðherbergisgólfið nema annan hvern dag.



Vegna hagræðingar og tímasparnaðar voru lestrarstundirnar einnig sameinaðar í eina og hafðar strax eftir sameiginlega baðið. Litli bróðir þarf því stundum að láta sér lynda sögu sem hann ekki skilur, og stóra systir að láta sér leiðast yfir smábarnalegum harðspjaldabókum. Þetta sparar mér þó talsverða orku að kvöldi dags, sérstaklega eftir skvettumikla baðdaga. Afmælisdagur hvers einstaklings er mikilvægur og hann ætti hver að fá að eiga fyrir sig, eða hvað? Þar sem stutt er á milli afmælisdaga barnanna minna var þó bara haldin ein veisla þetta árið.

Auðvitað er ég með nagandi samviskubit yfir því að allar þessar hagræðingar og sameiningar skerði einstaklingsþroska barnanna. Það slær þó á samviskubitið þegar systkinin bresta skyndilega saman í einróma söng, mitt í öllum skvettuganginum í baðinu.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Roald Viðar Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Gunnar V. Andrésson Pennar: Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*



**Sæt lömb í sveitinni** „Ég fór líka næstum hverja helgi í vor, í sauðburðinn," segir Ólöf.



**Á fáki fráum** Ólöf bregður á leik með frænku sinni Ragnheiði Katrínu, sem er einnig mikið í sveitinni hjá ömmu og afa. Þær eru báðar miklar hestastelpur.



**Ólöf og Blekking** Ólöf Gunnlaugsdóttir hefur farið á hverju sumri síðan hún man eftir sér í sveitina til afa og ömmu í Húsagarði. Þar fer hún á hestbak hvenær sem tækifæri gefst. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Er í sveitinni **öll sumur**

Vist í sveit þótti sjálfsagt mál hér á árum áður. Í dag er ekki eins algengt að krakkar kynnist sveitalífinu af eigin raun nema þeir sem eru svo heppnir að eiga þar afa og ömmu.

Ólöf Gunnlaugsdóttir er fjórtán ára og fer í níunda bekk í Réttarholtsskóla í haust. Hún æfir handbolta með Víkingi á veturna og finnst skemmtilegt að fara í sund með vinkonum sínum og spjalla. En þegar skóla lýkur á vorin er hún rokin upp í sveit til afa síns og ömmu, í Húsagarði í Landssveit í Rangárvallasýslu.

„Ég hef farið til ömmu og afa síðan ég man eftir mér og er nánast allt sumarið í sveitinni," segir Ólöf. „Ég fór líka næstum hverja helgi í vor, í sauðburðinn," bætir hún við en sjálf á hún eina á sem hún kallar Rassmínu Reyknefs.

Amma hennar og afi, Ólafur Andrésson og Ólafía Sveinsdóttir, búa með 200 kindur og nokkra hesta. Ólöf er mikil hestastelpa og fer í útreiðartúra hvenær sem tækifæri gefst, „Ég á hest í sveitinni sem heitir Blekking og við förum á hverju ári í hestaferð í Landmannahelli. Það er mjög gaman."

Ólöf gengur í öll störf á bænum og þegar hún er spurð hvað sé skemmtilegast við að vera í sveitinni segir hún „allt!".

„Það er bara alltaf mikið að gera í sveitinni og ekkert verið að hanga inni í tölvunni. Bara drífa sig út að gera eitthvað. Mér finnst bara gaman að hjálpa til við allt og fer oft með afa að girða en hann er girðingaverktaki. Svo er alltaf rosalega gaman að fara í réttirnar á haustin." En saknar Ólöf vinkvennanna í bænum þegar hún fer í sveitina? „Kannski smá, en frændsystkini mín, sem eru á sama aldri og ég, koma líka í sveitina og það er alltaf nóg að gera."

Ætlar Ólöf þá að verða bóndi þegar hún verður stór? „Nei, ég held ekki. Ég veit ekki alveg hvað ég vil verða." - rat



**Glatt á hjalla** Ólöf ásamt fríðu föruneyti á leið inn á Landmannaafrétt að sækja fé.




## Leikur og gleði í fyrirrúmi

Leynileikhúsið verður með tvö námskeið í sumar, leiklistarnámskeið og söngleikjanámskeið sem fara fram í Tjarnarbíói og í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Á því fyrrnefnda verða kennd grunnatriði í leiklist í gegnum leiki og æfingar og í sumar munu hóparnir fara út og sækja innblástur í mannlífið og náttúruna. Hvert námskeið er vikulangt, hálfan dag í senn, og kennsla er í höndum lærðra leikara. Dans og söngur verður í fyrirrúmi á söngleikjanámskeiðinu, en að þessu sinni er Selma Björnsdóttir aðalkennari. Nánari upplýsingar á slóðinni www.leynileikhusid.is og í síma 864-9373.



# ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

BORÐSTOFUBORÐ
200X100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-

TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-



# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi
Stærð: 310X180
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi
Stærð: 295X167
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

**FRAMHALD AF FORSÍÐU**











1. Kálfurinn drekkur af áfergju úr pelanum hjá Ösku Lilju Finze.
2. Fjórhjólið er spennandi í augum Brynju Jóhannsdóttur, Mikaels Köll Guðmundssonar, Antons Ragnars Vigfússonar og Hrafnkels Kára Karlssonar.
3. Elín Mjöll Jónasdóttir leikskólastjóri ásamt Valþóri Reyni og Rannveigu Ethel Gunnarsbörnum.
4. Hildur húsfreyja með piltunum Einari Birni Ragnarssyni og Ólíver Orra Valssyni.
5. Ólöf Anna Bergsdóttir er voða góð við marglitan hænuunga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


"... að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi."

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk."



okkar Framtíð • fyrir „efin" í lífinu • og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.

okkar

*Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á **okkar.is***

zebra



**Blómadagur Skólavörðustígsins** er í dag. Dagurinn er haldinn hátíðlegur í tilefni sumarkomu og er samstarf íbúa og rekstraraðila við Skólavörðustíg. Börn afhenda gestum og gangandi blóm og ávexti, dans verður stiginn og tónlist leikin.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473







Haffi Haff hélt ungur til sjós og telur þá dýrmætu reynslu hafa veitt sér forskot í lífinu.

# Sjómennskan heillar enn



Hafsteinn Þór Guðjónsson, betur þekktur sem Haffi Haff, hefur sýnt að honum er fleira til lista lagt en tónsmíðar og tískuráðleggingar, eins og sannaðist rækilega með sigrinum í þrautaþættinum Wipeout. Þótt ungur sé að árum, einungis 26 ára, hefur Haffi marga fjöruna sopið og hélt snemma til sjós ásamt föður sínum við strendur Alaska.

„Pabbi er skipstjóri og á tvö krabbaveiðiskip í Seattle og ég var ekki hár í loftinu þegar ég fékk að fara í fyrsta túrinn, bara átta ára. Pabbi gætti auðvitað vel að öryggi mínu og veran um borð var fyrst og fremst hugsuð sem tími sem við feðgarnir gætum átt saman. Þetta var alls engin þrælkunarvinna heldur leikur, allavega svona fyrst í stað,“ segir Haffi léttur í bragði þegar

FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON













**Fyrirlestur um sjósókn kvenna á 18. öld**, harmóníkutónar og ratleikur verða á dagskrá Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á morgun. Ragnhildur Bragadóttir fjallar meðal annars um aðstæður íslenskra sjókvenna, aðbúð, samfélagsstöðu, launakjör og afköst og hefst fyrirlesturinn klukkan 16.



HOLLUR
BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið




GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli



Fjöllistamaðurinn Jay Gilligan frá Bandaríkjunum, meðlimur í sirkusnum Shoebox, sýnir listir sínar í Kvikunni í Grindavík á morgun klukkan 16. Jay er fjöllistamaður á heimsmælikvarða og hefur leikið listir sínar um allan heim. Sýningin, sem ætluð er öllum aldurshópum, er hluti af hátíðinni Sjóarinn síkáti.

www.grindavik.is/sjoarinnsikati



Vígreif sjóræningjaáhöfn Sæbjargarinnar sem býður gestum í siglingu í dag klukkan 13, 14 og 15. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góðlegir sjóræningjar herja á Faxaflóamið

**Hilmar Snorrason bregður sér í hlutverk sjóræningjaskipstjóra í dag þegar hann siglir Sæbjörginni, skipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, undir sjóræningjafána. Hann hvetur fólk til að mæta í búningum.**

Prúðbúin sjóræningjaáhöfn tekur á móti gestum við Bótabryggjuna á Grandagarði í dag í tilefni Hátíðar hafsins. Hilmar Snorrason, skipstjóri á Sæbjörginni, skipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, verður þar fremstur í flokki klæddur í anda Jacks Sparrow. „Við munum draga sjóræningjafána að húni og líklega munu einhver sjóræningjalög hljóma í hátalarakerfinu,“ upplýsir hann og hvetur sem flesta til að draga fram sjóræningjaklæðnað í tilefni dagsins.

Sæbjörgin fer þrjár ferðir með farþega í dag, klukkan 13, 14 og 15 og komast um 500 gestir með í hvert sinn. Ferðin tekur rúman hálftíma og geta gestir virt fyrir sér útsýnið um sundin blá fyrir utan Reykjavíkurhöfn auk þess sem hægt er að gæða sér á ljúffengum kaffiveitingum sem kvennadeild Landsbjargar verður með til sölu.

En hvernig vaknaði hugmyndin að sjóræningjaþemanu? „Við fórum að velta því fyrir okkur í vetur hvað við gætum gert til að brydda upp á nýjung í tengslum við Hátíð hafsins. Þá skaut þessi hugmynd upp kollinum og öllum leist vel á enda skemmtilegt fyrir krakkana,“ svarar Hilmar en búningar áhafnarinnar koma úr ýmsum áttum. „Sumt var til í skápum, annað keyptum við hérlendis eða erlendis,“ segir hann glaðlega.

Hilmar tekur sérstaklega fram að sjóræningjar Sæbjargarinnar séu hvorki þjófóttir né svikulir. „Við erum þessir góðu sjóræningjar sem vilja vekja börnin til umhugsunar um öryggismál,“ segir hann.

Sæbjörgin fer einnig þrjár ferðir á morgun. „Þá leggjum við hins vegar sjóræningjalarfana á hilluna og drögum fram spariföt Sjómannadagsins,“ segir Hilmar. Margt annað er í boði á Hátíð hafsins en dagskrána má kynna sér á vefsíðunni www.hatidhafsins.is

*solveig@frettabladid.is*




20% afsláttur
af öllum vörum lau. og mán.

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17
www.facebook.com/IanaReykjavik
IANA

## Framhald af forsíðu

blaðamaður grennslast fyrir um þennan kafla í lífi hans.

Getuna til að takast á við ólík og krefjandi verkefni þakkar glyspopparinn reynslunni af sjómennskunni á sumrin, enda hafi ekki síður þurft kjark og þor til að takast á við sjálfa áhöfnina en óblíðnáttúruöflin. „Þetta var þroskandi tími, þarna fullorðnaðist ég mjög hratt. Ég fékk meiri ábyrgð og vinnu eftir því sem árin liðu og ávann mér þannig virðingu hinna, sem er ekkert lítið mál enda sjómenn mikil hörkutól,“ segir Haffi, sem lenti í ýmsum ævintýrum á hafi úti.

„Eitt eftirminnilegasta atvikið og reyndar skelfilegasta líka var þegar við rákumst á annað skip. Algjört neyðarástand ríkti um tíma þar sem við bjuggumst allt eins við að skipið sykki þá og þegar. Sem betur fer slapp kjölurinn en tjónið var heilmikið.“

Þótt sjómannslífið hafi átt vel við Haffa stefndi hugurinn snemma annað. „Eiginlega gerðist það á þessum tíma á túrunum að mig fór að dreyma um að verða hönnuður. Langaði ekkert að verða frægur en var ákveðinn í að ná langt hvert svo sem leiðin lægi, en sjómennskan styrkti mig og kenndi mér sjálfstjórn og aga sem ég hef haft síðan. Hún veitti mér líka frelsi, ég fékk tíma til að átta mig á því hver ég er og hvað ég vildi, ég blómstraði alveg í þessu umhverfi. Þannig að ég tel þessa reynslu hafa verið jákvæða í alla staði og veitt mér ákveðið forskot í lífinu.“



„Sjómennskan styrkti mig og kenndi mér sjálfstjórn og aga,“ segir Haffi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að endingu fór þó svo að tónlistin varð ofan á og um þessar mundir er Haffi að leggja lokahönd á nýtt efni. „Ég er á kafi að útsetja en er ekki alveg klár á því hvernig það kemur út, hvort það verður á diski eða með öðru sniði. Svo ætla ég að gefa mér góðan tíma í þetta, enda fullkomnunarsinni,“ segir hann.

Þig langar ekkert aftur á sjóinn? „Ég gæti vel hugsað mér það. Ég var að spá í að fara á sjó hér en komst að þeirri niðurstöðu að ég vildi frekar skella mér með pabba við tækifæri og verja með honum góðum tíma.“

Sjóaraeðlið segir þó alltaf til sín og á morgun ætlar Haffi að leggja leið sína niður á Reykjavíkurhöfn þar sem Sjómannadagurinn verður haldinn hátíðlegur. „Yfirleitt eru helgarnar mínar pakkaðar en þessi er tiltölulega róleg svo ég ætla að gera mér glaðan dag og rölta niður á bryggju. Njóta lífsins og samfagna með hinum sjóurunum,“ segir hann og glottir.

*roald@frettabladid.is*

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

KYNNING




Yoyo ísbúðin var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, þar sem sjálfsafgreiðsla er á ís og meðlæti. Afgreiðslan er mjög hröð að sögn Ásgeirs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ný Yoyo jógúrtísbúð opnuð í sumar

**Yoyo ísbúðin við Nýbýlaveg í Kópavogi hefur notið mikilla vinsælda frá því hún var opnuð í lok síðasta sumars. Til að fylgja eftir velgengninni verður opnuð ný Yoyo ísbúð hjá Domus Medica um miðjan júní.**

„Við erum að fara að opna aðra ísbúð hjá Domus Medica. Við reiknum með að hún verði opnuð um miðjan júní,“ segir Ásgeir Einarsson, einn af eigendum Yoyo ísbúðarinnar. Á síðasta ári var fyrsta Yoyo ísbúðin opnuð við Nýbýlaveg 18 í Kópavogi og að sögn Ásgeirs hefur hún notið mikilla vinsælda. „Íslendingar hafa tekið okkur mjög vel.“

Nýja ísbúðin hjá Domus Medica verður með svipuðu sniði og sú fyrri. „Við verðum líka með sjálfsafgreiðslu með sex ísvélum. Það verður sami nammi- og ávaxtabar,“ segir Ásgeir en Yoyo ísbúðin var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi þar sem sjálfsafgreiðsla er á ís og meðlæti. „Afgreiðslan hjá okkur er mjög hröð. Við bjóðum upp á ís í boxi. Það er ein stærð af boxum og fólk fer í ísvélarnar og skammtar sér sjálft. Svo er hægt að velja á milli tuttugu tegunda af nammi og ávöxtum af ávaxtabar og nammibar, ef fólk hefur áhuga“ segir Ásgeir og heldur áfram: „Að lokum er hægt að toppa ísinn með fjórum tegundum af sósum. Þegar ísinn er tilbúinn er hann vigtaður. Hundrað grömm hjá okkur eru á 169 krónur sem ég tel vera ódýrt. Meðal ísboxið er í kringum 450 krónur. Ég held að við séum mjög sanngjarnir hvað verðlagningu varðar.“

Ísinn er jógúrtís sem búinn er til á staðnum. „Ísinn er gerður hjá okkur daglega þannig að hann er alltaf ferskur,“ segir Ásgeir og bætir við að jógúrtís sé hollari en klassíski rjómaísinn. „Þetta er fituminni ís. Í dag er hann í kringum þrjú prósent fita.“

Ásgeir segir að á hverjum degi sé boðið upp á tólf mismunandi tegundir af ís. Súkkulaði- og vanilluís er alltaf á boðstólum en stöðugar breytingar eru á öðrum tegundum. „Við sjáum samt að fólk vill hafa fleiri tegundir fastar. Það er leiðinlegt að fara í ísbúðina og ísinn þinn er ekki á boðstólum,“ segir Ásgeir og bætir við að stefnt sé að því að festa fleiri vinsælar tegundir. „Eins og banana- og jarðarberjaís. Þetta eru tegundir sem klárlega verða að vera fastar. Það má ekki rótera of miklu,“ upplýsir Ásgeir, sem segir að fimmtíu til sextíu tegundir séu í boði í heildina.

Ísinn er jógúrtís sem búinn er til á staðnum. „Ísinn er gerður hjá okkur daglega þannig að hann er alltaf ferskur,“ segir Ásgeir.





Á meðal tegunda sem boðið hefur verið upp á eru tíramísú, lakkrís og mangó. MYND/ÚR EINKASAFNI




Á hverjum degi stendur valið á milli tólf ístegunda auk meðlætis úr ávaxta- og nammibar. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Fimmtíu tegundir

**Hjá Yoyo er boðið upp á tólf mismunandi tegundir af ís á dag. Alla daga er hægt að fá vanillu- og súkkulaðiís en öðrum tegundum er skipt út en í heildina eru tegundirnar fimmtíu til sextíu. Sem dæmi um nokkrar ístegundir sem í boði hafa verið eru:**

- New York ostakaka
- Kíví og lime
- Bananar og ber
- Pina colada
- Havaíísk kókoshneta
- Grænt te
- Sykurpúðar
- Villt kirsuber
- Bláber
- Pistasíur
- Hvítt súkkulaði
- Mandarína
- Sítróna
- Apríkósa og mangó
- Grænt epli
- Hvítt súkkulaði og jarðarber




## Laus störf hjá Hagstofu Íslands

*Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starfið sem þar fer fram. Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess í starfsemi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is.*

## Sérfræðingur í mannfjölda- og manntalsdeild

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa við gerð rafræns manntals. Starfið felst í að vinna við tengingu einstaklinga við íbúðir og við lýðfræðigrunna og híbýlaskrá, gerð gæða- og stöðuskýrslna, tölfræðilegar prófanir, úrvinnslu á gögnum og frágang veftaflna. Starfið er tímabundið til tveggja ára.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf á sviði félagsvísinda.
- ✓ Menntun og/eða reynsla á sviði aðferðafræði, tölfræði, rannsókna og kannanagerðar.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL) er kostur.
- ✓ Þekking á tölfræðiforritum (td. SPSS, R, SAS) er kostur.
- ✓ Samviskusemi og vandvirkni.
- ✓ Sjálfstæði og frumkvæði til að leita nýrra leiða við úrlausn verkefna.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.

## Sérfræðingur í atvinnu- og félagsmáladeild

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa við gerð rafræns manntals. Starfið felst í að vinna við að uppfylla kröfur í rafrænu manntali um atvinnu og stöðu, gerð gæða- og stöðuskýrslna, tölfræðilegar prófanir og úrvinnslu á gögnum tengdum manntali. Starfið er tímabundið til tveggja ára.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf á sviði félagsvísinda.
- ✓ Menntun og/eða reynsla á sviði aðferðafræði, tölfræði, rannsókna og kannanagerðar.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL) er kostur.
- ✓ Þekking á tölfræðiforritum (td. SPSS, R, SAS) er kostur.
- ✓ Samviskusemi og vandvirkni.
- ✓ Sjálfstæði og frumkvæði til að leita nýrra leiða við úrlausn verkefna.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.

Borgartúni 21a
150 Reykjavík

☏ 528 1000

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að þeir sem ráðnir verða geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **20. júní 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi póstfang: *Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík*, eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson [olafur.thordarson@hagstofa.is], sími 528 1000.

Hagstofa Íslands

Capacent Ráðningar

# FORSTÖÐUMAÐUR STOÐÞJÓNUSTU

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) leitar að kraftmiklum leiðtoga til að stýra Stoðþjónustu sem er nýtt svið innan PFS. Forstöðumaður mun sitja í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra stofnunarinnar. Starfið felur í sér áskoranir þar sem stofnunin hefur sett sér metnaðarfull markmið um að bæta skilvirkni og árangur í þjónustu við innri sem ytri viðskiptavini m.a. með breytingum ferla og upplýsingakerfa.**

**Meginverkefni Stoðþjónustu verða; Upplýsingatækni, upplýsingakerfi, gæðamál, gæðaferlar, innra öryggi, mannauður, kynningarmál og almannatengsl, fjármál, rekstur og skrifstofuhald.**

**Starfssvið:**

- Stjórnun og daglegur rekstur Stoðþjónustu
- Umsjón með verkefnastjórnun upplýsingakerfa
- Fjármálastjórnun
- Kostnaðargreining og kostnaðareftirlit
- Umsjón með tekju- og rekstraráætlun
- Umsjón með innri þjónustu stofnunarinnar

**PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í viðskipta-, rekstrar-, verk eða tölvunarfræði nauðsynleg
- Reynsla af innleiðingu og rekstri upplýsingakerfa nauðsynleg
- Reynsla af rekstrar- og fjármálastjórnun
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að skapa og þróa framsækið vinnuumhverfi
- Álagsþol og skipulag í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu auk þess að efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Viltu ganga í lið með okkur?

**Leikskólinn Korpukot**
óskar eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- **Leikskólakennurum**
- **Öðru uppeldismenntuðu starfsfólki**
- **Leiðbeinendum**
- **Aðstoð matráðs**

Áhugasamir hafi samband við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra í síma

**577 1900**

Korpukot

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík • Sími 577 1900
kristin@korpukot.is

---

Árvirkinn
SELFOSSI
www.arvirkinn.is

**RAFEINDAVIRKI**

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA REYKLAUSAN RAFEINDAVIRKJA Á VERKSTÆÐI OKKAR Á SELFOSSI STARFIÐ FELST Í VIÐGERÐUM Á ÖLLUM TEGUNDUM OG GERÐUM RAFEINDABÚNAÐAR.
AÐEINS ER ÓSKAÐ ETIR VÖNUM MANNI SEM GETUR UNNIÐ SJÁLFSTÆTT OG Í TEYMI MEÐ ÖÐRUM.
Nánari upplýsingar veitir Jón Valur Baldursson Deildarstjóri Rafeindadeildar í síma 480-1160. Umsóknum sé skilað fyrir 17. Júní 2011 í netpósti arvirkinn@arvirkinn.is eða í pósti á

Árvirkinn ehf
Eyravegi 32
800 Selfoss

---

# Sölumaður

**Starfslýsing**
-Sala og þjónusta við viðskiptavina
-Tilboðsgerð og ráðgjöf
-Heimsóknir til viðskiptavina

**Hæfniskröfur**
-Þekking á tengdum vörum fyrir trésmiðaverkstæði
-Frumkvæði
-Öguð vinnubrögð
-Jákvæðni - metnaður
-Lipurð í mannlegum samskiptum

**Inntekk er söluaðili á tengdum vörum fyrir trésmiðaverkstæði. Meðal vörumerkja Inntekk** eru GRASS, Sauerland,elfa, Vauth Sagel,GFA Imeca, Homanit, Jowat, Planet, Teka, Unika. svo fátt eitt sé nefnt

Umsóknir sendist á olafur@inntekk.is
Umsóknir þurfa að berast fyrir 14 júní 2011

**Inntekk ehf - Smiðjuvegi 1 - 200 kópavogur**
**Sími 580 6767**

Inntekk

---

Capacent Ráðningar

# AÐSTOÐARMAÐUR SÉRFRÆÐINGA

ARNASON | FAKTOR
INTELLECTUAL PROPERTY CONSULTING

**ÁrnasonFaktor óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum sem miða að því að tryggja sem best þekkingarverðmæti viðskiptavina okkar og afrakstur markaðs-, rannsókna- og þróunarstarfs þeirra.**

**Starfssvið**
- Heimildaöflun og gagnaleit
- Skjalavistun og -stýring
- Ritvinnsla og textavinnsla á íslensku og ensku
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila og viðskiptamenn
- Ýmis sérhæfð skrifstofustörf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. BA í tungumálum (ensku)
- Mjög góð enskukunnátta, æskilegt að viðkomandi hafi búið í enskumælandi landi
- Góð íslenskukunnátta
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji

ÁrnasonFaktor veitir ráðgjöf um vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Megináhersla fyrirtækisins er ráðgjöf við íslenskt atvinnulíf um einkaleyfavernd, vörumerkjaskráningar, léna- og hönnunarskráningar o.fl. ÁrnasonFaktor er til húsa á Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu fyrirtækisins: www.arnasonfaktor.is

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG FRAMKVÆMDASVIÐS

Bláskógabyggð varð sveitarfélag 9. júní 2002 en þá sameinuðust Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Íbúar eru alls 939. Bláskógabyggð er mjög landstórt og víðfemt sveitarfélag. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu. Hefð er fyrir miklu skólasamfélagi á Laugarvatni, en þar eru öll skólastig; leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og háskóli. Ferðaþjónusta er mjög stór atvinnugrein í Bláskógabyggð og matvælaframleiðsla mikil. Menning er á háu stigi um allt sveitarfélagið og það skartar fjölförnustu ferðamannastöðum landsins; Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi, Gullfossi og Skálholti. Sjá nánar á heimasíðunni: www.blaskogabyggd.is

**Bláskógabyggð leitar að að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sviðsstjóra þjónustu- og framkvæmdasviðs. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra.**

**Starfssvið**
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar, Félagsheimilinu Aratungu, Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykholti, Eignasjóði, Fráveitu og Leiguíbúðum
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Umsjón með lóðum og lendum sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum
- Umsjón með sorphirðu sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rekstrar-, verk- eða tæknifræðimenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði framkvæmda er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

**Hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# RITARI-AÐSTOÐARMAÐUR

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða ritara/aðstoðarmann lögfræðinga fyrirtækisins í hálft starf (50%). Starfið heyrir undir yfirmann lögfræðimála á skrifstofu forstjóra.**

**Starfssvið**
- Almenn skrifstofustörf
- Ritun bréfa, greinagerða og skýrslna
- Skjalavistun og frágangur gæðaskjala
- Önnur tilfallandi verkefni

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf, verslunarpróf eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla við ritarastörf
- Mög góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Metnaður og nákvæmni í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða reyndan lögfræðing til almennra lögfræðistarfa. Starfið heyrir undir yfirmann lögfræðimála á skrifstofu forstjóra.**

**Starfssvið**
- Almenn lögfræðistörf
- Fjármálasamningar
- Stjórnsýsla
- Samkeppnismál
- Aðstoð við dótturfélög

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði
- Starfsreynsla á sviði lögfræði
- Lögmannsréttindi kostur
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu á fjármála-, lána- og viðskiptasamningum, samkeppnisrétti og félagarétti
- Mög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í RÁÐSTEFNUHALDI

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. sér um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um uppbyggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf þjónustufulltrúa fyrir ráðstefnuhald í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að þjónustuliprum og áreiðanlegum einstaklingi með reynslu á sviði ráðstefnuhalds/ferðaþjónustu eða viðburðhalds sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**

Þjónustufulltrúi gegnir ýmsum störfum á sviði ráðstefnu- og fundarhalds s.s. umsjón með uppsetningu á sölum og fundaraðstöðu, viðburðarhaldi, móttöku ráðstefnu- og fundargesta, samstarf við tæknimenn ásamt verkstjórn aðstoðarfólks við ráðstefnu- og fundarhald. Vinnutími getur verið óreglulegur. Þjónustufulltrúi heyrir undir verkefnastjóra ráðstefnuhalds Hörpu. Umsækjandi þarf að hefja störf sem fyrst.

**Starfssvið**

- Móttaka fundar og ráðstefnugesta
- Umsjón með undirbúningi og uppsetningu á sölum og fundaraðstöðu
- Samskipti við fundar- og ráðstefnuhaldara eða aðra viðburðahaldara
- Eftirlit með fundar- og ráðstefnuhaldi
- Verkstjórn aðstoðarfólks við ráðstefnu- og fundarhald
- Samskipti við verkefnastjóra, tæknimenn og veitingaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun er gagnast starfinu
- Viðkomandi þarf að vera stundvís og áreiðanlegur
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót
- Reynsla af ráðstefnuhaldi/ferðaþjónustu og stjórnun
- Góð íslenskukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með ráðningunni hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

ENNEMM / SÍA / NM46982

# Já, okkur vantar starfsfólk

## Auglýst er eftir þjónustufulltrúum í sumarstörf með möguleika á framtíðarstarfi í þjónustuveri 118 Reykjavík.

Hlutverk þjónustufulltrúa er að veita viðskiptavinum upplýsingar í dagsins önn, bæði hratt og örugglega.

- Upplýsingar um símanúmer og heimilisföng innanlands og erlendis
- Leiðbeiningar um hvernig á að finna heimilisföng eftir kortum
- Upplýsingar úr Gulu síðunum
- Skiptiborðssvörun
- Annað tilfallandi

Til þess að geta svarað hratt og örugglega þurfa þjónustufulltrúar að búa yfir almennri þekkingu og læra vel á þau upplýsinga- og símkerfi sem notuð eru. Almenn tölvuþekking er mikilvæg, enskukunnátta er kostur.

Um er að ræða vaktavinnu - 100% starfshlutfall og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

Já óskar eftir traustum og kraftmiklum starfsmönnum. Hjá Já starfar samheldinn hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur gildin **traust, hraða, fróðleiksást, nýsköpun og umhyggju** að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

### Umsóknir og nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hjordisb@ja.is.
Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir í síma 522 3223.

118 ja.is Símaskráin

já -er svarið

# Tækifærið þitt! Sjá nánar á www.intellecta.is

- Java forritun
- Vefforritun
- Hugbúnaðarsérfræðingar
- SQL/Oracle (DBA)
- Viðskiptagreind (BI)
- Verkefnastjóri-Agile/Scrum

intellecta

*Síðumúla 5*
*108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*

---

FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

Fiskistofa annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni og hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í rafrænni og gagnsærri stjórnsýslu. Fiskistofu er ljóst að helsti styrkur hennar eru þeir rúmlega sjötíu starfsmenn sem hjá henni starfa á sex starfsstöðvum víðs vegar um landið og leggur því mikla áherslu á að fylgja góðri og virkri starfsmannastefnu þar sem m.a. er leitast við að gera starfsfólki kleift að hafa gott samræmi á milli vinnu og einkalífs. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á vefsíðu hennar, www.fiskistofa.is

## Fiskistofa óskar eftir að ráða veiðieftirlitsmann í starfsstöð sína í Stykkishólmi

Starfið felst í eftirliti til sjós og lands. Eftirlit á sjó felst m.a. í lengdarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð. Eftirlitsstörf í landi fela m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Starfið felur einnig í sér skrifstofustörf s.s. skýrsluvinnu þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af störfum í sjávarútvegi. Æskilegt er að viðkomandi hafi skipstjórnarmenntun og reynslu af skipstjórn. Reynsla af verkstjórn í fiskvinnslufyrirtæki er einnig kostur. Góð íslensku- og tölvukunnátta er áskilin. Starfið krefst þess að umsækjendur séu sjálfstæðir, faglegir og nákvæmir í vinnubrögðum, séu ákveðnir en sanngjarnir og háttvísir og búi yfir færni í mannlegum samskiptum.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Sævar Holm, deildarstjóri veiðieftirlits í síma 569 7900 eða í síma 825 7827.

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar „Veiðieftirlitsmaður í Stykkishólmi".

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2011.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Að VIRK - Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um VIRK - Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.virk.is.**

## Öflugur sérfræðingur á sviði starfsendurhæfingar

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður leitar að sérfræðingi til að starfa að fjölbreyttum verkefnum á sviði starfsendurhæfingar. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um er að ræða mjög krefjandi starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi, t.d. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er æskileg
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Leiðtogahæfileikar og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

# Hugbúnaðarþróun

Hjá Marel er að finna eina stærstu hugbúnaðarþróunardeild á Íslandi og erum við í fararbroddi á heimsvísu í þróun hugbúnaðar til að stýra háþróuðum tækjum til matvælavinnslu. Unnið er eftir Agile hugmyndafræði og lögð áhersla á fagleg vinnubrögð. Okkur vantar skapandi hugbúnaðargerðarfólk til að starfa við þróun hugbúnaðar sem meðal annars stýrir tækjum og vinnslukerfum, myndgreiningu og sjálfvirkri röntgen-tölvusjón. Starfið getur falið í sér ferðalög erlendis.

**Starfssvið:**

- Hugbúnaðargerð
- Þróun nýrra lausna
- Prófanir á tækjum
- Heimsóknir til viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**

- Verk- eða tölvunarfræði
- Reynsla af hugbúnaðargerð er æskileg
- Mikil hæfni í C++ er skilyrði
- Þekking á Linux er kostur
- Þekking á rauntímaúrvinnslu og stýringum
- Skapandi hugsun og hæfni í teymisvinnu

Umsóknarfrestur er til og með 13. júní nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Viðar Erlingsson, vidar.erlingsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

**City Center Hotel, nýtt hótel í miðbænum, óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:**

CityCenter HOTEL

- Gestamóttaka (dag og næturvaktir).
- Þjónustufólki í morgunverðarsal/kaffihús.
- Þernur.

Leitað er eftir fólki í framtíðarstörf. Tungumálakunnátta og góð þjónustulund nauðsynleg. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á oa@citycenterhotel.is

**Umsóknarfrestur er til 10. júní.**

---

Álnabær

## VERKSTJÓRI

Verkstjóri óskast á saumastofu Álnabæjar í Keflavík.

Nánari upplýsingar: ellert@alnabaer.is

---

## Traust alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir íbúðum til leigu.

**Alls er leitast eftir 8-10 íbúðum, fullbúnum m. húsgögnum og tækjum og einnig koma til greina íbúðir sem eru tómar.**

**Einungis íbúðir í póstnúmerum 101, 103, 104, 105, 107, 108, 112, 113, 200 og 210, koma til greina.**

Óskað er eftir 3ja- 4ra herb eignum.

Í þeim íbúðum sem eru fullbúnar er skilyrði að þvottavél og þurrkari sé innan íbúðar, einnig þarf internettenging og sjónvarp m. erlendum sjónvarpsstöðum að vera innifalið í leiguupphæð.

Leigutími er 1-2 ár.

**Nánari upplýsingar: Jón Rafn Valdimarsson**
**Lögg. fasteignasali S: 695-5520**



VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

---

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Hagfræðingur/viðskiptafræðingur

**Fjármálaráðuneytið** óskar eftir að ráða hagfræðing eða viðskiptafræðing á starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins. Í starfinu felst m.a. þátttaka í mótun á stefnu ríkisins í launa- og starfsmannamálum, kostnaðargreiningu kjarasamninga og innleiðingu mannauðshluta Oracle-kerfisins.

**Hæfniskröfur** eru háskólapróf í hagfræði eða viðskiptafræði, en meistarapróf er æskilegt, ásamt þekkingu og reynslu af samningaumhverfi ríkisins þ.m.t. framkvæmd og eftirfylgni kjarasamninga. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi verulega reynslu af uppsetningu og notkun tölfræðilíkana, m.a. Excel og notkun fyrirspurnarforrita eins og Business Object eða álíka.

**Æskilegt er** að viðkomandi hafi innsýn í hagskýrslugerð eins og hún snýr að vinnumarkaði, Oracle-kerfið og alþjóðleg flokkunarkerfi er varða starfsmannahald sbr. ÍSTARF. Áhersla er lögð á getu til að vinna af nákvæmni með tölur, greina þær og setja fram á kerfisbundinn hátt. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli og vera tilbúnir að vinna undir miklu álagi. Áhersla er lögð á góða samskiptahæfileika og hæfni í hópavinnu af ýmsu tagi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 20. júní nk., en viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf og laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI** veitir nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi prófgögn til stra@stra.is. Viðtalstími er alla virka daga frá kl.13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur. Starfsferilsskrám skal fylgja afrit af prófgögnum. Sjá nánar www.stra.is.

STRÁ MRI WORLDWIDE

---



## ISS Ísland óskar eftir að ráða í tvö störf að Búðarhálsvirkjun

**Matráður / kokkur -** veitingasvið ISS óskar eftir að ráða matráð eða kokk til þess að sinna daglegum störfum í mötuneyti starfsmanna í virkjuninni.

**Umsjónarmaður búða -** ISS leitar einnig að umsjónarmanni búðanna. Starf umsjónarmanns felst m.a. í: ræstingu, aðstoð í mötuneyti starfsmanna, þvottur og fleira.

Bæði störfin eru unnin 5 daga vikunnar.
Viðkomandi starfsmenn þurfa að vera sveigjanlegir, samviskusamir, nákvæmir, sýna frumkvæði, vera íslenskumælandi og reynsla af sambærilegum störfum er kostur. Starfsmenn þurfa að geta gengið í störf hvors annars eftir þörfum hverju sinni.

Umsókn og ferilskrá berist til Sigríðar Héðinsdóttur starfsmannastjóra á netfangið:**siggah@iss.is** fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 10. júní
Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu **www.iss.is**
**Sími 5 800 600**

ISS **30 ára reynsla**

---

## Forstöðumaður upplýsingatæknideildar

*Undir upplýsingatæknideild heyrir rekstur og umsjón tölvukerfa Kópavogsbæjar, vefumsjón og innkaup vél- og hugbúnaðar, sem tengist tölvukerfum. Deildin ber einnig ábyrgð á rekstri og þjónustu við símkerfi bæjarins, gagnaflutningum að og frá bæjarkerfinu, milli stofnana bæjarins og gerð fjárhagsáætlana á starfssviði deildarinnar.*

**Helstu verkefni forstöðumanns upplýsingatæknideildar**

- Ábyrgð og umsjón með rekstri tölvukerfa og aðalsímkerfi bæjarins
- Stjórnun starfsmanna og stefnumótun deildarinnar
- Umsjón með vefumsjónarkerfi og öryggiskerfum
- Uppsetning og rekstur miðlægs búnaðar
- Skipulagning notendaþjónustu, nethögunar og fjarskipta
- Samhæfing tölvumála stofnana bæjarins
- Ráðgjöf um upplýsingatækni við deildir og stofnanir bæjarins
- Umsjón með innkaupum á tölvubúnaði, tölvurekstrarvörum og þjónustu vegna tölvukerfa

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærilegum greinum er skilyrði
- Reynsla af uppbyggingu á rekstri stórra tölvukerfa nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Rík áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið**

KÓPAVOGSBÆR

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon, bæjarritari, í síma 570 1500.
Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu bæjarins, *www.kopavogur.is.*

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní

*www.kopavogur.is*

## Sérkennari

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Við Menntaskólann í Kópavogi eru laus til umsóknar ein staða sérkennara á starfsbraut fyrir einhverfa nema við skólann. Um afleysingu er að ræða næsta skólaár.**

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Nauðsynlegt er að hafa háskólapróf í sérkennslufræðum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Reynsla af starfi með einhverfum einstaklingum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 15. júní. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara. Senda má umsókn í tölvupósti á netfangið margret.fridriksdottir@mk.is.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is . Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

***Skólameistari***

## Starfsmaður á bifreiðaverkstæði

Vegna ört stækkandi hóps viðskiptavina Vöku óskum við eftir starfsmanni við þjónustu á bifreiðaverkstæði.

**Hæfniskröfur:**

- Vanur bifreiðaviðgerðum.
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Stundvísi og snyrtimennska.
- Góð mannleg samskipti.
- Öguð vinnubrögð.

**Aðeins reyklausir einstaklingar koma til greina í starfið.**

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins og er í örum vexti. Félagið rekur öflugt dekkjaverkstæði, viðgerðaverkstæði, bílapartasölu, dráttarbílaþjónustu og úrvinnslu bíla auk þess að vera með uppboð á vegum sýslumanna. VAKA er nýflutt í glæsilega aðstöðu að Skútuvogi 8 þar sem öll starfsemi félagsins fer fram.

Áhugasamir geta sótt um starfið með því að senda umsókn á **starf@vakahf.is**

VAKA

Á VERÐI FYRIR ÞIG

# FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings á fjárreiðu- og eignaskrifstofu

**Fjármálaráðuneytið** óskar eftir að ráða starfsmann á fjárreiðu- og eignaskrifstofu ráðuneytisins. Helstu verkefni skrifstofunnar lúta að framkvæmd fjárlaga, starfsháttum í ríkisrekstri og ýmsum þáttum í fjármálastjórn ríkisins.

**Sérfræðingurinn** mun sinna verkefnum á sviði opinberra innkaupa og samskipta ríkis og einkamarkaðar. Í því felst m.a. stefnumótun, innleiðing og eftirfylgni verkefna á því sviði. Þá fellur meðferð eignarhluta ríksins í fyrirtækjum undir þetta starfssvið, s.s. stefnumótun um eigendahlutverk ríkisins í fyrirtækjum og framkvæmd þeirra mála.

## Fyrir veiðimenn

Seljum maðka fyrir veiðimenn. Uppl. í s. 660 0550 & 822 5235

**Silunganet Silunganet**
Sökk og flotnet, fyrirdráttarnet og margt fl. Heimavík, S. 892 8655 www.heimavik.is

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**2ja herb. í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**vidar@heimahagar.is**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Framnesvegur 40**
Bílskúr innréttaður sem íbúð, bílastæði og aðgengi að garði. Laus strax. Verð 70 þús. Uppl. í 894 3110.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. smárahverfi Kópavogi. Húsgöng að hluta. 120þús á mán. Uppl. 8611898

5 herb. íbúð í Hfj til leigu. Uppl. í s. 894 6633.

Falleg 50ferm íbúð í Gamla vesturbænum til leigu í sumar. Uppl. í síma 6938599

2 herb. íbúð til leigu á Njálsgötu. Laus strax. Uppl. í s. 893 0236.

Til leigu fjagra herbergja íbúð, annari hæð í Stóragerði, 170 þús per mánuð. Uppl. í síma 661-1600 og 898-9950.

3 herb.101. Trygging. Sími 8600360

For rent fully furnished room, downtown Reykjavik, with access to kitchen, bathroom, washing, internet. Tel. +3546921681

Herbergi til leigu með aðgang að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél í miðbæ Reykjavíkur. Uppl. í s. 661 5219.

Herbergi til leigu í 111, verð 30þ. uppl. s. 6914730/8576745.

## Húsnæði óskast

Íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu Reglusamt par, verkfræðingur og meistaranemi í HÍ óska eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu. Ábyrgjumst skilvísar greiðslur og góða umgengi. Nánari upplýsingar í síma 867-2464 - Lilja.

Óskum eftir íbúðum í skammtímaleigu á skrá fyrir erlenda ferðamenn. Uppl. í síma 773 3182.

Óskum eftir 4 herb. íbúð frá og með 1.ágúst. Langtímaleiga. Reyklaus og reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið og bankaábyrgð. uppl. í síma 899 5926.

Ungt par í háskóla með tvo hunda óskar eftir íbúð á góðum stað. Reglusöm og róleg og skilvísum greiðslum heitið. arnar@arnarjons.is

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði

Á Norðurpólnum leikhúsi á Seltjarnarnesi standa til boða 3-4 æfinga- og skrifstofurými til leigu, 10-30 m2. Hafið samband í síma 772-5777 eða á nordurpollinn@nordurpollinn.com

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

**Til leigu**
Til leigu bílskúr í Hafnarfirði upplýsingar í síma 864-7272.

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleigu.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

## Atvinna í boði




Íbúðahótel í miðborginni, óskar eftir að ráða þernur í þrif á íbúðum og sameign, bæði full störf og hlutastörf í boði. umsóknir: aparthotel101@yahoo.com

Tískufataverslunin ZikZak í smáralindinni óskar eftir jákvæðum starfskröftum með ríka þjónustulund, í boði eru hlutastörf og helgarstörf. Umsóknir sendist á zikzak@talnet.is

**NULL**
Óska eftir að ráða smiði í mótauppslátt og gluggaskipti til starfa á höfðuborgarsvæðinu. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

Óska eftir smiðum til Noregs. Upplýsingar gefur Gunnar Einarsson í síma 897 8564 eða umsókn sendist á gse@internet.is

**Fiskvinnsla**
Fólk óskast í snyrtingu. Uppl. í s. 824 3180.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

## Fasteignir

**ER MEÐ KAUPENDUR AF EFTIRFARANDI:**

- VEGNA MIKILLAR SÖLU UNDANFARIÐ VANTAR MIG EIGNIR Á SKRÁ.
- ER MEÐ KAUPANDA AÐ 3-4 HERB. Í 101/105/107.
- VANTAR 3JA HERB HÆÐ Í 101 MEÐ STÆÐI Í BÍLG. ALLT AÐ 40 MILLJ.



Sveinn Eyland
sölufulltrúi
gsm: 6.900.820

HRINGDU NÚNA 6.900.820

LANDMARK
FASTEIGNASALA



Magnús
Einarsson
Lögg. fast.

www.landmark.is • sími: 512 4900 • Bolholti 4

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.**
**Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.**

## Vesturhús 4 - Einbýlishús á útsýnisstað

Afar vandað um 265,0 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Grafarvoginum. Á efri hæð eru m.a. glæsilegar stofur með arni og útgangi á vestursvalir, eldhús með innréttingum úr hlyni og 4 herbergi auk fataherbergis. Á neðri hæð er sér íbúð auk rýmis er fylgir efri hæð. Ræktuð lóð með viðarverönd til suðurs og hellulögðu bílaplani og stéttum. **Verð 61,9 millj.**








**Húsið stendur á einstökum útsýnisstað við opið óbyggt svæði.**

**Eignin verður til sýnis í dag, frá kl. 14-16**

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.**
**Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.**

## Gulaþing 1 – Kópavogi




**ÞETTA ER EINSTÖK EIGN SEM AÐEINS VERÐUR Í BOÐI Í SKAMMAN TÍMA**
**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Á MORGUN, SUNNUDAG. VERIÐ VELKOMIN.**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 16.30-17.30**
Stórglæsilegt 357 fm einbýli á besta stað við Elliðavatn með útsýni til allra átta og frábæru útsýni yfir vatnið.
Húsið er fullbúið að innan á afar vandaðan og glæsilegan máta og skiptist m.a. í stórt eldhús, stofu með arinstæði, borðstofu, 48 fm. hjónaherbergissvítu með fataherbergi og baði, tvö svefnherbergi, skrifstofu, sjónvarpsherbergi og tvö baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar og sérhönnuð lýsing. Vandaðar flísar og parket á gólfum. Gólfhitakerfi er á öllu húsinu. Tvennar svalir, útsýnissvalir í austur yfir Elliðavatn og stórar suðvestursvalir frá eldhúsi, stofu og baðherbergi. Húsið verður afhent í núverandi ástandi, fullbúið að innan, en ófrágengið að utan. Möguleiki er þó að fá eignina afhenta fullbúna að innan sem utan.



# Í nýju fuglasafni

Í Íslenska fuglasafninu eða Icelandic Bird Museum í Hafnarbúðum, Geirsgötu 9 (í sama húsnæði og Ferðamálastofa við gömlu höfnina í Reykjavík) er hægt að fræðast um fugla landsins, en þar verða 66 sex tegundir til sýnis. Safnið er haft opið á sama tíma og veitingahúsið Eagle Café, alla daga frá klukkan 8 til 21. Frítt er fyrir yngri en sjö ára, 500 krónur kostar inn fyrir sjö til fimmtán ára og 1.000 krónur fyrir fullorðna.




## Nýr og breyttur Nings á Suðurlandsbraut



Nings í 20 ár

1991 - 2011 20 ára

Við hjá Nings bjóðum alla hjartanlega velkomna á stækkaðan og endurbættan veitingastað að Suðurlandsbraut 6. Að gefnu tilefni langar okkur ennfremur til að þakka viðskiptavinum traustið og tryggðina undanfarin 20 ár.

Við kynnum nýjan og spennandi rétt sem hefur slegið í gegn vestanhafs undir nafninu Orange chicken

NÝTT Á NINGS!

Brakandi ferskur kjúklingur í Panda appelsínusósu

Fersk appelsína, engifer, hvítlaukur og chilli í bland við nýsteiktan kjúkling ...himneskt!

hálfur 1450 kr.
heill 1850 kr.



NINGS

1991 - 2011 20 ára

og kroppurinn blómstrar



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með Wong James elda kjúkling í appelsínusósu

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is




# Virðum lífið í sveitinni

Þótt stutt sé í sveitir lands allt í kringum Reykjavík eru flest borgarbörn nútímans óvön hefðbundnu sveitalífi. Kennum því börnum að bera virðingu fyrir margbreytileika lífsins, hvernig sem hann birtist þeim. Að njóta fegurðar og angan gróðurs og blóma, án þess að slíta þau upp með rótum, að þyrma litríkum skordýrum þótt ógnvekjandi séu við fyrstu sýn og að vera ekki með ógnandi tilburði eða ofsalæti í kringum húsdýr, heldur mynda falleg tengsl og einstaka vináttu við málleysingja sveitarinnar.

AFS
AFS á Íslandi



LANGAR ÞIG TIL ÞESS AÐ VÍKKA SJÓNDEILDARHRINGINN OG EIGNAST ERLENDA VINI?

**AFS skiptinemasamtökin leita nú að fósturfjölskyldum fyrir erlenda nema sem koma til landsins 19. ágúst næstkomandi.**

Við gefum þér möguleika á að kynnast heiminum heima hjá þér auk þess sem þú sérð eigið land og þjóð frá nýrri hlið þegar þú kynnist sjónarhóli skiptinemans. Fjölskyldur sem bjóða skiptinemum inn á heimili sín geta verið mjög margbreytilegar, það er fyrst og fremst áhuginn og hlýtt viðmót sem skiptir máli.

Fósturfjölskyldur gera starf AFS skiptinemasamtakanna mögulegt!

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við skrifstofu AFS, Ingólfsstræti 3, 101, Reykjavík. Sími 552-5450. www.afs.is

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www. afs.is




Esjan sigruð Feðgarnir spretta upp Esjuna og Jón var ekki vitund lofthræddur þegar upp var komið.

# Nestið er eitt það allra mikilvægasta

Hjónin **Guðbjörg Andrea Jónsdóttir** og **Jóhann Friðrik Klausen** hafa ásamt syni sínum **Jóni Klausen**, tíu ára, farið á ófá fjöll frá því að Jón var ekki ýkja hár í loftinu. Þau segja fjallgöngur með börnum öðruvísi og ekki síðri en í fullorðinshóp.

Jón Klausen, sem verður ellefu ára í haust, fór á sín fyrstu fjöll í burðarpoka með móður sinni og föður, þeim Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur og Jóhanni Friðriki Klausen. Þegar hann var sjálfur farinn að geta hlaupið um allar trissur fór fjölskyldan að fara í stuttar dagsferðir á fjöll en fyrsta langa fjallgangan þar sem Jón var með í för var ferð á Leggjabrjót en þá var hann fjögurra ára.

„Frá árinu 2005 höfum við farið í nokkrar ferðir og ansi víða," segir Guðbjörg, sem starfar sem forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Jóhann sinnir starfi ráðgjafa hjá Skýrr.

„Við erum bæði alin upp úti á landi, þar sem útivist var sjálfsagður hlutur. Eftir að við fluttum í bæinn fórum við í styttri ferðir en fórum að fara í lengri ferðir þegar við eignuðumst jeppa árið 2005," segir Jóhann og Guðbjörg bætir við að með tilkomu göngutjalds árið 2008 hafi þau prófað göngur með „allt á bakinu" og það hafi verið ótrúleg upplifun. Ein slík ferð, sú lengsta sem fjölskyldan hefur farið í, varð mikið ævintýri en þá var Jón 7 ára.

Fjölskyldan gekk þá stærðarinnar hring, 40 kílómetra, upp við Langjökul en Karlsdráttur nefnist vogur norður úr Hvítárvatni rétt austan Norðurjökuls. „Það er farið umhverfis Baldheiði og inn í Karlsdrátt en leiðin er ekkert merkt, engar stikur eða neitt þannig að maður stólar á GPS-tækið. Síðan gengum við og vorum bara ein með náttúrunni," segir Jóhann.

Guðbjörg og Jóhann segjast orðið vita vel hvernig hægt er að gera fjallgöngurnar skemmtilegar fyrir Jón og í þessari ferð fundu þau til að mynda stein á kortinu, sem þau skírðu „Jón klett", og gerðu sér það að leik að ná að þeim kletti og borða þar nesti.

„Þetta er svona hans klettur á kortinu og það finnst honum rosalega gaman. Annars er nestið alltaf lykilatriðið í öllum ferðum sem hann fer með okkur í. Alveg sama hversu stutt ferðin er, jafnvel bara upp í Öskjuhlíð – nesti verður að vera," segir Guðbjörg og bendir á að hægt sé að gera fjallgöngur mjög skemmtilegar fyrir börn ef þau vita að áð verður og snætt eitthvað smálegt, hvort sem er epli, kex, heitt kakó eða samlokur.

„Eitt það mikilvægasta þegar farið er með börn á fjöll er að maður má ekki reka of mikið á eftir þeim," segir Guðbjörg og Jón, með sinn eigin klett á kortinu, getur tekið undir það og finnst greinilega gott að geta hægt á göngunni þegar honum hentar og fá að leggjast í grasið. „Ef ég verð þreyttur bið ég þau um að stoppa og við finnum góðan stað til að leggjast í grasið og hvíla okkur og kannski fáum við okkur eitthvað að borða," segir Jón og bætir við að eitt það skemmtilegasta við fjallgöngurnar sé að sjá allt útsýnið.

„Þetta snýst ekki um að draga börnin á fjöll, maður verður að vera tilbúinn til að fara á þeirra forsendum, og hafa meira en minna af fötum, ef veður breytist. Einnig er Jón alltaf með smápoka á sér með nesti, bók og einhverju dóti. Börn eru svo mismunandi, sum eru full af kappi og vilja bara komast á leiðarenda en önnur, eins og Jón, vilja skoða og rannsaka það sem þau sjá á leiðinni og það er mikilvægt að gefa þeim svigrúm til þess," segir Guðbjörg.

Jóhann mælir að lokum með því að fólk byrji smátt og prófi sig áfram til að sjá hvort fjallgöngur henti fjölskyldunni. „Til að mynda er hægt að fara í stuttar dagsferðir og nefni ég þar til að mynda Reykjanesið sem er heill ævintýraheimur. Bæði svæðið í kringum Kaldársel, að ganga á Keili og fleiri staðir. Að fara með börnunum er líka svo skemmtilegt fyrir okkur fullorðna fólkið því maður skoðar í raun miklu meira með þeim í stað þess að ana áfram." *- jma*



Fjölskyldan Jóhann Friðrik Klausen, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Jón Klausen hafa yndi af því að fara saman á fjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Til í slaginn Mæðginin saman en fjölskyldan hefur farið í fjallgöngur saman frá því áður en Jón fór að ganga, en þá var hann bara í burðarpoka á bakinu.





Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Betra Púst
- Almennar pústviðgerðir og sérsmíði
- Þjónusta f. stóra bíla
- Bílrúðuísetningar
- Bílrúðuviðgerðir
- Góð og örugg þjónusta



SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK

Sími: 555 7070
www.betrapust.is
betrapust@betrapust.is

Betra púst ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

# KRAKKAPARTÝ Í DAG

Andlitsmálun - Blöðrur - Sápukúlur
- Íspinni - og fleira skemmtilegt

**Klipptu þúsundkallinn út!**

Gegn framvísun þúsundkallsins færðu 1.000 kr.
afslátt ef verslað er fyrir 5.000 kr. eða meira

1000
Gildir
4. & 5. júní
2011
next
EITT ÞÚSUND KRÓNUR
next

next
KRINGLUNNI

FYRIR ÞIG OG ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM!

NEXT Kringlunni • Sími 551 3200

## GAGN&GAMAN



**Grín og glens** Mikið verður um að vera í miðborginni í dag. Fyrir utan Hátíð hafsins á Grandagarði og árlegan Blómadag á Skólavörðustíg verður dagskrá sniðin fyrir börn í boði á Lækjartorgi og víðar. Barnaleikhúsið sýnir Ævintýri Lilla á Lækjartorgi klukkan 13 og í kjölfarið mun Solla stirða stíga á svið. Klukkan 14 skemmtir Solla síðan við Kjörgarð á Laugavegi 59 og við útibú Landsbankans að Laugavegi 77 klukkan 14.30. Á Hátíð hafsins verður í boði margvísleg afþreying fyrir allar kynslóðir, leiktæki og hægt að fræðast um menningarheim sjómannalífsins og alls kyns góðgæti úr matarkistu hafsins.



**Ísbíltúrinn** Upplagt er að skella sér í ísbíltúr um helgina, enda ís svalandi og dísætt lostæti sem kætir alla fjölskylduna. Um land allt er að finna úrvals ísbúðir þar sem úr nægu er að velja og því ætti enginn að vera svikinn af því að skella sér af stað. Þeir sem eru svo lánsamir að búa í nágrenni við eina slíka gætu að auki sameinað tvennt, góðan göngutúr og umhverfisvernd, með því að skilja bílinn eftir heima.



**Ævintýraheimur** Laundromat Café í Austurstræti er fjölskylduvænt kaffihús. Þar er að finna stórt barnasvæði, sannkallaðan ævintýraheim, þar sem yngsta kynslóðin getur dundað sér meðan þeir fullorðnu hafa það gott og njóta veitinga. Um helgar er líka boðið upp á sérstakar sögustundir fyrir yngri börn. Laundromat Café er opið mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 8 til 1, föstudaga til 3 og laugardaga frá 10 til 3 og sunnudaga frá 10 til 1.






# GÆÐA GARÐHÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI



**CABANA**
Borð og 4 stólar með örmum. Flott sett úr harðviði.

CABANA BORÐ
150x90cm
**14.999kr**

CABANA STÓLL
Samfellanlegur með örmum
**7.499kr**



**HONDURAS SETT**
-Borð og 2 samfellanlegir stólar úr harðviði

SETT
**14.999kr**



**TIOMAN**
-90x90cm borð og 4 stólar úr harðviði

BORÐ
**11.999kr**

STÓLL
**6.499kr**



**JAMAICA**
-Borð og 4 samfellanlegir stólar úr harðviði

BORÐ
**10.699kr**

STÓLL
**4.299kr**



Flugnaspaði **199kr.**



Vatnsúðari **499kr**



Garðkanna Verð frá **199kr.**



Úðabrúsi **999kr**



Citronella flugnafælukerti **499kr/stk**




Geitungagildra **199kr.**



Garðverkfæri 3 í pakka **999kr**




Aukahlutir f. garðslönguna Verð frá **199kr.**

24 Hagkaup OPIÐ í sumar ALLAN sólarhringinn Akureyri & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Sjónarhorn
Ljósmynd: Gunnar V. Andrésson

**FJÖR Í FJÖRUFERÐ** Krakkar, foreldar og starfsfólk á leikskólanum Nóaborg skemmtu sér dável í fjöruferð við Ægisíðu í vikunni. Þess var vel gætt að öll nauðsynleg tæki og tól væru við hendina, svo sem stígvél, pollagallar og háfar til að veiða í skeljar, steina og aðra fjársjóði fjörunnar.


SAMKEPPNIN EFTIR HRUN

Samkeppniseftirlitið kynnir skýrslu sína *Samkeppnin eftir hrun*

**Hótel Hilton Nordica fimmtudaginn 9. júní nk. kl. 8:00 – 10:15.**

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er kynnt niðurstaða rannsóknar um fjárhagsstöðu og fjárhagslegar endurskipulagningar stærri fyrirtækja og eignarhald þeirra. Þá er farið yfir sjónarmið um endurskipulagningu banka á fyrirtækjum og kynntar leiðir til úrbóta.

**Dagskrá //** Fundarstjóri er **Rögnvaldur J. Sæmundsson**, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins

HÚS OPNAR - **Kaffi og meðlæti - 8:00 - 8:30**

FYRRI HLUTI
SKÝRSLA SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

**Páll Gunnar Pálsson,** *forstjóri*
Vandi atvinnulífsins og samkeppninnar

**Benedikt Árnason,** *hagfræðingur*
Rannsókn Samkeppniseftirlitsins

**Sonja Bjarnadóttir,** *lögfræðingur*
Eftirlit með yfirtökum banka á fyrirtækjum

SEINNI HLUTI
HVERT SKAL STEFNT?

**Árni Páll Árnason,** *efnahags- og viðskiptaráðherra*
**Birna Einarsdóttir,** *bankastjóri Íslandsbanka*
**Hermann Guðmundsson,** *forstjóri N1*



AÐGANGUR ER ÓKEYPIS
Skráning á ráðstefnuna fer fram á
**www.samkeppni.is**

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík,
www.samkeppni.is




**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1989

# Blóðbaðið í Peking

**Friðsamlegt andóf barið niður með harðri hendi**

Aðfaranótt hins 4. júní árið 1989, fyrir réttum 22 árum, réðist kínverski herinn til atlögu við mótmælendur á Tiananmen-torgi, Torgi hins himneska friðar, í höfuðborginni Peking.

Áður en yfir lauk lágu hundruð manna í valnum, fleiri þúsund höfðu verið handtekin og alda andófs, sem hafði fram að þessu náð áður óþekktum hæðum, var barin niður af mikilli hörku. Þetta blóðbað hafði gríðarleg áhrif á ímynd Kína út á við og fordæmdu helstu þjóðarleiðtogar heimsins valdbeitingu kínverskra yfirvalda.

Forsaga þessa harmleiks var friðsamleg mótmæli milljóna ungmenna, aðallega námsfólks, sem höfðu um sjö vikna skeið neitað að yfirgefa torgið fyrr en kröfum þeirra um lýðræðislegar umbætur yrði mætt. Stjórnvöld höfðu miklar áhyggjur af framvindu mála og skipuðu andófsfólkinu að láta af aðgerðum og yfirgefa svæðið. Skriðdrekar voru sendir af stað og hófu skotárás á torginu um klukkan 4 að nóttu.

Mikil ringulreið greip um sig þegar hermenn hleyptu af skotum í allar áttir. Flestir hörfuðu en margir veittu mótspyrnu og svöruðu byssukúlum með grjótkasti og bensínsprengjum.

Um morguninn hóf herinn aftur skothríð á torgið og létu þá tugir manna í viðbót lífið.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og hvöttu leiðtogar helstu ríkja heims, þar á meðal Mikhaíl Gorbatsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, kínversk stjórnvöld til að feta braut í átt til umbóta eins og hann hafði sjálfur gert. Auk þess fordæmdu Bretar og Bandaríkjamenn hörkuna sem mótmælendur voru beittir og í kjölfarið settu Bandaríkin og Evrópusambandið vopnasölubann á Kína, sem stendur enn í dag.

Atburðirnir á Torgi hins himneska friðar höfðu þau áhrif að enn harðar og fyrr var tekið á mótmælum en áður. Þó að efnahagsleg velmegun hafi aukist hratt síðustu ár eru mannréttindamál þar í landi enn mikið deiluefni, sem sést á Nóbelsverðlaununum sem Liu Xiabo hlaut.

Margir þeirra sem handteknir voru í tengslum við mótmælin sitja enn á bak við lás og slá og stjórnvöld í Kína vinna markvisst að því að þagga niður umræðu um grimmdarverkin. Til dæmis hefur engin opinber tala látinna eða handtekinna verið gefin út, en það gætu verið allt frá 300 upp í fleiri þúsund.

- þj

*Heimildir: History.com, BBC, Reuters.*

# SUMARTILBOÐ á Korputorgi




ILVA
einfaldlega betri kostur

**SUMMER SÓLBEKKUR**. Tekk, ál og pólýtrefjar.
Verð áður 29.900. **Tilboð á Korputorgi 19.900.**



**30%**
**AFSLÁTTUR**
**SPARAÐU**
**10.000**

the PIER

Borð og tveir stólar,
verð áður 34.880.
**Tilboð á Korputorgi 24.880.**





**30%**
**AFSLÁTTUR**

**ÞÚ SPARAR**
**10.000**

Úrval af stólsessum
verð frá 1.990.
**Tilboð á Korpu-torgi frá 833.**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGID • BADID • HEIMILID



**SPARIÐ**
**20.000**

Dominicana borð + 2ja sæta sófi + 2 stólar
Verð áður 89.990. **NÚ AÐEINS 69.990.**

Fallegt og stílhreint sett úr áli og polyrattan-efni.
Flott borð, 2 stólar og 2ja sæta sófi í stíl.
Hægt að nota bæði innan- og utandyra.

gæludýr.is




**15%**
**AFSLÁTTUR**

Allt Royal Canin hunda- og kattafóður á **15% afslætti.** ROYAL CANIN

Einnig á Korputorgi:

BÓNUS
Krakkahöllin
TOYS "R" US
Europris
OUTLET
Office OUTLET
Bílasalan BÍLA KAUP 5:577-1111

KORPUTORG

korputorg.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111546

# tímamót

timamot@frettabladid.is



66 **PÁLL SKÚLASON**, fyrrverandi háskólarektor, er 66 ára.
*„Viskunnar er hvergi meiri þörf en í málefnum ástarinnar.“*

AFMÆLI



**ANNA ÓLAFSDÓTTIR BJÖRNSSON,** tölvunar- og sagnfræðingur, er 59 ára.



**ÁRNI MAGNÚSSON,** fyrrverandi ráðherra, er 46 ára.

**ÞETTA GERÐIST:** 4. JÚNÍ 2009

## Hafnsögubát hvolfdi við Sandgerði

Tveir menn voru hætt komnir þegar hafnsögubát hvolfdi við björgunarstörf utan við Sandgerði fyrir réttum tveimur árum. Björgun þeirra tókst giftusamlega.

Hafnsögubáturinn hafði verið tengdur landfestum togarans Sóleyjar Sigurjóns sem varðskipið Týr var að draga af strandstað í innsiglingunni í Sandgerðishöfn. Búið var að toga í um klukkutíma þegar hið 1300 tonna skip losnaði allt í einu. Við það fór hafnsögubáturinn á hliðina og sökk og var skipstjóri hans inni í stýrishúsinu neðansjávar í allt að tvær mínútur. Hinn hafnsögumaðurinn um borð var á dekki og fór beint í sjóinn. Hann var kominn í bát björgunarfélagsins Sigurvonar innan við hálfri mínútu síðar.



ERLA RUTH HARÐARDÓTTIR LEIKKONA: ER FIMMTUG Í DAG

# Held í vini mína og eiginmann

„Krakkarnir eru með krapvél og öll höfum við pantað sól svo þeir sem vilji geti farið í heita pottinn,“ segir Erla Ruth Harðardóttir leikkona en hún og eiginmaður hennar eru með nánustu ættingja og vini í árbít í tilefni fimmtugsamæla. Hennar afmæli er í dag en Jakobs var í mars. „Eftir klukkan 14 geta svo gestirnir farið að sinna sínum helgarstörfum,“ segir Erla Ruth glaðlega. „Eða taka þátt í dagskrá bæjarhátíðarinnar Bjartra daga hér í Hafnarfirði.“

Erla Ruth kveðst borinn og barnfæddur Reykvíkingur. „Ég ólst upp í Litlagerði sem er í Bústaðahverfinu. Þar voru kindur og hestar í bakgarðinum því konan í næsta húsi var með smábúskap. Ég fékk lánaða andarunga hjá henni og hafði hjá mér yfir nótt í dúkkukörfu. Hún hét Ingibjörg þessi kona og var dásamleg,“ segir hún og rifjar upp fleiri atriði úr æsku sinni, svo sem byggingu Bústaðakirkju, sem hún kveðst hafa tekið þátt í eins og öll börnin í hverfinu. „Við naglhreinsuðum spýtur og sinntum fleiri smáverkum. Það var bara gaman,“ segir Erla Ruth, sem var í Landakotsskóla frá sex ára aldri til tólf. „Mamma keyrði mig í byrjun og svo tók ég strætó en kveið því stundum að „gamli strætó“ væri á ferð, því ég náði ekki upp í bjöllurnar í loftinu heldur varð að biðja einhvern annan að dingla svo hann stoppaði á Túngötunni. En Landakotsskóli var góð uppeldisstöð. Þar var agi og það hvarflaði ekki að manni að svíkjast um eða óhlýðnast reglum. Seinna fór ég í Réttarholtsskólann og þær stúlkur sem ég kynntist þar eru bestu vinkonur mínar í dag. Ég er trygglynd, held í vini mína og held í manninn minn. Við Jakob erum búin að vera saman frá því við vorum sautján ára og við eigum þrjá stráka, eina stelpu og einn hund. Ef ég finn eitthvað sem mér líkar þá sleppi ég því ekki!“

Eftir stúdentspróf frá Verslunarskólanum lá leið Erlu Ruthar í leiklistarnám í Bretlandi. „Ég valdi Guildford. Þar hefur fjöldi Íslendinga farið í gegn síðan, en ég var sá fyrsti og í byrjun eini útlendingurinn í skólanum. Þaðan útskrifaðist ég 1987 og var komin með umboðsmann úti sem ætlaði held ég að gera mig að annarri Ingrid Bergman en fékk ekki atvinnuleyfi nema giftast inn í landið. Ég gat auðvitað gifst einhverjum homma þarna, þeir voru meira en til í það svo ég gæti orðið fræg, ég var bara ekki alveg að fíla það og ekki maðurinn minn heldur! En svo fékk ég árssamning hjá Leikfélagi Akureyrar, síðan lék ég með leikhópum og í Þjóðleikhúsinu og líka í fyrsta verkinu sem sett var upp á litla sviði Borgarleikhússins, Ljósi heimsins. Ég var meðal þeirra sem gengu fylktu liði í búningum frá Iðnó upp í Borgarleikhús. Það var mikill heiður.“



**AFMÆLISBARN DAGSINS** „Landakotsskóli var góð uppeldisstöð. Þar var agi og það hvarflaði ekki að manni að svíkjast um eða óhlýðnast reglum,“ segir Erla Ruth. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margir muna eftir Erlu Ruth úr Spaugstofunni sem hún tók þátt í einn vetur ásamt Lindu Ásgeirsdóttur en síðustu ár hefur Sönglist, söng-og leiklistarskóli fyrir börn, átt hug hennar og hjarta. Hann stofnaði hún árið 1998 ásamt vinkonu sinni og meðeiganda, Ragnheiði Hall. Nú er hann starfræktur á tveimur stöðum, í Borgarleikhúsinu og í Borgartúni 1. „Við vorum bara tvær í byrjun og lögðum á okkur mikla vinnu,“ segir Erla Ruth. „En nú höfum við bætt við okkur mannskap enda hefur skólinn stækkað ört.“

gun@frettabladid.is




†

*Innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna fráfalls elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigurbjargar Gísladóttur**

Margrét Friðbergsdóttir
Bergþór Halldórsson
Högni Bergþórsson
Sigurbjörg H. Bergþórsdóttir
Karl Sæberg Jónsson
Halldóra Bergþórsdóttir
Gestur Svavarsson
og barnabarnabörn



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Örn Vilmundsson**

lést þann 29. maí á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Útför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Kristín G. Arnardóttir
Kristófer Jóhannesson
Sigurjón G. Arnarson
Ásta L. Jónsdóttir
Árný Ösp Arnardóttir
Gísli Guðmundsson
og barnabörn.



†

*Hjartkær eiginmaður minn og bróðir okkar,*

**Ágúst Björnsson**
prentari,
Fellsmúla 19, Reykjavík,

sem lést 29. maí sl., verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 13.00. Þeir sem vildu minnast hans eru vinsamlega beðnir að láta Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík njóta þess.

Þrúður Márusdóttir
Margrét Björnsdóttir
Björn Olsen



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Jón Trausti Jónsson**
Njarðargötu 7, Reykjanesbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans sunnudaginn 29. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 6. júní kl. 14.00.

Hrefna Steinunn Kristjánsdóttir
Páll Janus Jónsson
Jón Kristbjörn Jónsson
Elísabet Stefánsdóttir
Katrín Liney Jónsdóttir
Ólafur Halldórsson
Halldór Traustason
Eydís Þórsdóttir
Eiríkur K. Þorbjörnsson
Svanhildur Þengilsdóttir
Hulda María Þorbjörnsdóttir
Bergþór Sigfússon
Kristbjörn Þór Þorbjörnsson
Guðríður Ingvarsdóttir
Birna Rut Þorbjörnsdóttir
Sverrir Þorgeirsson
Ágúst Þ. Þorbjörnsson
Ragnhildur Geirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gíslína Magnúsdóttir**
Höfðagrund 11, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 29. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju 7. júní kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi.

Magnús Ólason
Þóra Másdóttir
Hlöðver Örn Ólason
Sigríður K. Óladóttir
Þórður Sveinsson
Valentínus Ólason
Halldóra Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Ragnar Bjarnason**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 28. maí. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju fimmtudaginn 9. júní kl. 13.00.

Guðrún Sverrisdóttir
Bjarni Sverrisson
Hanna María Oddsteinsdóttir
Árni Sverrisson
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
Hrólfur Jónsson
Gunnar Sverrisson
Karen Bergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

66°NORÐUR í 85 ÁR
1926 - 2011

# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



LJÓSMYND: SNORRI SNORRASON

Íslenskir sjómenn hafa í gegnum aldirnar barist við náttúruöfl norður Atlantshafs til þess að draga björg í bú. Frá árinu 1926 hefur Sjóklæðagerðin 66°NORÐUR einsett sér að verja íslenska sjómenn gegn veðri og vindum. 66°NORÐUR er stolt af íslenskum sjómönnum og þessari arfleifð sinni og **óskar sjómönnum öllum til hamingju með daginn.**

Í dag framleiðir 66°NORÐUR alhliða hlífðarfatnað fyrir ólíka hópa starfandi stétta auk þess að framleiða hágæða útivistarfatnað sem stenst hæstu gæðakröfur. Fyrirtækið hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir hönnun og markaðsstarf og viljum við á þessum tímamótum þakka öllum þeim íslendingum sem hafa komið að uppbyggingu félagsins beint og óbeint síðastliðin **85 ár.**

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5 og 9, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerártorg **Keflavík:** Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR

# Draga skip og lyfta steinum

„Mikil fjölgun hefur orðið í kraftasportinu og margir sterkir strákar farnir að æfa. Þeir eiga þó ekkert í menn sem eru uppundir 200 kíló og því ósanngjarnt að láta þá keppa í sama flokki. Því ákváðum við að vera með sér keppni fyrir léttari keppendur,“ segir Hjalti Árnason. Í dag hefst í Þorlákshöfn keppnin Sterkasti maður Íslands, léttari en 105 kíló.

Þetta er í þriðja sinn sem keppnin er haldin en hún hefst við höfnina í Þorlákshöfn klukkan 14 í tengslum við sjómannadagshátíð bæjarins. „Tíu keppendur hafa skráð sig til leiks, þeir eru allir í mjög heilbrigðu formi, léttir á sér og sterkir,“ segir Hjalti. Keppendur þurfa að kljást við klassískar íslenskar greinar. „Þeir munu draga skip, fara í bændagöngu og sirkuslyftu og þurfa að lyfta þungum steinum,“ segir Hjalti og telur að keppnin sé stórskemmtileg fyrir áhorfendur. „Svo geta áhorfendur líka spreytt sig,“ segir hann.

Keppnin verður tekin upp og sýnd á Stöð 2 Sporti síðar í sumar. Sigurvegarinn fær titil auk þess sem reynt verður að greiða götu hans svo hann geti keppt í heimsmeistaramóti í Finnlandi.



**ÚRSUS** Hjalti lofar góðri skemmtun þegar tíu sterkir karlmenn keppa um titilinn sterkasti maður Íslands léttari en 105 kg í Þorlákshöfn.

# Askja opnuð í Reykjanesbæ



**BÍLABÆRINN** Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa lýst því yfir að þau ætli að vera í forystu í umhverfisvænum samgöngum. Askja hefur þegar selt nokkra Mercedes Benz metanbíla til fyrirtækja þar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bílaumboðið Askja verður opnað formlega í Reykjanesbæ í dag. Kjartan Steinarsson stýrir því undir merkjum K. Steinarsson ehf. og er til húsa við Holtsgötu 52. Þar verður hann með söluumboð fyrir nýja Mercedes-Benz og Kia-bíla, líkt og Askja á Krókhálsi 11. Í K. Steinarsson verða þrír starfsmenn en auk Kjartans verður eiginkona hans, Guðbjörg Theodórsdóttir þar og einnig bróðir hans, Sigtryggur Steinarsson.

Kjartan er vel þekktur á Suðurnesjum innan bíla- og fótboltageirans. Hann hefur verið með umboð fyrir bíla frá Heklu og rekstur þjónustuverkstæðis við Njarðarbraut frá árinu 2000 en hefur nú lokað þeirri starfsemi og segir eftirsjá í öllu því góða starfsfólki sem hann hafi haft með sér síðasta áratuginn. Hann tekur jafnframt fram að það sé ánægjulegt að allir sem unnu hjá honum hafi fengið vinnu annars staðar.

Síðustu þrjú ár eru án efa þau erfiðustu í sögu bílasölu á Íslandi en Kjartan segir hana aðeins að glæðast aftur þar sem endurútreikningar bílalána séu að ganga í gegn og viðskipti tekin að glæðast að nýju. Hann telur því að botninum hafi verið náð í bílasölu á Íslandi og kveðst horfa bjartsýnn fram á veginn.

# Handverk á Árbænum

Hinn árlegi handverksdagur Heimilisiðnaðarfélags Íslands á Árbæjarsafni verður haldinn hátíðlegur á morgun. Félagsmenn munu venju samkvæmt sýna margvíslegt handverk eins og útsaum, baldýringu, knipl, perlusaum, tóvinnu og spjaldvefnað. Einnig verður rússneskt hekl og sauðskinnsskóagerð sýnd.

Á Kornhúsloftinu verður útskriftarsýning nemenda Heimilisiðnaðarskólans og Þjóðbúningastofa verður með kynningu á þjóðbúningnum Líkn.

Á morgun verður einnig opnuð ný sýning í Suðurgötu 7 sem nefnist Buxur, vesti, brók og skó. Á henni getur að líta heimagerð barnaföt frá ýmsum tímum. Formleg dagskrá hefst klukkan 13 í dag og allir sem mæta í íslenskum búningi fá frítt inn. Árbæjarsafn er opið alla daga í sumar á milli klukkan tíu og fimm. - mmf



**SAUÐSKINNSSKÓAGERÐ SÝND** Hinn árlegi handverksdagur Heimilisiðnaðarfélags Íslands verður haldinn á morgun á Árbæjarsafni.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Merkisatburðir

- **780 f.Kr.** Fyrsti sólmyrkvi sögunnar var skráður í Kína.
- **1134** Orrustan við Fótavík nálægt Lundi milli Níelsar Danakonungs og Eiríks eimuna.
- **1794** Breskar hersveitir náðu Port-au-Prince á Haítí á sitt vald.
- **1832** Tíu Íslendingar skipaðir fulltrúar á þing Eydana, en það voru íbúar eyja, sem heyrðu undir Danmörku.
- **1896** Henry Ford prufukeyrir fyrsta bílinn sem hann hannaði (þetta var jafnframt fyrsti bíllinn sem hann keyrði).
- **1917** Fyrsta afhending Pulitzer-verðlaunanna.
- **1919** Bandaríkjaþing samþykkir að breyta stjórnarskrá Bandaríkjanna svo konur nytu kosningaréttar.

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Eðvarð Árdal Ingvason**
frá Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss 29. maí. Jarðsett verður frá Hólaneskirkju á Skagaströnd mánudaginn 6. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á deild Krabbameinsfélagsins á Skagaströnd.

**Signý Magnúsdóttir og fjölskylda**

---



†

*Hjartkær eiginmaður minn,*

**Þorsteinn Sigurðsson**
Hjaltastaðahvammi, Akrahreppi, Skagafirði,

lést á dvalarheimili aldraða Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki miðvikudaginn 1. júní síðastliðinn.

**Sigríður Márusdóttir**

---



†

*Móðir okkar,*

**Guðríður Helgadóttir**
Snorrabraut 56, áður Þórólfsgötu 8, Borgarnesi,

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 1. júní.

**Guðrún Gestsdóttir**
**Sigurlaug Gestsdóttir**
**Fanney Gestsdóttir**
**Kristján Gestsson**
**Heiða Gestsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðríður Guðmundsdóttir**
frá Viðey, Vestmannaeyjum,

lengst af til heimilis á Langholtsvegi 144, Reykjavík, andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 29. maí. Útför hennar fer fram frá Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 8. júní kl. 13.00.

**Guðlaug St. Sveinbjörnsdóttir** **Þórður Kristjánsson**
**Guðmunda Erla Sveinbjörnsdóttir** **Gérard Vautey**
**Kári Hafsteinn Sveinbjörnsson** **Íris Björnæs Þór**
**Erla, Örvar Hafsteinn, Marit Guðríður, Nils, Sólveig, Tómas Þór og fjölskyldur.**

---



†

*Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og sendu okkur kveðjur við andlát og útför*

**Yngva Rafns Baldvinssonar**
fyrrum íþróttafulltrúa, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

**Friðrik E. Yngvason** **Theodóra Gunnarsdóttir**
**Björgvin Yngvason** **Birna Hermannsdóttir**
**Stefán Yngvason** **Nína Leósdóttir**
**Yngvi Rafn Yngvason** **Alís Freygarðsdóttir**
**og fjölskyldur**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðmundu Ögmundsdóttur**

Starfsfólki líknardeildar á Landakoti eru færðar bestu þakkir fyrir góða umönnun.

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**
**Ögmundur Gunnarsson** **Rannveig Stefánsdóttir**
**Gunnar Freyr Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Ketilsdóttur**
Hjallalundi 15b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar á Akureyri, kvenfélaga Akureyrarkirkju og Hörgdæla og Kirkjukórs Möðruvallaklaustursprestakalls.

**Aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Júlíus S. Júlíusson**
leigubílstjóri, Þinghólsbraut 10, Kópavogi,

andaðist á Hrafnistu Boðaþingi þann 23. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hrafnistu Boðaþingi, þar sem hann fékk góða umönnun.

**Jón E. Júlíusson**
**Stefanía Júlíusdóttir** **Vilhjálmur Þorsteinsson**
**Hörður Júlíusson** **Júlía J. Puiaob**
**Jóhanna Júlíusdóttir**
**Sigrún Júlíusdóttir**
**Trausti Júlíusson** **Helga G. Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Sumartilboð

## LÍFGAÐU UPP Á HEIMILIÐ - GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN OG LITRÍK SMÁVARA

LÍTTU VIÐ OG LÁTTU FARA VEL UM ÞIG!



20% AFSLÁTTUR

SETT! BORÐ MEÐ 4 STÓLUM OG SESSUM

79.990

FULLT VERÐ: 99.950

**SON** garðborð, svart með glerplötu. Þ:110 H:75 cm. **39.990.**
**SON** garðstóll, svartur. Staflanlegur. **14.990.**



390

FULLT VERÐ: 490

**SPIZY** diskamotta, röndótt. 2 gerðir.



290

FULLT VERÐ: 390

**SPIZY** kanna, margar gerðir.



20% AFSLÁTTUR

FLOTTIR PLASTSTÓLAR Á PALLINN EÐA SVALIRNAR!

**KALYMNOS** plaststóll.
Svartur, orange, lime eða fjólublár.

7.990

FULLT VERÐ: 9.990



20% AFSLÁTTUR

99.990

FULLT VERÐ: 129.990

**NIJMEGEN** 3 sæta sófi, Taupe áklæði. B:216 D:85 H:85 cm.
Fæst einnig 2 sæta, B:163 D:85 H:85 cm. **79.990** fullt verð ~~99.990~~.



60% AFSLÁTTUR

**MEGAN** borðstofustóll, í gráu áklæði.

8.990

FULLT VERÐ: 23.990



LA-Z-BOY 25% AFSLÁTTUR

**RIALTO** La-z-boy, fæst með brúnu, natur og rústrauðu áklæði.
B:80 D:90 H:150 cm.

79.990

FULLT VERÐ: 109.980



20% AFSLÁTTUR

**SVEN** hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði. B:62 D:70 H:105 cm.

69.990

FULLT VERÐ: 89.990



20% AFSLÁTTUR

**FARO** hornsófi, fæst með gráu eða brúnu áklæði. 232x232 H:76 cm.

189.990

FULLT VERÐ: 249.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

EXPO • www.expo.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Öll tilboðin í þessari auglýsingu gilda einungis laugardaginn 4. júní og sunnudaginn 5. júní.**

# OPNUNA

LAUGARDAGINN 4. JÚNÍ OPNUM VIÐ
VERSLUN Í SKEIFUNNI! BJÓÐUM UPP
LAUGARDAG O



VERÐ ÁÐUR: 1.495,-
**895,-**
40% AFSLÁTTUR

**MOLLIE sængurverasett**
Efni: 100% polyestermíkrófíber.
St.140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
**995,-**
50% AFSLÁTTUR

**Sumarsængur**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða í útileguna!
Stærð: 140 x 200 sm.



5 STK.

**Skálasett með plastlokum**
Sniðugt glerskálasett með plastlokum.
Frábært verð!

VERÐ ÁÐUR: 995,-
**495,-**
50% AFSLÁTTUR



60% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 2.495,-
**995,-**

**Herra- og dömuvesti**
Falleg herra- og dömuvesti á frábæru verði!
Vestin eru fáanleg í þremur fallegum litum.
Stærðir: S - XXL.



SPARIÐ 30.000

VERÐ ÁÐUR: 69.990,-
**39.990,-**

**DOVER borð, sófi, 2 stólar og sessur**
Stílhreint og flott garðhúsgagnasett á frábæru verði!. Settið samanstendur af sófa, 2 stólum, borði og sessum.
Borð stærð: B59 x L92 x H43 sm.



40% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 2.495,-
**1.495,-**

**MATS fataslá**
Fín fataslá á góðu verði. Stærð: B90 x H104/173 x D47 sm.



FULLT VERÐ: 1.695,-
**995,-**
10 PÖR
40% AFSLÁTTUR

**10 pör sokkar**
Góðir sokkar á frábæru verði!
Fáanlegir í þremur litum, svartir, gráir og hvítir



40% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 895,-
**537,-**

**CECILIA flísteppi**
Mjúk og góð flísteppi á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.

RHÁTÍÐ!

KL: 08:00 STÆRRI OG GLÆSILEGRI
Á KAFFI, KLEINUR, NAMMI OG SAFA
G SUNNUDAG!

LATI BÆR

Íþróttaálfurinn og Solla Stirða mæta klukkan: 14:00 á laugardaginn og skemmta krökkunum!

Latibær ® & © 2011 Latibær ehf

33% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.495,-

995,-

**THOMAS klappstóll**
Góður klappstóll á frábæru verði!

SPARIÐ 30.000

VERÐ ÁÐUR: 69.950,-

39.950,-

**FALSTER tungusófir**
Svartur tungusófi með PU áklæði.
Stærð: 196 x 140 x 92 sm.

SPARIÐ 3.000

VERÐ ÁÐUR: 7.995,-

4.995,-

**GLORIA borðstofustóll**
Glæsilegur borðstofustóll með PU áklæði.

SPARIÐ 10.000

VERÐ ÁÐUR: 26.950,-

16.950,-

**TAMPA stóll**
Flottur stóll með PU áklæði.

25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

1.495,-

**LUPO hilla**
Falleg og góð skóhilla úr olíuborinni hnotu.
Stærð: B50 x H41 x D26 sm.

SPARIÐ 30.000

STÆRÐ: 90 X 200 SM.
VERÐ ÁÐUR: 69.950,-

39.950,-

ÁFÖST YFIRDÝNA

Sweet Dreams

**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 LFK BONELL gormar pr. m². Hreint ótrúlegt verð! Fætur fylgja með. Dýnan fæst í 3 stærðum.

**THEO skrifborðsstóll**
Góður skrifborðsstóll á krómfæti með hnakkapúða og stillanlegum armpúðum. Hægt að halla baki og festa í hvaða stöðu sem er. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

SPARIÐ 10.000

VERÐ ÁÐUR: 24.950,-

14.950,-

50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 299,-

149,-

**Fægiskófla og sópur**
Flott fægiskófla og sópur í stíl.
*Á meðan birgðir endast!*

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**TÖFRAR** magic.about.com/od/libraryofsimpletricks/ig/Easy-Tricks-for-Kids er vefsíða sem kennir krökkum auðveld töfrabrögð.






## BRANDARAKISTAN

**Maður hringir í öngum sínum í kvennadeildina: „Konan mín er ófrísk og það eru aðeins tvær mínútur á milli hríða hjá henni!" „Er þetta fyrsta barnið hennar?" spyr læknirinn? „Nei, vitleysingur," hrópar maðurinn. „Þetta er maðurinn hennar."**

**Unglingur er – manneskja sem man aldrei eftir því að fara út með hundinn, en gleymir aldrei símanúmeri.**
**Unglingur er – einhver sem kann á flóknustu tölvurnar án kennslu en getur ekki búið um rúmið.**
**Unglingur hefur smekk fyrir tvenns konar tónlist. Hárri og mjög hárri.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# HEIMURINN ER GALDUR

**Hinn sjö ára gamli Steinar Óli Sigfússon leiddi Pedro Rodriguez, fótboltamann í Barcelona, út á völlinn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu um liðna helgi. Steinar Óli heldur með Manchester United og hefur ágætlega mikinn áhuga á fótbolta.**

**Hvað ertu gamall?** Ég er sjö ára.

**Í hvaða skóla ertu?** Ég er í Varmahlíðarskóla.

**Voru skólafélagar þínir spenntir yfir því að þú værir að fara að leiða Pedro Rodriguez inn á völlinn?** Flestallir voru að spyrja mig út í þetta og þá er ég að tala um allir, nema nokkrir í mínum bekk. Þeim fannst þetta ekki sérlega merkilegt.

**Hvað var skemmtilegast við ferðina?** Örugglega að fá að taka í höndina á Pedro Rodriguez og leiða hann.

**Hvernig var hann og töluðuð þið saman?** Hann var ágætur. Hann spurði mig frá hvaða landi ég væri og ég sagði bara Iceland.

**Hefurðu mikinn áhuga á fótbolta?** Já, ágætlega.

**Æfirðu fótbolta?** Já, hjá Smáranum sem er hérna í Varmahlíð.

**Heldurðu með einhverju fótboltaliði?** ManU, auðvitað.

**Áttu þér einhverja fyrirmynd í fótboltanum?** Örugglega Giggs vegna þess að hann er svo góður og hefur spilað marga leiki.

**Langar þig að verða eins og Giggs?** Kannski, en ég er samt nýbúinn að velja annað starf sem ég ætla að verða þegar ég er stór. Ég ætla reyndar að verða efnafræðingur.

**Hver eru áhugamálin þín?** Aðaláhugamálið mitt er bardagi. Ég er mikið fyrir bardagamyndir og ég hef milljón, trilljón, skrilljón sinnum horft á svoleiðis myndir. Ég er ekki að tala um bannaðar myndir, kannski samt innan tólf.

**Æfirðu einhverja bardagaíþrótt?** Ég er sjálfur að skálda mína eigin bardagaíþrótt.

**Hvað er skemmtilegast við bardaga?** Mér finnst töfrabardagar skemmtilegastir. Þeir eru skrýtnir. Töfrar eru samt ekki til í alvöru. Eini galdurinn sem er til er heimurinn.

„Aðaláhugamálið mitt er bardagi. Ég er mikið fyrir bardagamyndir og ég hef milljón, trilljón, skrilljón sinnum horft á svoleiðis myndir. Ég er ekki að tala um bannaðar myndir, kannski samt innan tólf.



Steinar Óli Sigfússon sagði Pedro Rodriguez að hann kæmi frá Íslandi.



## ÚTILEIKUR

### Boltaleikurinn Stoð og strik



Allir stilla sér upp framan við gluggalausan vegg. Einhver byrjar á að henda boltanum í vegginn og nefnir nafn einhvers í hópnum: „Upp fyrir Stínu" og þá á Stína að grípa boltann. Ef henni tekst það kastar hún aftur í vegginn og nefnir nafn einhvers annars. En ef Stína grípur ekki hlaupa allir frá veggnum á meðan hún nær í boltann. Þegar hún hefur náð honum kallar hún: „Stoð" og þá eiga allir að stoppa. Þá reynir Stína að hitta einhvern með boltanum og ef henni tekst það fær sá krakki „strik" en annars fær Stína strikið. Þegar einhver hefur fengið þrjú strik er hann úr leik. Ef Stína hittir krakkann á sá að kasta í vegginn næst en annars gerir Stína það.



Krakkar í Listasmiðjunni.

## Víðátta og rjóður

Listasmiðja verður starfrækt í Norræna húsinu um helgina í tengslum við sýningu Myndlistaskólans í Reykjavík, Víðáttu og rjóður. Sýningin er unnin upp úr þremur norrænum listbúðum sem Myndlistaskólinn stóð fyrir og tók þátt í og fjölluðu meðal annars um ábyrgð okkar gagnvart landslaginu. Undanfarið hafa grunnskólanemendur sótt listasmiðjurnar heim en um helgar er gestum og gangandi boðið að spreyta sig. Listasmiðjan hefst klukkan tíu og er þetta síðasta helgin sem sýningin er opin.

MIKIL SALA
VANTAR EIGNIR Á SKRÁ!

- VANTAR ALLAR TEGUNDIR EIGNA Á SKRÁ.
- ER MEÐ KAUPANDA AÐ 3-4 HERB. Í 101/105/107.
- VANTAR 3JA HERB ÍBÚÐ Í 101 MEÐ STÆÐI Í BÍLG. ALLT AÐ 40 MILLJ.



Sveinn Eyland sölufulltrúi gsm: 6.900.820

HRINGDU NÚNA 6.900.820

LANDMARK FASTEIGNASALA



Magnús Einarsson Lögg. fast.

www.landmark.is • sími: 512 4900 • Bolholti 4

# Sumarblóm á frábæru verði!

Aðeins í Breidd, Granda og Kauptúni



STJÚPUR **89** kr. stk.

# Allt fyrir garðinn!

Gleðilegt sumar

**33.900**

Vnr. 53323150
**Sláttuvél**
WARRIOR sláttuvél með fjórgengis mótor. Vélin er 3,75 hestöfl, stillanleg sláttuhæð, sláttubreidd 46 cm.

**Tökum gömlu sláttuvélina upp í á kr.**
**5.000**
Aðeins hægt að láta eina sláttuvél upp í nýja.

Einhell
Vnr. 74830010
**Sláttuorf**
EINHELL rafmagnssláttuorf BG-ET 2620, 260W, sláttubreidd 20 cm.
**4.990**

BOSCH
Vnr. 74890324
**Sláttuorf**
BOSCH rafmagnssláttuorf ART 23 Combi, 400W, sláttubreidd 23 cm, stillanleg lengd skafts.
**9.990**

Einhell
Vnr. 74830022
**Sláttuvél** **19.990**
EINHELL rafmagnssláttuvél BG-EM 1030, 1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling 25-60 mm, safnkassi er 28 l. Lítil og ódýr sláttuvél sem hentar fyrir minni grasbletti.

Flymo
Vnr. 53323051
**Sláttuvél** **25.900**
FLYMO TURBO LITE sláttuvél, 330 SVIF. 1150W, sláttubreidd 33 cm, sláttuhæð 10-30 mm, þyngd 6,5 kg, 12 m löng rafmagnssnúra.



Vnr. 55095032
**Túnþökur** **260** kr./stk. (1/2 fermeter)
Túnþökur kr./stk, 1/2 m².
Fermeterinn kostar 520 kr.



Vnr. 55900055
**Laufhrífa**
Laufhrífa, plast, 24 tanna.
**2.990**



Vnr. 55900060
**Kantskeri** **2.990**
NORDLAND kantskeri með tréhandfangi.



Vnr. 68315150
**Rósaklippur** **990**
LUX SUPER rósaklippur.



## Gífurlegt úrval af áburði og mold á frábæru verði!

BYKO

EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** strit, **6.** ógrynni, **8.** af, **9.** umrót, **11.** gangþófi, **12.** svölun, **14.** gáleysi, **16.** guð, **17.** mjög, **18.** skel, **20.** samtök, **21.** eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** hvel, **5.** andi, **7.** flúðir, **10.** eyða, **13.** líða vel, **15.** kaupbætir, **16.** fljótfærni, **19.** strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** baks, **6.** of, **8.** frá, **9.** los, **11.** il, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** ra, **17.** all, **18.** aða, **20.** aa, **21.** sitt.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** af, **4.** kringla, **5.** sál, **7.** forvaði, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álag, **16.** ras, **19.** at.





# Traust alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir íbúðum til leigu.

**Alls er leitast eftir 8-10 íbúðum, fullbúnum m. húsgögnum og tækjum og einnig koma til greina íbúðir sem eru tómar.**

**Einungis íbúðir í póstnúmerum 101, 103, 104, 105, 107, 108, 112, 113, 200 og 210, koma til greina.**

Óskað er eftir 3ja- 4ra herb eignum.

Í þeim íbúðum sem eru fullbúnar er skilyrði að þvottavél og þurrkari sé innan íbúðar, einnig þarf internettenging og sjónvarp m. erlendum sjónvarpsstöðum að vera innifalið í leiguupphæð.

Leigutími er 1-2 ár.

**Nánari upplýsingar: Jón Rafn Valdimarsson**
**Lögg. fasteignasali S: 695-5520**



VALHÖLL
FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Útrýming reykingamannsins

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**

Mikið var ég ánægður þegar reykingabannið á veitinga- og skemmtistöðum var kynnt fyrir nokkrum árum. Góð reynsla á reykingabanninu hefur verið notuð til að réttlæta nýtt frumvarp sem nokkrir alþingismenn með Siv Friðleifsdóttur í broddi fylkingar kynntu á dögunum.



**FRUMVARPIÐ** markar næstu skref í hertum aðgerðum gegn reykingamanninum, en nú á að minnka aðgengið í þrepum, banna reykingar á lóðum opinberra bygginga, á gangstéttum, í almenningsgörðum, á baðströndum og á svölum fjölbýlishúsa. Loks á að banna leikurum að reykja í kvikmyndum.

**AÐGERÐIRNAR** eiga að verða til þess að Ísland verði útópískt griðland fólks sem reykir ekki. Reykingamenn verða sjúklingar í miklum minnihluta, enda þurfa þeir að fá lækni til að skrifa upp á *veikindi* sín og sækja retturnar í apótek gegn afhendingu lyfseðils – verði frumvarpið samþykkt.

**HUGMYNDIRNAR** meika fullkominn sens, enda hefur umræða síðustu daga sýnt okkur að neyslustýring landlæknis á lyfjum gefur góða raun. Ef apótekin eru lokuð er undantekningalaust einhver ósérhlífinn öðlingur búinn að útvega sér aukaskammti sem hann er tilbúinn að deila með öðrum á næsta götuhorni – gegn vægu gjaldi að sjálfsögðu.

**BLESSUÐ** börnin hafa notið sérstaklega góðs af núverandi kerfi og geta hæglega útvegað sér lyf hvenær sólarhringsins sem er. Það er því engin tilviljun að nýja reykingafrumvarpið sé sett fram með verndun barnanna okkar í huga. Allir vita að börn sýna því sem er bannað einstaklega lítinn áhuga. Fleiri reglur og skert aðgengi mun því verða til þess að börn eyði frekar tíma sínum í heimanám og að aðstoða foreldra sína við heimilisstörfin.

**REYNSLAN** af kerfinu góða er verðmæt og kemur sér eflaust vel ef landlæknir neyðist til að taka að sér neyslustýringu á tóbaki. Útrýming reykingamannsins er því í sjónmáli þökk sé skilvirkum aðgerðum frumvarps sem er á engan hátt gallað.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HÁTÍÐ HAFSINS

## 4.-5. júní 2011

## Á Granda

Fjársjóðsleit með ísgerði

Hopp og Skopp

Síldarævintýr

Pollapönk

Sjóræningjasigling

Fiskasýning

Flöskuskeyti

Harmonikuball

Siglingakeppni

Gylfi, Rúnar og Megas

matur og menning í Verbúðunum

Krabbaklapp

Kassaklifur

Handverk og hönnun

... og miklu fleira

hatidhafsins.is

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

SJÓMANNADAGURINN

H:N markaðssamskipti / SÍA

# menning

menning@frettabladid.is

**BARBARA ÁRNASON FRAMLENGD** Vegna mikillar aðsóknar hefur verið ákveðið að framlengja yfirlitssýningu Barböru Árnason til og með 15. júní. Á morgun verður Guðbjörg Kristjánsdóttir sýningarstjóri með leiðsögn kl. 15.00. Yfir 250 verk eftir listakonuna eru til sýnis auk fjölda myndskreyttra bóka, jóla- og tækifæriskorta, jólamerkja og fleira sem Barbara hefur skreytt. Mörg verkanna á sýningunni eru í einkaeigu og hafa aldrei áður komið fyrir almenningssjónir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 04. júní 2011**

### Tónleikar

**15.00** Hljómsveitin **Lame Dudes** fagnar sumarkomu og nýútgefnum geisladisk í **Cintamani búðinni**, Bankastræti 7.

**17.00** **Söngsveitin Fílharmónía** heldur tónleika í **Ísafjarðarkirkju**. Yfirskrift tónleikanna er sótt í ljóð Tómasar Guðmundssonar.

**17.00** **Schola Cantorum**, Mótettukór Hallgrímskirkju og **Kammersveit Reykjavíkur** frumflytja verkið **Fléttu** eftir Hauk Tómasson í **Hallgrímskirkju**. Stjórnandi er **Hörður Áskelsson**.

**17.30** Tónleikar með **Camerarctica** verða haldnir kl. 17.30 í **Hafnarborg** í tilefni **Bjartra daga** í Hafnarfirði.

**20.00** Raftónleikar verða á **Bakkusi** í kvöld í samstarfi við **TodaysArt** í Hollandi. Tónleikunum verður streymt beint yfir í Korzo theatre í Haag.

**23.00** **Bang Gang**, **Ourlives** og **Cliff Clavin** halda tónleika á **Nasa**.

### Opnanir

**14.00** Listmálararnir **Ásta R. Ólafsdóttir** og **Bjarni Sigurbjörnsson** opna sýningar sínar í húsakynnum **Reykjavík Art Gallery** í dag kl. 14. Yfirskrift sýninganna beggja er **Fegurðin og fíflið**.

**16.00** **Grafíksýningin Ísland – abstrakt á abstrakt ofan** opnar í dag kl. 16 í **Hafnarhúsinu**. Aðgangur ókeypis.

### Uppákomur

**10.00** **Sumarpartý** verður í versluninni **Spúútnik** á Laugavegi alla helgina. **Haffi Haff** mun einnig frumflytja sumarsmelli.

**14.00** Hitt húsið heldur svokallaðan All-but-clothes markað í dag.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Ísland í gegnum HLIÐARGLUGGANN

**Ljósmyndasýning Svavars Jónatanssonar verður opnuð Skaftafelli í dag. Myndirnar eru unnar úr myndbandsverki sem hann lauk við í fyrra.**

Svavar Jónatansson ljósmyndari hefur síðan 2007 ferðast reglulega með flutningabílum og rútum um landið og tekið myndir út um hliðarrúðuna á nokkurra sekúndna fresti. Hann hefur komið sér upp myndabanka sem í eru um 200 þúsund myndir. Í fyrra kom út verkið Innland/Útland-Ísland, myndbandsverk sem samanstóð af 40 þúsund ljósmyndum og frumsaminni tónlist Daníels Ágústs Haraldssonar.

Svavar heldur tvær sýningar með sérunnu efni frá svæðum Vatnajökulsþjóðgarðs og Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Sú fyrri opnar í gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli í dag. „Upphaflega ætlaði ég að ferðast um landið á mótorhjóli og taka stakar myndir hér og þar,“ segir Svavar um verkefnið. „En síðan þróaðist hugmyndin út í það að fá far með flutningabílum og rútum og taka myndir á nokkurra sekúndna fresti.“

Svavari telst til að hann hafi farið fjóra heila hringi í kringum landið, auk ótal styttri skottúra. Hið mikla magn mynda sem hann hefur tekið býður upp á nær óteljandi möguleika til úrvinnslu, til dæmis að afmarka sýningar við ákveðin svæði og stækka ákveðnar myndir.

„Ég komst að því að ég átti fleiri en eina mynd frá sumum stöðum sem voru teknar frá svo til nákvæmlega sama sjónarhorni. Í kjölfarið fór ég að leita skipulega og hef fundið slíkar myndir frá um hundrað ólíkum stöðum. Í fyrstu réð tilviljun því að ég náði fleiri en einni mynd af sama stað en með árunum eru ákveðnir staðir sem ég þekki úr grunninum sem ég mynda alltaf þegar ég fer fram hjá þeim; það er næstum eins og ég sé með þá forritaða í hausnum. Ég held ég eigi til dæmis um fimmtán myndir af Svínafellsjökli.“

Gífurleg vinna fór í að vinna úr og skipulegga myndagrunninn, en Svavar segir umfangið aldrei hafa dregið úr honum móð. „Þvert á móti, þessi hugmynd hefur haldið mér hugföngnum frá því hún byrjaði að gerjast 2007 og kveikt enn meira í mér eftir því sem á líður frekar en hitt.“

Sýning Svavars frá Snæfellsjökulsþjóðgarði opnar á Hellnum 22. júní næstkomandi. Spurður um framhaldið segist Svavar ætla að halda áfram að safna myndum í sarpinn og bæta við nýjum landshlutum. „Svo væri auðvitað frábært að fara út fyrir landsteinana og vinna með annars konar landslag.“

Sýningin í Skaftafelli er í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og styrkt af Vinum Vatnajökuls. Sýningin á Snæfellsnesi er í samstarfi við Snæfellsjökulsþjóðgarð og styrkt af Menningarráði Vesturlands. Báðar sýningarnar standa fram á haust. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á inlandoutland.com **bergsteinn@frettabladid.is**



**SVAVAR OG DANÍEL** Sá síðarnefndi samdi tónlist við myndbandsverk Svavars.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Dans ★★★

**Haze**

Beijing Dance Theatre

**Sýnt í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð Reykjavíkur**

## Hreyfing í fyrirrúmi

Eftir miðja 20. öld breiddist ballettinn út frá Vesturlöndum til landa eins og Tyrklands, Íran, Japans og Kína. Eftir að ballettinn hafði náð fótfestu í þessum löndum fylgdi vestrænn nútímadans á eftir, í fyrstu sem þáttur í þjálfun dansaranna en seinna sem sjálfstætt listform. Beijing Dance Theatre var stofnað 2008 og er fyrsti nútímadansflokkurinn í Kína samkvæmt heimasíðu flokksins. Þó að hann skilgreini sig sem nútímadansflokk byggir hann á færni í hefðbundnum ballett auk nútímadansins. Hann leggur einnig áherslu á að tengja hefðbundna kínverska menningu og dans inn í listsköpun sína þó að það sé lítt sýnilegt í þessu dansverki.



Í sýningunni Haze var klassísk fagurfræði í hreyfiforða dansaranna áberandi. Langar beinar línur, strekktar ristar og ögun í hreyfingum báru ballettþjálfuninni vitni en einnig mátti merkja sterk áhrif frá móderndansi millistríðsáranna. Móderndansinn kom fram sem andsvar við ballettinum í upphafi 20. aldar og hafði öðlast sess sem viðurkennt þjálfunarform (t.d. Graham-, Horton- og Limon-tækni) upp úr miðri öldinni. Móderndansararnir vildu vinna með þyngdarlögmálinu en ekki reyna sífellt að yfirvinna það eins og í ballettinum, og gólfvinna varð hluti af dansinum.

Dansarar Beijing Dance Theatre eru allir ungir og vel þjálfaðir. Búningarnir, þröng æfingaföt, gerðu dönsurunum auðvelt fyrir að nýta hreyfifærni sína og gáfu áhorfendum tækifæri til að njóta hverrar hreyfingar. Lítill sem enginn munur var á hlutverkum kynjanna í dansverkinu. Það eina sem skildi þau að var að stelpurnar voru í æfingabol og þröngum dansbuxum en strákarnir í sams konar buxum en berir að ofan. Hreyfingin og framsetning á líkamlegri færni dansaranna var í forgrunni í sýningunni. Dýnan á gólfinu, risastór og mjúk, undirstrikaði þetta því vegna hennar gátu dansararnir leyft sér að stökkva, detta og kasta sér af fullum krafti án þess að vera hræddir um meiðsli. Dýnan gerði dansinn þannig leikandi og skemmtilegan á að líta en á sama tíma gerði hún dansköpunina stundum ónákvæma, sérstaklega í upphafi verksins. Það var greinilega ekki alltaf auðvelt að stoppa sig á réttum tíma eða á réttum stað á svona mjúku undirlagi. Óreiðan gaf verkinu þó hlýjan blæ og kom í veg fyrir að sýningin líktist æfingatíma eða fimleikasýningu í stað listræns dansverks.

Dansverkið Haze er einfalt og fallegt verk. Sviðsmyndin og ekki síst lýsing voru vel gerð og þegar ég áttaði mig á því að reykurinn sem lagðist yfir sviðið og salinn var tákn misturs og mengunar tók ég hann fullkomlega í sátt. Í huganum þakkaði ég fyrir tært sveitaloftið sem hafði umlukið mig fyrr um daginn. Tónlistin var flott, eilítið eintóna og þunglyndisleg á köflum, en í fullu samræmi við það sem gerðist á sviðinu. Verkið er ólíkt því sem íslenskir dansáhorfendur hafa undanfarið fengið að sjá á sviði hér heima. Dansleikhúsformið hefur verið sterkt hér, auk þess sem ögrandi framsetning hugmynda og afbygging hvers konar hefur verið vinsæl. Listdansinn hefur mörg andlit, sem hvert og eitt býr yfir sinni sérstöku „fegurð“. Mikið og fjölbreytt úrval dans og danstengdra sýninga, eins og Listahátíð hefur boðið upp á nú í vor, gerir starf dansgagnrýnandans skemmtilegt. **Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Áhugaverð sýning þar sem áhorfendur fengu að sjá unga og vel þjálfaða dansara sýna getu sína í fallegu hreyfilistaverki.

# KEILIR ER GÓÐUR KOSTUR

**Keilir er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almannasamtaka og byggist upp á fjórum mismunandi skólum: Háskólabrú, Heilsuskóla, Orku- og tækniskóla og Flugakademíu. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. Komdu í Keili.**




## HÁSKÓLABRÚIN

**Háskólabrú Keilis býður upp á nám fyrir þá sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að loknu námi uppfylla þeir inntökuskilyrði í háskóla.**

## HEILSUSKÓLINN

**Heilsuskóli Keilis býður upp á fjölbreytt nám í þjálfun og á sviði heilsu-, heilbrigðis- og íþróttafræða.**

ÍAK EINKAÞJÁLFUN
ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN
ÍAK HÓPÞJÁLFUN

## FLUGAKADEMÍAN

**Flugakademía Keilis leggur áherslu á nútímalega kennsluhætti og flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur.**

EINKAFLUG
ATVINNUFLUG
FLUGUMFERÐARSTJÓRN
FLUGÞJÓNUSTA

## ORKU- OG TÆKNISKÓLINN

**Orku- og tækniskóli Keilis býður upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi. Námið fléttar saman atvinnutengdum verkefnum og bóklegu námi.**

ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI
MEKATRÓNÍK TÆKNIFRÆÐI
TROMPIÐ VERKEFNA- OG VIÐBURÐASTJÓRNUN



## NÁM OG HEIMILI 63.000 KR. Á MÁNUÐI!

**Verðið miðast við skólagjöld í B.Sc. námi í tæknifræði og leigu á 3ja herbergja fjölskyldu- eða paraíbúð.**



**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ.**

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

# Fólk

folk@frettabladid.is

**12 MÁNUÐIR** er tíminn sem samband leikkonunnar Cameron Diaz við hafnaboltakappann Alex Rodriguez entist en því lauk í vikunni. Diaz er því enn á ný á lausu og segir vefsíðan showbizspy.com leikkonuna vera í mikilli ástarsorg. Hún hefur áður verið í sambandi með frægum mönnum á borð við Justin Timberlake, Matt Dillon og Jared Leto.



Tónlist ★★★★

**Don't Want to Sleep**

FM Belfast



## Og allir að hoppa svo!

FM Belfast sló í gegn svo um munaði með fyrstu plötunni sinni How to Make Friends sem kom út haustið 2008. Það getur verið erfitt að fylgja eftir svo vel heppnaðri frumsmíð, en meðlimir FM Belfast hafa greinilega ákveðið að flana ekki að neinu og nú, tæpum þremur árum seinna, er plata númer tvö loksins komin út.

How to Make Friends var elektrópopp partíplata sem einkenndist af flottum töktum, grípandi melódíum og ýktum falsettu-viðlögum sem maður gat ekki annað en sungið með. Sama lýsing gæti að miklu leyti átt við um Don't want to Sleep. Stuðið er enn til staðar og viðlögin eru enn jafn grípandi. Hins vegar hafa þau Árni Rúnar, Lóa, Árni Vilhjálms og Örvar unnið mikið í hljómnum. Nýja platan er mun fjölbreyttari tónlistarlega.

Það er fullt af flottum lögum hér. I Don't Want to go to Sleep Either er smellur og það sama er hægt að segja um upphafslagið Stripes, hið rokkaða Noise og lögin American, Believe, We Fall, Vertigo og hið skemmtilega gerviefnalega Mondays. Það eru ellefu lög á Don't Want to Sleep og þau eru flest góð þó að platan detti aðeins niður á endasprettinum.

Don't Want to Sleep er á heildina litið fínt framhald af How to Make Friends. Tónlistin hefur þróast töluvert, en gleðin er enn þá til staðar. Mann langar að dansa, eða allavega hoppa og baða út öllum öngum þegar maður hlustar á hana. Gaman.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Þó að tónlistin hafi þróast er stuðið á sínum stað á FM Belfast plötu númer tvö.

**Óska eftir að kaupa enska linguaphone námskeiðið**

**English course námskeiðið upplýsingar 865 7013**

# MAGABOLIR AFTUR Í TÍSKU

**Ef marka má helstu hönnuði og tískuspekinga eru stuttir bolir og fatnaður sem sýnir beran maga ein af tískubólum sumarsins. Tíska tíunda áratugarins hefur verið að koma aftur í litlum skömmtum undanfarið og magabolirnir eru hluti af þeirri þróun. Hönnuðirnir vinsælu Alexander Wang og Vivienne Westwood eru meðal þeirra hönnuða sem eru með stutta boli og skyrtur í fatalínum sínum.**

Stjörnurnar í Hollywood eru oftar en ekki fljótar að taka við nýjum tískustefnum og hafa þær Rihanna, Jennifer Lopez, Leighton Meester og töffarinn Robyn allar sést skarta stuttum bolum undanfarið. Það er því ljóst að magabolirnir eru komnir aftur á tískuradarinn í bili.



**HRESSANDI** Jennifer Lopez skapaði fjölmiðlafár þegar hún mætti á rauða dregilinn og sýndi beran magann enda þykir hún í ansi góðu formi.

**PEYSA** Þessi peysa frá Vivienne Westwood hylur ekki mikið. NORDICPHOTOS/AFP



**LITRÍK** Sænski söngfuglinn Robyn er þekkt fyrir að hafa mikið dálæti á tísku tíunda áratugarins og kemur það því ekki á óvart að hún skuli klæðast magabolum í sumar.



**ÓHRÆDD** Söngkonan Rihanna er óhrædd að prófa nýjar tískubólur og ekki lengi að koma sér í magabol.



**SVART** Hönnuðurinn Alexander Wang sýndi margar útgáfur af magabolum í línu sinni en hann hefur notið mikilla vinsælda í tískuheiminum síðustu ár.



**MAGAPEYSA** Leikkonan Leighton Meester er hér með bert á milli á tískuvikunni í New York og ber það vel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eignaðist stúlku

Poppsöngkonan Pink eignaðist sitt fyrsta barn í fyrrinótt og greindi sjálf frá því á samskiptavefsíðunni Twitter skömmu síðar. „Við erum í skýjunum yfir fæðingu litlu fallegu stúlkunnar okkar, Willow Sage Hart. Hún er gullfalleg eins og pabbi hennar.“

Barnsfaðir og eiginmaður Pink er mótorkross-atvinnumaðurinn Carey Hart, en þau hafa verið par síðan árið 2001. Pink vissi ekki kynið á barninu fyrir fæðingu og talaði opinskátt um það í viðtalsþætti Ellen DeGeneres á síðasta ári að henni þætti óþægilegt að almenningur væri að fylgjast með óléttunni. „Ég er mjög stressuð en vona að ég eigi eftir að standa mig í foreldrahlutverkinu.“



**NÝBÖKUÐ MÓÐIR** Söngkonan Pink eignaðist stúlkuna Willow Sage Hart aðfaranótt föstudags. NORDICPHOTO/GETTY

# Spilar nýtt lag í kvöld

**Hljómsveitin Bang Gang með Barða Jóhannsson í fararbroddi spilar á Nasa í kvöld. Þetta verða fyrstu tónleikar sveitarinnar í Reykjavík síðan í Þjóðleikhúsinu í nóvember en einnig þeir síðustu í nokkurn tíma. „Ég ætla að spila nýtt lag sem ég gerði með Bjarna í Cliff Clavin. Við ætlum að taka það saman,“ segir Barði og á þar við lagið Bloodshot Eyes. Gömul og góð Bang Gang lög verða einnig á efnisskránni. Sveitin spilar á tónlistarhátíð í París 10. júlí. Ný plata er síðan væntanleg í október ef allt gengur að óskum.**






SIGILLUM SCHOLÆ REYKJAVICENSIS

**Opið hús í Menntaskólanum í Reykjavík**

**fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 5. júní kl 14 - 16.**

***Allir eru hjartanlega velkomnir***


AFMÆLIS-
HÁTÍÐ
3 ÁRA
Glæsileg afmælistilboð alla helgina.
KRÓNAN
INTERSPORT
KRÓNAN
INTERSPORT
ELKO
AÐEINS Í DAG, LAUGARDAG
1258 kr. kg
Lambalæri, kryddað
500 kr/kg
af nammibarnum
í dag, laugardag
Aðeins í Lindum
SÉRFRÆÐINGUR
FRÁ NIKE VERÐUR
MEÐ HLAUPAKYNNINGU
MILLI 14 OG 17
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
NIKE HLAUPASKÓM
33% afsláttur
Spilar myndbönd
8 GB minni
19.995
SONY
50% afsláttur
1.995
VERÐ ÁÐUR 3.995
TEFAL
Frábær afmælistilboð!
HOPPUKASTALI
GRILLVEISLA
Í DAG, LAUGARDAG
FRÁ KL. 14-16

www.ljosmyndaskolinn.is
umsóknarfrestur rennur út 10. júní
LJÓSMYNDASKÓLINN

# Quarashi aftur í ræturnar

**Rappararnir í Quarashi ætla að sækja aftur í ræturnar á endurkomutónleikum sínum í sumar. Gísli Galdur og Opee stíga báðir á svið með hljómsveitinni.**



**AÐSTOÐA QUARASHI** Gísli Galdur og Ólafur Páll Torfason, eða Opee, taka þátt í endurkomu Quarashi á Bestu útihátíðinni í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í tilefni af endurkomu Quarashi á Bestu útihátíðinni í júlí hefur hljómsveitin ákveðið að sækja aftur í ræturnar hvað útsetningar á tónlistinni varðar.

Þegar sveitin hóf störf um 1996 snerist allt um trommur, sömpl og tilburði plötusnúðarins. Gísli Galdur, sem var plötusnúður hjá Quarashi síðustu ár hennar, mun aðstoða við að færa eldri lög sveitarinnar í hipphopplegri búning og einhverjum lögum verður skotið saman. „Við ætlum að leika okkur með „playbackið“ og reyna að keyra það dálítið skemmtilega þannig að þetta verði dálítið þéttur pakki,“ segir Gísli Galdur. „Þetta er rosamikið af hitturum og ég held að það verði mjög skemmtilegt að grufla aðeins í þessu. Þarna verður líka góð blanda af þessu gamla og nýja.“

Hvorki bassa- né gítarleikari verður því með Quarashi á tónleikunum og því er ekkert pláss fyrir náunga á borð við leikstjórann Gauk Úlfarsson og Smára „Tarf“ Jósepsson sem spiluðu með sveitinni á sínum tíma.

Rapparinn Ólafur Páll Torfason, betur þekktur sem Opee, var gestur í Quarashi um stund og söng með sveitinni lagið Mess It Up. Hann tekur einnig þátt í endurkomu Quarashi og flýgur hingað frá Danmörku. Þar er hann að útskrifast úr viðskiptanámi hjá Handelshøjskolen i København. „Ég held að þetta verði mjög skemmtilegt. Það er svo langt síðan síðast og það er gaman að allir séu með,“ segir Ólafur Páll. „Það er langt síðan ég hef tekið þetta lag en ég reikna með því að það hafist.“

Eftir að Ólafur Páll hætti í Quarashi starfaði hann með hljómsveitinni O.N.E. Síðan hann flutti til Danmerkur árið 2009 hefur hann eitthvað gert af því að semja og spila sem plötusnúður en langmestur tími hefur þó farið í námið. Engu að síður segist hann vera í hörkuformi. „Ég stefni að því að mæta á æfingar í byrjun júlí og heilsa upp á mannskapinn. Það verður gaman að rifja upp gamlar stundir.“ freyr@frettabladid.is

20
Rannsóknaþing 2011
Áskoranir á norðurslóðum
- loftslagsbreytingar, umhverfi og hagræn áhrif



8. júní
kl. 8:30-10:30
Grand Hótel
Reykjavík

Dagskrá

8:30 Setning Rannsóknaþings
Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra.

8:45 Veðurfarsbreytingar á norðurslóðum
Halldór Björnsson, verkefnastjóri loftslagsrannsókna hjá Veðurstofu Íslands.

9:10 Hagræn áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum - áhrif á Íslandi
Daði Már Kristófersson, dósent í náttúruauðlindahagfræði við Háskóla Íslands.

9:30 Áhrif loftslagsbreytinga á gróðurfar á norðurslóðum
Brynhildur Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins.

9:50 Áhrif veðurfars á lífríki í hafinu umhverfis Ísland
Ólafur S. Ástþórsson, aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar.

10:10 Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Áslaug Helgadóttir rannsóknastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands og formaður dómnefndar Hvatningarverðlaunanna gerir grein fyrir starfi dómnefndar.
Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs afhendir verðlaunin.

Fundarstjóri: Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.

Morgunverður í boði fyrir gesti Rannsóknaþings frá kl. 8:15.
Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á rannis@rannis.is

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Hórmangari í nýrri mynd

**Joaquin Phoenix leikur hórmangara í kvikmyndinni Low Life sem fer í tökur á næsta ári. Þar leikur hann á móti Marion Cottilard sem fer með hlutverk pólskrar vændiskonu. Einnig er talið að Jeremy Renner leiki í myndinni. Um þessar mundir leikur Phoenix í The Master í leikstjórn Pauls Thomas Anderson og fjallar hún um sértrúarsöfnuð. Phoenix hefur ekki leikið í Hollyood-mynd í þrjú ár eða síðan hann lék á móti Gwyneth Paltrow í Two Lovers.**



**TATTÚSJÚKUR** Knattspyrnukappinn David Beckham ber um þrjátíu húðflúr og sagðist í nýlegu sjónvarpsviðtali hafa íhugað að fá sér tattú á typpið.

# Beckham til í tattú á typpið

Knattspyrnugoðið David Beckham íhugar að fá sér húðflúr á sitt allra heilagasta. Beckham mætti í viðtal til sjónvarpsfréttamannsins Craig Ferguson á dögunum og spurði fréttamaðurinn hann meðal annars út í húðflúrin, sem hafa löngum vakið mikla athygli. Beckham kvaðst vera með um þrjátíu húðflúr á líkamanum, án þess þó að vita nákvæma tölu. Ferguson spurði hann þá hvort hann hefði einhvern tímann fengið sér húðflúr á typpið og Beckham svaraði einfaldlega: „Ekki enn, en ég var að spá í það.“



**EKKI LENGUR ALLEN** Söngkonan Lily Allen ætlar að taka upp eftirnafnið Cooper.

# Allen skiptir um nafn

**Söngkonan Lily Allen hefur ákveðið að taka upp eftirnafn verðandi eiginmanns síns, Sam Cooper, þegar þau ganga í það heilaga hinn 11. júní. „Lily hefur nú þegar sagt umboðsskrifstofunni og yfirmönnum plötufyrirtækisins að héðan í frá hljóðriti hún undir nafninu Lily Cooper,“ sagði heimildarmaður söngkonunnar.**

# Fínar útsetningar

Tónleikar ★★★

**Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson með Sinfóníunni**

1. júní í Hörpu

„Ég veit þú kemur“ var yfirskrift tónleika Sinfóníunnar á miðvikudagskvöldið í Hörpu. Á dagskránni voru þekkt dægurlög frá því í gamla daga, í útsetningum Hrafnkells Orra Egilssonar. Þetta voru lög eins og Á morgun eftir Ingibjörgu Þorbergs og Heima eftir Oddgeir Kristjánsson, en einnig lög eftir erlenda höfunda með íslenskum textum.

Útsetningarnar voru fínar. Það var skemmtilegur, dálítið nostalgískur Hollywood-bragur á þeim, stundum í dekkri kantinum. En líka glanskenndir kaflar, oft glæsilegir lokasprettir og hápunktar sem eru ekkert endilega í upprunalegu útgáfunum. Það smellpassaði hér.

Þau Sigríður Thorlacius, úr Hjaltalín, og Sigurður Guðmundsson, oft kenndur við Hjálma og Memfismafíuna, sungu lögin. Sigríður var of lengi að komast almennilega í gang. Auðvitað er eðlilegt að söngvari þurfi smá tíma til að ná fullum dampi, en hér þurfti maður að bíða þar til eftir hlé að hún næði að gefa sig tónlistinni á vald. Hún hefur einstaklega fallega rödd, skæra og hljómmikla, en það var varla merkjanlegt fyrr en í seinni hluta tónleikanna.

Maður áttaði sig fyrr á Sigurði. Hann er svona Hauks Morthens týpa. Röddin er silkimjúk, en tæknina vantar. Hann átti stundum erfitt með að hoppa almennilega yfir stærri tónbil, en frammistaða hans var þó jafnari en hjá Sigríði. Og það var a.m.k. alltaf rétta stemningin í söng hans. Hljómsveitin, undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar, spilaði prýðilega. Ég er þó ekki frá því að hún hefði mátt spila örlítið veikar, a.m.k. átti hún það til að yfirgnæfa söngvarana. Eða þá að þurft hefði að hækka aðeins í söngvurum. Í sjálfu sér voru þetta rislitlir tónleikar. Það var ekkert sem gerði mann brjálaðan af hrifningu. En eins og áður sagði voru útsetningarnar flottar, og lögin hafa fyrir löngu sannað sig. Ég held að fáum hafi leiðst þarna um kvöldið.

Jónas Sen



**RISLÍTIÐ EN SMEKKLEGT** Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson sungu með Sinfóníunni í Hörpu á miðvikudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Niðurstaða:** Smekklegar útsetningar, misjafn söngur, jafnvægið á milli söngvara og hljómsveitar ekki alveg í lagi, en góð stemning og skemmtileg tónlist.

# Daðrar í Cannes

**Samband Scarlett Johansson og Sean Penn hefur liðið undir lok. Parið hafði verið að hittast frá því í febrúar.**

**Þau sáust fyrst saman er þau fóru í frí til Mexíkó og stuttu síðar birtust myndir af þeim þar sem þau snæddu saman hádegisverð í Los Angeles. Parið mætti einnig saman í veislu sem fram fór í Hvíta húsinu í apríl. „Sean mætti einn til Cannes í lok maí og sást daðra við fjölda kvenna, það varð til þess að fólk fór að velta fyrir sér hvort hann og Scarlett væru hætt saman,“ var haft eftir sjónarvotti.**



**DAÐRAR** Sean Penn sást daðra við fjölda kvenna í Cannes.
















**ROKKA Á NASA** Rokkararnir í Steelheart spila á Nasa á miðvikudagskvöld þar sem Mili (lengst til hægri) verður vafalítið í essinu sínu. MYND/SAMANTHA BAKER

# Röddin er hljóðfærið mitt

**Rokkararnir í Steelheart spila á Nasa á miðvikudag. Söngvarinn Mili passar vel upp á háa rödd sína, sem er alveg jafn kraftmikil og fyrir tuttugu árum.**

Bandaríska rokkhljómsveitin Steelheart sló í gegn í byrjun tíunda áratugarins með kraftballöðunni She´s Gone þar sem rödd króatíska söngvarans Miljenko Matijevic, eða Mili, nær hæstu hæðum. Smáskífulagið I'll Never Let You Go náði einnig miklum vinsældum og var annað mest umbeðna lagið á MTV. Síðan þá hefur sveitin hætt tvívegis en alltaf rifið sig upp á nýjan leik.

Steelheart spilar á Nasa á miðvikudagskvöldið. Mili er spenntur fyrir komunni til Íslands og ætlar að gefa sér tíma til að kynnast landinu áður en tónleikarnir hefjast. „Ég hlakka til skoða mig um og fá mér gott lambakjöt í leiðinni," segir hann, greinilega búinn að frétta af hinu bragðgóða íslenska kjöti.

Steelhart er í hörkuformi að hans sögn og tilbúin í tónleikahald úti um allan heim í sumar, þar á meðal í Svíþjóð, Indónesíu, Púertó Ríkó og Suður-Kóreu. „Við höfum verið að vinna eins og brjálæðingar við að endurbyggja Steelheart. Tónlistin hefur breyst og þroskast, alveg eins og við sjálfir. Við tókum upp Black Dog [með Led Zeppelin] og ætlum að reyna að gefa út nýtt smáskífulag á þriggja mánaða fresti," greinir Milo frá.

Aðspurður segir hann að Steelheart sé ekki lengur sú hármetal hljómsveit sem hún var til að byrja með. „En þetta tímabil var frábært og við skemmtum okkur ótrúlega vel. En það er kominn tími til að breytast. Tónlistin okkar hefur þróast og í framtíðinni viljum við prófa öðruvísi hluti."

> Þetta var mjög erfiður tími eftir slysið.
>
> **MILI**
> SÖNGVARI STEELHEART

Árið 1992 gaf Steelheart út plötuna Tangled in Reins. Á tónleikaferðalagi til að fylgja henni eftir lenti Mili í alvarlegu slysi þegar ljósamastur upp á hálft tonn féll á hann á miðjum tónleikum eftir að hann reyndi að klifra upp á það. Við tók löng sjúkrahúslega og hljómsveitin lagði upp laupana. „Þetta var mjög erfiður tími eftir slysið. Það var ekki fyrr en tveimur vikum eftir að ég kom heim sem ég byrjaði að finna fyrir miklum höfuðverkjum. Ég var mörg ár að jafna mig," segir Mili.

Fjórum árum eftir slysið endurvakti Mili Steelhart en þá hafði tónlistarslandslagið breyst og hljómsveitin lagðist aftur í dvala. Það var svo 2001 að Mili fékk uppreisn æru þegar hann var fenginn til að syngja fyrir leikarann Mark Wahlberg í kvikmyndinni Rock Star. Tónlistin í myndinni hitti í mark, þar á meðal lag Steelheart, We All Die Young,

Mili er þekktur fyrir kraftmikla rödd sína sem kemst óvenju hátt. Aðspurður segir hann röddina enn þá vera í toppstandi en viðurkennir að hann þurfi að leggja mikið á sig til að halda henni góðri. „Ég stunda líkamsrækt, drekk ekki áfengi og nota engin eiturlyf. Maður verður sífellt að vera vakandi, enda er röddin hljóðfærið mitt."

Hann nýtur mikillar virðingar í bransanum og söng til að mynda með Ray Manzarek og Robby Krieger úr hljómsveitinni The Doors á síðasta ári. Gerð heimildarmyndar um ævi hans hefur einnig staðið yfir undanfarið tvö og hálft ár og fer hann til heimaborgar sinnar Zagreb í sumar þar sem tónlistarhátíð verður haldin í tilefni myndarinnar.

Enn eru til miðar á tónleikana á Nasa á miðvikudaginn og fást þeir á Midi.is. Miðaverð er 3.500 krónur og munu hljómsveitirnar Dúndurfréttir, Exizt og Atrum hita upp.

freyr@frettabladid.is

# Þarf að berjast fyrir laununum

Sorgarsaga Cheryl Cole í bandaríska X-Factor tekur á sig nýja mynd á hverjum degi. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum var Cole rekin úr bandarísku raunveruleikaseríunni X-Factor. Hún á hins vegar inni laun upp á 226 milljónir íslenskra króna og hún hyggst ekki gefa tommu eftir til að fá þá summu greidda inn á launareikning sinn.

Framleiðandi X-Factor, Fremantle, ætlar að gera Cole lífið leitt og hefur nú farið fram á það við söngkonuna að hún útvegi sér atvinnuleyfi í Ameríku svo hægt sé að borga henni. Cole hefur því ákveðið að leita á náðir bandaríska sendiráðsins í London í von um að sendiherrann leggi sitt á vogarskálarnar til að greiða úr flækjunni og útvegi henni tilskilin leyfi. „Þetta er refskák," hefur bandaríska blaðið Hollywood Reporter eftir heimildarmanni sínum.

Ekki er enn vitað hvernig þessu undarlega máli lyktar. Samkvæmt sumum fjölmiðlum er ekki útilokað að Cole muni koma fram í þættinum og þá sem einhvers konar gestadómari. Aðrir fjölmiðlar telja að öll dramatíkin í kringum brotthvarf Cole verði höfð inni í þáttaröðinni, en söngkonan var rekin eftir aðeins fjórar upptökur og söngkona Pussycat Dolls, Nicole Scherzinger, ráðin í hennar stað. Cole er hins vegar enn sannfærð um að breski sjónvarpsmógúllinn Simon Cowell standi á bak við brottrekstur-inn og af þeim sökum neitaði hún meðal annars 2,8 milljóna punda tilboði um að taka að sér dómarasæti í breska X-Factor. „Cowell heldur að hann geti fært fólk til eins og taflmenn," hefur Hollywood Reporter eftir innanbúðarmanni.



**SPARKAÐ** Cheryl Cole hyggst ekki gefast upp þrautalaust og ætlar að fá það sem henni ber frá framleiðendum X-Factor. Nicole Scherzinger (t.v.) hefur verið ráðin í hennar stað.



# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



**MCKINLEY MISSOURI W FUNC SWEATER**
Rennd útivistarpeysa með þunnu flísfóðri. Litir: Hvít, bleik og svört. Dömustærðir.

**7.990**



**MCKINLEY OHIO FUNCTION SWEATER**
Rennd útivistarpeysa með þunnu flísfóðri. Litur: Svört, blá. Herrastærðir.

**7.990**



**MCKINLEY OMEGA PANT**
Göngubuxur úr léttu og fljótþornandi efni með góðri öndun. Hægt að breyta í stuttbuxur. Litir: Svartar, dökkgrænar, brúnar. Dömu- og herrastærðir.

**9.990**



**MCKINLEY ARIZONA W TOP**
Útivistarbolur úr teygjanlegu efni. 81% polyester, 15% bómull og 4% elastan. Dömustærðir.

**3.690**



**MCKINLEY DUNIT CAPRI**
Kvartbuxur úr léttu og fljótþornandi efni með góðri öndun. Litir: Svartar, brúnar, dökkgrænar. Dömu- og herrastærðir.

**6.990**



**MCKINLEY DISCOVERY**
Svefnpoki. Fylling: 500 g. Tec Loft Comfort. Þyngd: 1 kg. Hámarkshæð notanda: 190 cm.

**12.990**



**SALOMON VEGA GORE-TEX**
Gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. Slitsterkur CONTAGRIP-sóli með góðu gripi. Dömu- og herrastærðir.

**16.990**



**MCKINLEY CRXSS 28**
28 lítra bakpoki fyrir dagsferðir. ERGOFLOW-kerfi tryggir loftflæði um bakið. Regnheld hlíf fylgir.

**10.990**

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

# GÆÐA GARÐHÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI



**CABANA**
Borð og 4 stólar með örmum. Flott sett úr harðviði.

**CABANA BORÐ**
150x90cm
14.999 kr

**CABANA STÓLL**
Samfellanlegur með örmum
7.499 kr



**HONDURAS SETT**
-Borð og 2 samfellanlegir stólar úr harðviði
SETT 14.999 kr



**TIOMAN**
-90x90cm borð og 4 stólar úr harðviði
BORÐ 11.999 kr
STÓLL 6.499 kr



**JAMAICA**
-Borð og 4 samfellanlegir stólar úr harðviði
BORÐ 10.699 kr
STÓLL 4.299 kr



Flugnaspaði 199 kr.



Vatnsúðari 499 kr



Garðkanna Verð frá 199 kr.



Úðabrúsi 999 kr



Citronella flugnafælukerti 499 kr/stk



Geitungagildra 199 kr.



Garðverkfæri 3 í pakka 999 kr



Aukahlutir f. garðslönguna Verð frá 199 kr.

24 Hagkaup OPIÐ í sumar ALLAN sólarhringinn Akureyri & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# sport

sport@frettabladid.is



**DAGUR SIGURÐSSON** verður ekki arftaki Heiner Brand með þýska landsliðið í handknattleik. Það var staðfest í gær og Dagur mun því halda áfram að þjálfa Fuchse Berlin. „Framkvæmdastjóri Berlin vildi binda enda á þessar vangaveltur. Þýska sambandið lagði aldrei fram tilboð í mig og ég þurfti því ekki að taka ákvörðun," sagði Dagur.

Landsliðsþjálfari Dana ber virðingu fyrir Íslandi:

## Góð blanda ungra og reyndra leikmanna

**FÓTBOLTI** Það var létt yfir Morten Olsen, landsliðsþjálfara Dana, á blaðamannafundi danska landsliðsins í gær. Danir gera kröfu um þrjú stig í leiknum í kvöld en Olsen varar við því að verkefnið sé ekki auðvelt.

„Við berum virðingu fyrir íslenska liðinu og vitum að það er alltaf erfitt að spila gegn því. Í liðið eru komnir góðir, ungir og tekniskir leikmenn og fyrir eru reyndari og sterkir leikmenn. Það er því góð blanda í þessu íslenska liði," sagði Olsen en hann sagðist samt ekki vita hversu marga af ungu leikmönnunum Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, myndi nota.

„Það eru þarna strákar eins og Gylfi Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson sem eru vanir að spila fyrir framan fulla leikvanga af



**MORTEN OLSEN** Gerir sér grein fyrir því að það þarf að hafa fyrir sigri á íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

fólki. Það þarf að hafa gætur á leikmönnum íslenska liðsins. Markmiðið er samt klárt og það er að fara með þrjú stig heim frá Íslandi."

- hbg

# Danirnir eru pínu hræddir

**Ólafur Jóhannesson er bjartsýnn á að Ísland geti á morgun lagt Dani að velli í fyrsta sinn í sögunni. Stefán Logi Magnússon heldur stöðu sinni í byrjunarliðinu en þeir Rúrik Gíslason og Indriði Sigurðsson eru báðir frá vegna meiðsla.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir í dag Dönmörku í 22. sinn. Karlalandsliðið í knattspyrnu hefur aldrei unnið sigur á Dönum sem er „stóra grýlan" í íslenskri knattspyrnu. En Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur það á tilfinningunni að nú gæti sú bið verið á enda.

„Auðvitað viljum við vinna Dani mest af öllum," sagði Ólafur. „Og við mætum til leiks með það hugarfar að við ætlum okkur sigur."

Ólafur tilkynnti í gær að Stefán Logi Magnússon myndi verja mark Íslands en hann hélt hreinu í leiknum gegn Kýpur í mars. Þeir Rúrik Gíslason og Indriði Sigurðsson eru meiddir og spila ekki með í dag.

Þegar liðin mættust ytra í haust unnu Danir 1-0 sigur með ódýru marki í lok leiksins. Það hefur verið saga Íslands undanfarin ár – ágæt spilamennska en árangurinn lítill og stigin sérstaklega fá. Ísland er bara með eitt stig í undankeppni EM 2012 eftir fjóra leiki.

Ólafur vill að liðið þori að færa sig upp og láta reyna á sóknarleikinn. „Við höfum þurft að liggja til baka í okkar leikjum en hér heima verðum við að þora að sækja. Við munum fara með liðið framar á völlinn," sagði þjálfarinn. „Við gerum okkur grein fyrir því að við munum ekki pressa Dani í 90 mínútur en það er mikilvægt að byrja vel. Þeir eru pínu hræddir við okkur og við verðum að nýta okkur það – láta aðeins finna fyrir okkur."

Ólafur segir að hann muni leggja leikinn upp á svipaðan máta og hann gerði fyrir leikinn á Parken í haust. „Við spiluðum góðan varnarleik síðast og ætlum að sinna honum vel nú. Ég á einnig von á því að Danirnir verði svipaðir enda nánast með sama liðið auk þess sem þeir hafa spilað eins undanfarinn áratug."

Hermann Hreiðarsson landsliðsfyrirliði segir að leikmenn séu ekki mikið að velta fyrir sér sögulegum staðreyndum.

„Það eina sem við vitum er að það er kominn tími til að vinna þá, eins og svo oft áður. Miðað við síðasta leik teljum við það alls ekki fjarstæðukennt," sagði Hermann.

„Við viljum fá stig enda búnir að spila fínan bolta. Það er hundfúlt að vera með bara eitt stig í riðlinum og við verðum einfaldlega að nýta okkur heimavöllinn og taka stig."

eirikur@frettabladid.is



**LÍTUR TIL VEÐURS** Eiður Smári Guðjohnsen verður væntanlega í eldlínunni gegn Dönum í dag. Hér er hann á landsliðsæfingu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Líkleg byrjunarlið




## Ísland-Danmörk í tölum

| | |
|---|---|
| 21 | landsleikur |
| 0 | sigrar |
| 4 | jafntefli |
| 20 | ár frá síðasta jafntefli |
| 69 | dönsk mörk |
| 13 | íslensk mörk |
| 10 | leikur liðanna á Laugardalsvelli |

Stál og plast þakrennur

Allir fylgihlutir fáanlegir




Frábært verð!

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Veitingastjóri á Serrano

Óskum eftir að ráða veitingastjóra á Serrano stað okkar við Dalshraun

Starfssvið
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Þjálfun starfsfólks
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum og gerð vaktaplana
- Pantanir og birgðahald
- Bókhald og skýrslugerð til skrifstofu

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af störfum á veitingastöðum eða í verslun
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum
- Reynsla af rekstri mikill kostur






Vinsamlega sækið um á www.serrano.is eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is
Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano, í síma 899-8947, milli kl 9 og 16 virka daga.

serrano

Serrano er íslenskt fyrirtæki sem í dag rekur 6 veitingastaði á Höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti að undanförnu og framundan eru virkilega spennandi tímar. Serrano rekur í dag veitingastaði í Hafnarfirði, Kringlunni, Smáralind, Hringbraut, Bíldshöfða og við Höfðatorg. Til stendur að fjölga stöðum enn frekar á næstunni.

pepsi deildin

Mánudagurinn 6. júní.
Víkingur R. - Fylkir kl. 19.15
Víkingsvöllur
Stjarnan - Grindavík kl. 19.15
Stjörnuvöllur
KR - FH kl. 19.15
KR-völlur

Þriðjudagurinn 7. júní.
Breiðablik - Fram kl. 19.15
Kópavogsvöllur
Þór - ÍBV kl. 19.15
Þórsvöllur





# GLEÐILEGT GOLFSUMAR MEÐ ECCO



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-54301



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56496



Biom Golf - herra
**Verð kr. 34.995**
Stærðir: 39 - 46 | Vörunr. 131004-50598



Golf Street golfskór - dömu
**erð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41| Vörunr. 121003-01007



Golf Street golfskór - dömu
**Verð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 121003-01414



Biom Golf - dömu
**Verð kr. 34.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 100003-56984



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56497



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56498



Casual Cool golfskór - herra
**Verð kr. 24.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56901



Golf Street golfskór - dömu
**Verð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41| Vörunr. 121003-01024



Golf Street golfskór - dömu
**Verð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 121003-01604



Casual Cool golfskór - dömu
**Verð kr. 24.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 120013-56938



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150524-55869



Golf Street golfskór - herra
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150524-55973



Casual Cool golfskór - herra
**Verð kr. 24.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-54411



Golf Street golfskór - dömu
**Verð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 121003-01449



Golf Street golfskór - dömu
**Verð kr. 18.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 121003-02704



Casual Cool golfskór - dömu
**Verð kr. 27.995**
Stærðir: 36 - 41 | Vörunr. 120023-51052

19 63
ecco.com

ecco
KRINGLAN
Sími 553 8050

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
SMÁRALIND
Sími 551 8519

GOLFSKÁLINN
MÖRKINNI 3, 108 REYKJAVÍK
Sími 578 0120

ecco®



## PISTILLINN

Helga Margrét Þorsteinsdóttir frjálsíþróttakona

# Fórnir eða forréttindi?

Ég er oft spurð að því hvort ég þurfi ekki að fórna miklu fyrir íþróttirnar. Þá er oftast verið að vísa í þá staðreynd að líf mitt er töluvert frábrugðið lífi flestra jafnaldra minna. Ég drekk ekki, fer sjaldan út á lífið, ég borða ekki óhollan mat og það er ekki hlaupið að því fyrir mig að skreppa út á kvöldin að hitta vini mína þegar það er morgunæfing daginn eftir og ég þarf að fara snemma að sofa. Þrátt fyrir það svara ég þessari spurningu alltaf neitandi. Í mínum huga eru það gífurlega mikil forréttindi að fá tækifæri til þess að elta og upplifa drauminn minn og fást við það sem ég hef yndi af á hverjum einasta degi. Það er ég sjálf sem vel að haga lífi mínu á þann hátt sem ég geri og ýmislegt sem aðrir myndu álíta mikla fórn er einfaldlega hluti af mínum draumi.

Nú er komið að því að ég flytji af landi brott. Ég flyt burt frá fjölskyldunni og bestu vinum mínum. Ég kem til með að sakna margs frá Íslandi og vissulega er eftirsjáin til staðar, enda væri sorglegt ef svo væri ekki. En það er eins með íþróttirnar og margt annað í lífinu, við fáum ekki endalaust af tækifærum. Við verðum að stökkva á þau tækifæri sem okkur bjóðast. Það er oft auðveldast að láta tækifærin renna sér úr greipum. Það getur verið mjög erfitt að þora að taka ákvarðanir sem breyta lífi manns. Þá er það oftast hræðslan við að mistakast sem hindrar okkur í því að taka slaginn, leggja út öll spilin. Íþróttir eru nefnilega í eðli sínu ekki frábrugðnar fjárhættuspili.

Við höfum aldrei tryggingu fyrir því að eitthvað muni heppnast. Það eina sem við getum gert er að fylgja eigin sannfæringu og grípa tækifærin sem okkur bjóðast. Þá þurfum við vonandi aldrei að líta til baka og hugsa: „Hvað ef…?“



# Þær eiga skilið stuðning

**Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari A-landsliðs kvenna í handknattleik, vill sjá fulla Vodafone-höll á morgun þegar Ísland spilar fyrri leik sinn gegn Úkraínu í umspili um laust sæti á HM. Ágúst segir Ísland eiga ágæta möguleika í leikjunum.**



**STANDA SAMAN** Íslenska liðið þarf að eiga mjög góðan leik gegn Úkraínu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**HANDBOLTI** A-landslið kvenna spilar afar mikilvægan leik í Vodafone-höllinni á morgun. Þá spilar liðið fyrri leik sinn gegn Úkraínu í umspili um laust sæti á næsta HM. Stelpurnar eiga ágætis möguleika á að komast á HM en til að eiga raunhæfan möguleika verður liðið að ná góðum úrslitum í leiknum hér heima.

„Við erum með fínar upplýsingar um úkraínska liðið og ættum að þekkja það vel. Þetta er klassískt austantjaldslið. Það spilar 6/0 vörn. Liðið er gott í hraðaupphlaupum en að sama skapi eiga leikmenn liðsins það til að vera latir að hlaupa til baka. Ef það er tekið á þeim eru þær fljótar að pirrast. Það verðum við að nýta okkur,“ sagði landsliðsþjálfarinn Ágúst Þór Jóhannsson en hann segir nauðsynlegt að keyra upp hraðann í leiknum.

„Þær spila líka langar sóknir og við verðum að vera þolinmóðar í vörninni. Svo verðum við að keyra á þær þegar tækifæri gefst til. Tæknifeilarnir eru líka dýrir í svona leikjum og þeir mega alls ekki vera margir í þessum leik.“

Úkraínska liðið er í styrkleikaflokki fyrir ofan Ísland en litlu munar á liðunum og möguleikarnir eru því ágætir að mati Ágústs.

„Þær eru sigurstranglegri enda í efri styrkleikaflokki og reyndari. Að sama skapi erum við með mjög gott lið og teljum okkur eiga fullt erindi í þetta einvígi. Markmiðið er að vinna og komast á HM. Ég vil ekki tala um hversu stórt við verðum að vinna leikinn hér heima. Það er ekki gott. Við verðum að halda okkur við okkar leikskipulag. Þetta verður alltaf erfiður leikur,“ sagði Ágúst en HSÍ stefnir á að fá 2.000 manns á leikinn og Ágúst óskar eftir stuðningi áhorfenda.

„Stelpurnar eiga það skilið að það verði fjölmennt á leikinn og stutt við bakið á þeim. Okkar bíður erfiður útivöllur eftir viku og við verðum að eiga líka sterkan heimavöll í svona mikilvægum leik. Ég óska eftir því að fólk komi og horfi á. Ég lofa að það verður enginn svikinn af því.“

Ágúst var ráðinn landsliðsþjálfari í lok mars og vakti athygli að hann var aðeins ráðinn fram yfir þetta verkefni. Liðinu hefur gengið vel undir hans stjórn og nú síðast velgdi það silfurliði Svía frá EM vel undir uggum. Telur hann sig vera að keppa um starfið í þessum leikjum?

„Ég lít ekki þannig á það. Ég var bara ráðinn í þetta verkefni og einbeiti mér að því að klára það. Við förum svo yfir málin eftir það,“ sagði Ágúst en hann útilokar ekki að þjálfa liðið áfram ef krafta hans verður óskað. - hbg




Ísland - Úkraína í umspili fyrir HM kvenna í handbolta

# Áfram Ísland!



Hvort sem það er stöngin inn eða stöngin út, öruggur sigur eða óvænt tap, tvær mínútur á þær eða okkur, glæsileg línusending sem endar með marki eða augljóst brot og ekkert dæmt, styðjum við íslenska kvennalandsliðið í umspilsleikjunum við Úkraínu. Míla sér um að leikirnir berist hratt og örugglega til landsins og í sjónvarpið þitt.

**míla**
*Lífæð samskipta*

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM44547

> **Will Smith**

„Í huga mér hef ég alltaf verið Hollywood-stjarna. Það áttuð bara eftir að komast að því."

***Will Smith leikur óvinsæla ofurhetju sem leitar til kynningarfulltrúa til að laga ímynd sína í kvikmyndinni Hancock á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.40**
**Sjálfstætt fólk**

Viðmælandi Jóns Ársæls að þessu sinni er Eyjapeyinn og ævintýramaðurinn Páll Steingrímsson. Hann er einn af okkar helstu heimildarmyndagerðarmönnum og hefur fylgt farfuglunum okkar eftir vítt og breitt um heiminn. Páll hóf feril sinn sem myndlistarmaður og vann aðallega myndir í grjót og stofnaði myndlistarskóla í Eyjum. Hann lærði í Kanada og vann fyrir sér sem lestarþjónn auk þess sem hann stundaði hnefaleika og trúlega hefur enginn Íslendingur verið barinn jafnmikið og einmitt Páll Steingrímsson. Honum er fylgt eftir á ferðum hans með farfuglunum alla leið til Vestur-Afríku, suður eftir allri Suður-Ameríku og á Suðurheimskautslandið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Dante Alighieri og Gleðileikurinn guðdómlegi **11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins **14.00** Frá útihátíðarhöldum sjómannadagsins **15.00** Innra eyrað **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Listahátíð í Reykjavík 2011: Minør/Pionér **17.20** Smásaga: Káeta. **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Gullfiskurinn **21.00** Á frívaktinni - Í tilefni sjómannadagsins **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Sagnaslóð **23.00** Sjóarinn síkáti - „Sjómannalögin á súrrandi stími" **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Popppunktur** (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Horfnir heimar – Þéttbýli** (e)
**12.55 Demantamót í frjálsum íþróttum**
**15.05 Skarfar - einstök aðlögun** (e)
**16.00 Önnumatur frá Spáni – Villtur matur** (3:8) (e)
**16.30 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Úkraínu í undankeppni Evrópumóts landsliða.
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Stundin okkar** (e)
**18.35 Með afa í vasanum** (40:52)
**18.48 Ungur nemur - gamall temur** (18:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Roðlaust og beinlaust** Heimildarmynd um hina bráðskemmtilegu sjómannahljómsveit Roðlaust og beinlaust sem skipuð er áhöfninni á frystitogaranum Kleifabergi ÓF-2.
**21.10 Downton Abbey** (7:7) (Downton Abbey)
**22.15 Sunnudagsbíó - Byssurnar í Navarone** (The Guns of Navarone) Myndin er byggð á sögu eftir Alistair MacLean og segir frá sveit breskra hermanna sem er send inn í hernám Þjóðverja í Grikklandi til að eyðileggja fallbyssuhreiður.
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Grey Gardens**
**10.00 Baby Mama**
**12.00 Beethoven's Big Break**
**14.00 Grey Gardens**
**16.00 Baby Mama**
**18.00 Beethoven's Big Break**
**20.00 Köld slóð**
**22.00 Hancock**
**00.00 Stop-Loss**
**02.00 Jindabyne**
**04.00 Hancock**
**06.00 Australia**

## STÖÐ 2

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.25 Áfram Diego, áfram!**
**07.50 Algjör Sveppi**
**09.35 Histeria!**
**11.20 Sorry I've Got No Head**
**11.50 Nágrannar**
**12.10 Nágrannar**
**12.30 Nágrannar**
**12.50 Nágrannar**
**13.10 Mad Men** (7:13)
**13.55 America's Got Talent** (1:32)
**15.25 Amazing Race** (4:12)
**16.10 Grey's Anatomy** (22:22)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (17:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
**20.20 The Mentalist** (22:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**21.05 Rizzoli & Isles** (4:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur.
**21.50 Damages** (3:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki. Lögfræðingurinn Patty Hewes lætur ekkert stöðva sig og heldur uppi óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga á meðan Ellen Parsons er farin að vinna fyrir saksóknara.
**22.35 60 mínútur**
**23.20 Daily Show: Global Edition**
**23.50 Glee** (20:22)
**00.35 The Event** (22:22)
**01.20 Nikita** (11:22)
**02.05 Saving Grace** (10:14)
**02.50 The Closer** (6:15)
**03.35 Undercovers** (6:13)
**04.20 The Mentalist** (22:24)
**05.05 Frasier** (17:24)
**05.30 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**12.00 LA Liga Review**
**13.05 Nanshan China Masters**
**15.35 Þýski handboltinn: Magdeburg - Füchse Berlin** Útsending frá leik Magdeburg og Füchse Berlin í lokaumferð þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta.
**16.55 Logi Geirsson** Mögnuð þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.
**17.35 LA Liga's Best Goals** Fallegustu mörkin í spænsku úrvalsdeildinni veturinn 2010-2011.
**18.30 England - Sviss** Útsending frá landsleik Englands og Sviss í undankeppni EM í knattspyrnu.
**20.15 Nanshan China Masters**
**22.45 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**00.00 Dallas - Miami** Bein útsending frá þriðja leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Arsenal - Tottenham** Útsending frá leik Arsenal og Tottenham.
**18.45 Players 50 - 26**
**19.40 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.10 Man. Utd. - Blackburn** Útsending frá leik Manchester United og Blackburn Rovers.
**21.55 Newcastle - Man. City** Útsending frá leik Newcastle United og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**

## 2 EXTRA

**17.55 Bold and the Beautiful**
**18.15 Bold and the Beautiful**
**18.35 Bold and the Beautiful**
**18.55 Bold and the Beautiful**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 Sorry I've Got No Head**
**20.10 Elite-keppnin** Fyrri hluti spennandi þáttar þar sem sýnt er frá Elite-keppninni sem haldin var á dögunum. Í þessum þætti fáum við að kynnast keppendunum tólf sem kepptu til úrslita.
**20.40 Elite-keppnin** Seinni hluti. í þessum þætti er komið að sjálfri úrslitastundinni en sú sem sigraði hlaut þátttökurétt í Elite Model World keppninni sem fer fram í nóvember.
**21.10 Sex and the City** (1:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.40 Sex and the City** (5:18)
**22.15 Sex and the City** (9:18)
**22.45 Sex and the City** (14:18)
**23.15 ET Weekend**
**00.00 Sjáðu**
**00.25 Sorry I've Got No Head**
**00.55 Fréttir Stöðvar 2**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Björn Bjarna**
**18.30 Veiðisumarið**
**19.00 Gestagangur hjá Randver**
**19.30 Bubbi og Lobbi**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu**
**21.30 Kolgeitin**
**22.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.05 Rachael Ray** (e)
**14.35 Million Dollar Listing** (5:9) (e)
**15.20 Top Chef** (2:15) (e)
**16.10 The Biggest Loser** (7:26) (e)
**17.00 Survivor** (3:16) (e)
**17.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (4:5) (e)
**18.35 Girlfriends** (20:22)
**18.55 Rules of Engagement** (4:26) (e)
**19.20 Parks & Recreation** (4:22) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (5:50) (e)
**20.10 An Idiot Abroad** (8:9) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar.
**21.00 Law & Order: Criminal Intent** (2:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York.
**21.50 Californication** (10:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hank Moody.
**22.20 Blue Bloods** (18:22) (e) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos-fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**23.05 Royal Pains** (18:18) (e)
**23.55 Last Comic Standing** (1:12) (e)
**00.45 The Real L Word: Los Angeles** (2:9) (e)
**01.35 CSI: New York** (19:23) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 The Memorial Tournament** (3:4)
**12.00 The Celtic Manor Wales Open** (2:2)
**16.00 The Memorial Tournament** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2000 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## BBC entertainment

**13.30** Keeping Up Appearances **14.00** Keeping Up Appearances **14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Keeping Up Appearances **17.00** Keeping Up Appearances **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Keeping Up Appearances **20.00** Silent Witness **20.55** Silent Witness **21.45** Keeping Up Appearances **22.15** Keeping Up Appearances

## DR 1

**09.05** Walter og Trofast - En verden af opfindelser **09.35** That's So Raven **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Benderøven **13.15** Merlin **14.00** Kamæleonernes strand **14.55** Mord på hjernen **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Ægyptens gåder **18.00** Maria Wern **18.45** Det søde liv **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt **19.50** Kammerater i krig **20.55** Grænsekontrollen **21.40** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **22.10** TV!TV!TV!

## NRK 1

**06.50** Uventet besok **07.20** Blomstershow i Chelsea **08.15** Friidrett **09.15** Shetlandsgjengen **10.45** God som gull **11.40** På vingene med Iron Maiden **12.45** Mysteriet Norge **13.15** 4-4-2 **15.30** Under åpen himmel til Santiago de Compostela **16.00** Fysikk på roterommet **16.10** Ingen grenser **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Frå Lark Rise til Candleford **18.55** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.25** Kriminalsjef Foyle **21.05** Kveldsnytt **21.20** Rally **21.50** The Norwegian Solution

## svt1

**08.45** Det söta livet **09.15** Skärgårdsflirt **10.00** Rapport **10.05** Från Lark Rise till Candleford **11.05** Kate gör upp **12.05** På väg till Malung **12.35** Röda näckrosor **13.00** Sommarpratarna **14.00** Rapport **14.05** K Special **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Engelska Antikrundan **19.00** Från Lark Rise till Candleford **20.00** Sommarpratarna **21.00** Hung **21.30** Sjukdomar jag fick på utlandssemestern

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





habitat
Sumartilboð á öllum vörum
í nýju versluninni í Kauptúni
20%
afsláttur af
ÖLLUM
VÖRUM
4.–12. JÚNÍ
habitat
Kauptúni | S. 566 7070 | www.habitat.net
FABRIKAN

## > Jennifer Garner

„Fegurð hlýst af góðu lífi. Ef þú hefur notið lífsins eru broshrukkurnar á réttum stað og áhyggjuhrukkurnar ekki það slæmar, hvað þarftu meira?“

***Jennifer Garner leikur fyrrverandi kærustuna Jenny Perotti í rómantísku gamanmyndinni Ghost of Girlfriends Past sem er á Stöð 2 kl. 21 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON BIÐUR FYRIR U-21 LANDSLIÐINU

# *Foxtrot og framtíðarspáin í fótboltanum*

Mörg af helstu stórvirkjum kvikmyndasögunnar hafa falið í sér nokkurs konar forspárgildi og séð fyrir atburði sem flestir töldu óhugsandi. The China Syndrome varaði við eiturefnaleka úr kjarnorkuverum. Óðal feðranna sá fyrir fall kaupfélaganna. Og jafnvel varð söguþráður Weekend at Bernie's að veruleika að vissu leyti, löngu eftir frumsýningu myndarinnar, þegar tveir New York-búar voru kærðir fyrir að rúlla látnum vini sínum í hjólastól niður í tryggingastofnun og reyna að svíkja út ellilífeyrinn hans. Svo einungis örfá dæmi séu tekin.

Kvikmyndin Foxtrot frá árinu 1988 gæti mögulega komist í þennan ákveðna flokk mynda áður en langt um líður. Í Foxtrot leika Steinarr Ólafsson og Valdimar Örn Flygenring bræður, sem báðir eru fyrrum knattspyrnumenn. Bræðurnir starfa við að flytja háar peningaupphæðir milli landshluta. Í einum túrnum taka þeir puttalinginn Maríu Ellingsen upp í bílinn og allt fer á versta veg.

Yngri bróðirinn, sem leikinn er af Steinarri, verður fyrir stanslausu ónæði ókunnugra og er hreinlega hataður af þorra almennings fyrir þær sakir einar að hafa brennt af víti í U-21 landsleik gegn Dönum. Má skilja sem svo að klúðrið hafi nánast bundið enda á feril leikmannsins. Í kringum frumsýningu Foxtrot þótti sú ákvörðun handritshöfundar vægast sagt fráleit að ætla að ein mistök í ungmennalandsliðsleik hefðu svo afdrifaríkar afleiðingar. Þá voru nefnilega sárafáir að velta fyrir sér gengi U-21 landsliðsins.




En nú er öldin önnur og U-21 árs liðið á hvers manns vörum vegna þátttöku þess í EM þar sem það etur meðal annars kappi við téða frændur okkar Dani. Því er fátt annað til ráða en að leggjast á bæn og vonast eftir að Gylfi Sigurðsson, helsti spyrnusérfræðingur ungra Íslendinga, brenni ekki af víti í leiknum, leggi skóna á hilluna og hefji að flytja háar peningaupphæðir milli landshluta ásamt bróður sínum og tilfallandi puttalingum.

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Enginn má við mörgum** (e)
**11.00 Að duga eða drepast** (28:31) (e)
**11.50 Kastljós** (e)
**12.25 Biðsalur eða betri stofa** (e)
**13.00 Altunga** (e)
**13.30 Mörk vikunnar** (e)
**14.00 Íslenski boltinn** (e)
**14.55 Vormenn Íslands** (6:7) (e)
**15.25 Vísindakirkjan - Sannleikurinn um lygina** (e)
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 Ástin grípur unglinginn** (5:10)
**18.00 Fréttir**
**18.25 Veðurfréttir**
**18.30 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Danmörk) Karlalandslið Íslands og Danmerkur eigast við á Laugardalsvelli í beinni útsendingu.
**20.40 Lottó**
**20.50 Popppunktur** (Mezzoforte - Hljómsveitin Ég)
**21.55 Dalur óttans** (In the Valley of Elah) Maður grennslast fyrir um son sinn sem hvarf eftir að hann sneri heim frá herþjónustu í Írak. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Bandarísk bíómynd frá 2007.
**23.55 Risaskrímslið** (Cloverfield) Bandarísk bíómynd frá 2008. Óþekkt skrímsli herjar á New York-búa og fylgst er með fimm manns sem rannsaka málið. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Brunabílarnir**
**07.25 Strumparnir**
**07.50 Hello Kitty**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.40 Latibær**
**09.50 Tommi og Jenni**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.35 Bardagauppgjörið**
**11.00 iCarly** (16:45)
**11.25 Glee** (20:22)
**12.10 Bold and the Beautiful**
**113.10 Bold and the Beautiful**
**13.35 Friends 2** (4:24)
**14.00 Cougar Town** (8:24)
**14.25 The New Adventures of Old Christine** (1:22)
**14.55 Sjálfstætt fólk**
**15.35 Gossip Girl** (16:22)
**16.25 The Ex List** (7:13)
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 America's Got Talent** (1:32) Fimmta þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir.
**21.00 Ghosts of Girlfriends Past** Frábær, rómantísk gamanmynd með úrvalsleikurunum Matthew McConaughey, Jennifer Garner og Michael Douglas í aðalhlutverkum. Sagan er lauslega byggð á jólasögu Charles Dickens.
**22.40 Unknown** Hörkuspennandi og dularfull mynd með Greg Kinnear í aðalhlutverki. Fimm menn vakna upp í rammlæstu og yfirgefnu vöruhúsi. Allir segjast þeir vera minnislausir en fljólega kemur það í ljós að mannrán hefur átt sér stað og enginn veit raunverulega hver er sekur og hver er saklaus í þessum einkennilegum aðstæðum.
**00.20 Copying Beethoven**
**02.00 Wanted**
**03.50 Rocky Balboa**
**05.30 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**12.00 Golfskóli Birgis Leifs** (10:12)
**12.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**13.05 Nanshan China Masters**
**15.35 England - Sviss** Bein útsending frá landsleik Englands og Sviss í undankeppni EM í knattspyrnu.
**17.45 Þýski handboltinn: Magdeburg - Füchse Berlin** Bein útsending frá leik Magdeburg og Füchse Berlin í lokaumferð þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta.
**19.10 LA Liga Review** Fjörugur þáttur þar sem tímabilið í spænsku úrvalsdeildinni er gert upp. Barcelona fór á kostum með Lionel Messi í aðalhlutverki á meðan Real Madrid var alltaf skrefi á eftir þrátt fyrir að Cristiano Ronaldo hafi sett nýtt markamet.
**20.15 Nanshan China Masters**
**22.45 England - Sviss**
**00.30 Þýski handboltinn: Magdeburg - Füchse Berlin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**17.30 Season Highlights 2010/2011** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**18.25 Alfonso** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hinn snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.
**18.50 Everton - Man. Utd.** Útsending frá leik Everton og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.35 Fulham - Man. City** Útsending frá leik Fulham og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Liverpool - Bolton** Útsending frá leik Liverpool og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Rachael Ray** (e)
**14.20 Rachael Ray** (e)
**15.05 High School Reunion** (3:8) (e)
**15.50 America's Next Top Model** (10:13) (e)
**16.35 90210** (21:22) (e)
**17.20 An Idiot Abroad** (7:9) (e)
**18.10 Girlfriends** (19:22)
**18.30 The Bachelor** (6:11) (e)
**20.00 Last Comic Standing NÝTT** (1:12) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**20.50 Rocky** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1976. Hnefaleikakappinn Rocky Balboa fær loks stórt tækifæri til að sanna sig og lappa upp á brotna sjálfsmynd sína þegar honum býðst að slást við sitjandi heimsmeistara, Apollo Creed.
**22.55 Soul Men** (e) Gamanmynd frá árinu 2008 með Samuel L. Jackson og Bernie Mac í aðalhlutverkum. Louis og Floyd voru bakraddasöngvarar fyrir þekktan tónlistarmann fyrir mörgum árum en skildu ósáttir og hafa ekki talast við í mörg ár.
**00.35 The Real L Word: Los Angeles** (2:9) (e)
**01.25 Smash Cuts** (2:52)
**01.50 Girlfriends** (18:22) (e)
**02.10 The Real Housewives of Orange County** (2:12) (e)
**02.55 Whose Line is it Anyway?** (12:39) (e)
**03.20 Penn & Teller** (9:9) (e)
**03.50 Penn & Teller** (1:10) (e)
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.20 Golfing World**
**08.10 The Memorial Tournament** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 The Celtic Manor Wales Open** (1:2)
**16.00 Inside the PGA Tour** (22:42)
**16.30 The Memorial Tournament** (3:4)
**22.00 Ryder Cup Official Film 2008**
**23.15 Golfing World**
**00.05 ESPN America**

## EXTRA

**16.45 Nágrannar**
**18.05 Nágrannar**
**18.25 Lois and Clark** (18:22)
**19.10 Ally McBeal** (7:22)
**19.55 Gilmore Girls** (5:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**20.40 The Office** (5:6) Stöð 2 rifjar upp gamanþáttaröðina The Office þar sem Ricky Gervais fer á kostum sem yfirmaður á skrifstofu í Slough á Englandi.
**21.15 Glee** (5:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**22.00 The Phantom**
**23.25 Lois and Clark** (18:22)
**00.10 Ally McBeal** (7:22)
**00.55 Gilmore Girls** (5:22)
**01.40 The Office** (5:6)
**02.10 Glee** (5:22)
**03.00 Sjáðu**
**03.30 Fréttir Stöðvar 2**
**04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**21.00 Helginn** Helgi Hrafn og Helgi Steinar setjast í sófann og ræða um fréttir og efni á netinu. Þeir fá til sín gesti, prófa nýjustu tækni og ræða um það sem gengur og gerist hverju sinni.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Björn Bjarna**
**22.30 Veiðisumarið**
**23.00 Gestagangur hjá Randver**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.15 The Object of My Affection**
**10.05 What Happens in Vegas...**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 The Object of My Affection**
**16.00 What Happens in Vegas...**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Jerry Maguire**
**22.15 Prince of Persia: The Sands of Time**
**00.10 30 Days Until I'm Famous**
**02.00 Find Me Guilty**
**04.00 Prince of Persia: The Sands of Time**
**06.00 Köld slóð**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Umgjörð: Chrome Hearts-Dismembered



20%

Helgina 3. til 5. júní fá viðskiptavinir okkar **20% afslátt** af öllum keyptum gleraugum (umgjörð og gler).

**Afslátturinn gildir aðeins í verslun okkar í Smáralind.**

Optical Studio
SMÁRALIND

• CHANEL • RAYBAN • CHROME HEARTS • TOM FORD • D&G • BVLGARI • MIU MIU • VERSACE • OAKLEY • BURBERRY • CUTLER & GROSS • ROBERTO CAVALLI • PRADA • LINDBERG •

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 19.35
### America's Got Talent

Ný þáttaröð um eina þekktustu hæfileikakeppni heims þar sem keppendur eru eins misjafnir og þeir eru margir. David Hasselhoff er ekki lengur í dómarasæti en í hans stað kemur grínistinn Howie Mandel.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sjö dagar sælir **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Fjármálamiðstöðin Ísland **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Í boði náttúrunnar **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Stjórnarskrá að eigin vali **21.00** Ég heiti Barbara **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Undantekningin **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Keeping Up Appearances **17.00** Keeping Up Appearances **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** Inspector Lynley Mysteries **18.50** Inspector Lynley Mysteries **19.35** Inspector Lynley Mysteries **20.25** Inspector Lynley Mysteries **21.10** Keeping Up Appearances **21.40** Keeping Up Appearances **22.10** Keeping Up Appearances **22.40** Keeping Up Appearances **23.10** Keeping Up Appearances

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn **10.55** Sign up **11.10** Et slag for pulsen **11.40** OBS **11.45** Merlin. Bag kameraet **12.00** Jamie Olivers Amerika **12.50** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **13.20** Grænsekontrollen **14.05** Mord på hjernen **15.40** Før søndagen **15.50** Hammerslag **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Så stort - og så med modelbiler **18.00** Merlin **18.45** Befri Willy 3 **20.05** Kriminalkommissær Barnaby **21.40** Manden uden nerver

## NRK 1

**06.35** Norge rundt **07.00** Festens dronning **07.30** Schrödingers katt **08.30** 20 sporsmål **08.55** O'Horten **10.25** Elefanten Echo - verdens beste mor **11.15** Frå Lark Rise til Candleford **12.05** Kvinnen med apene **13.05** Glimt av Norge **13.15** Våre beste år **15.10** Elektriske drømmer **16.10** Det fantastiske livet **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Etter at du dro **18.25** Litt av en mann **19.40** Nye triks **20.30** Fakta på lørdag **21.00** Kveldsnytt **21.15** Friidrett **22.15** Kill Bill Volume 1 **00.00** Dansefot jukeboks m/chat

## svt1

**08.30** Livet på fyren **09.00** Norsk attraktion **09.30** Lanthandeln **10.00** Rapport **10.05** Hollywoodredaktionen **10.30** Bored to Death **11.00** Mästarnas mästare **12.00** Den enskilde medborgaren **13.45** Rapport **13.50** Kate gör upp **14.50** Så ska det låta **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Skärgårdsflirt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Friidrott: Diamond League **20.00** Kate gör upp **21.00** På väg till Malung **21.30** Rapport **21.35** Leonard Cohen. Bird on a Wire







## PERSÓNAN

*Solla soulful*



**Aldur:** 26 ára
**Starf:** Stuðningsfulltrúi á frístundaheimilinu Selinu við Melaskóla og tónlistarkona.
**Fjölskylda:** Pabbi heitir Þórður Jóhannesson og mamma heitir Jóhanna Björk Bjarnadóttir. Systur mínar heita Þóra Björk og Svava María. Elstur er bróðir minn, Bjarni Jóhann.
**Búseta:** Vesturbærinn.
**Stjörnumerki:** Tvíburi.

Sólveig Þórðardóttir hefur gefið út plötuna Open a Window.

# Málflutningur Gillzeneggers á villigötum

„Af þessum myndum að dæma virðist Egill hafa rangt fyrir sér. Því miður,“ segir ljósmyndarinn Árni Torfason.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudaginn virðist mynd af Agli Einarssyni, á forsíðu símaskráarinnar, vera mikið unnin í myndvinnsluforritinu Photoshop. Þegar myndinni er stillt upp við hlið skjáskots úr sjónvarpsauglýsingu símaskráarinnar kemur í ljós að mitti Egils hefur verið minnkað ásamt því að skerpt hefur verið á öðrum vöðvum. Egill þvertekur fyrir það og segir hlutföllum hafa verið breytt þannig að hann virki breiðari í sjónvarpsauglýsingunni.

Árni er ljósmyndari og með góða þekkingu á Photoshop. Hann telur að Egill sé að skýla sér á bak við tóma vitleysu. „Mér finnst ólíklegt að kvikmyndatökumenn séu að taka upp í þessu gamla 4:3 sniði og teygja upp í 16:9,“ segir Árni. „Það meikar ekkert sens að það eigi bara við mittið á honum en ekki andlit og annað.“

Árni ítrekar þó að erfitt geti reynst að sanna það nema upprunalega myndin verði birt. „Egill er kannski tilbúinn að leyfa okkur að sjá hana. Það væri gaman,“ segir hann.

Alþekkt er í auglýsingabransanum að myndir séu mikið unnar, enda gilda önnur lögmál um þær en til dæmis um fréttaljósmyndir. Árni furðar sig á því að Egill neiti því að hafa verið tekinn í gegn í myndvinnsluforriti, enda eðlilegt að slíkt sé gert. „Gillz er auðvitað hrikalega flottur eins og hann er,“ segir Árni. „Kannski þurfti hann ekki á þessu að halda.“

**- afb**



**ÞYKKI** Egill er þykkur í sjónvarpsauglýsingum fyrir símaskránna, en fyrir töfra hefur mitti hans minnkað á forsíðunni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Alþingismaðurinn **Guðmundur Steingrímsson** gengur að eiga unnustu sína, leikkonuna Alexíu Björgu Jóhannesdóttur, í næsta mánuði. Formleg upphitun fyrir brúðkaupið hófst í gær þegar vinir Guðmundar steggjuðu hann. Guðmundur var sóttur niður á Alþingi og ferjaður út fyrir borgarmörkin. Þar var hann látinn troða upp í kjördæminu sínu og spila fyrir peninga áður en hann sleppti dúfu til staðfestingar því að nú kveddi hann gamla lífið og hæfi nýtt. Að síðustu var svo ráðgert að skála fyrir brúðgumanum tilvonandi í sumarbústað.



Vesturporti og Borgarleikhúsinu, aðstandendum leikritsins Faust, hefur verið boðið að sýna verkið á hinni virtu BAM-leiklistarhátíð í New York. Þetta verður í þriðja sinn sem **Gísli Örn Garðarsson** og félagar hans í Vesturporti fara til Ameríku því áður hafa þau sett upp bæði Woyzeck og Hamskiptin. Síðari uppfærslan fékk frábæra dóma í New York Times og varð til þess að hinn virti leikhúsfrömuður Robin de Levita ákvað að semja við leikhúsfólkið og opna því leið inn í risavaxinn leikhúsheim Bandaríkjanna.

**- hdm, fgg**



REIÐSKÓLINN GELDINGAHOLTI
5 DAGA REIÐNÁMSKEIÐ Í JÚLÍ OG ÁGÚST.
Upplýsingar í síma 4866055 og 8617013

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál




REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

SIGTRYGGUR BALDURSSON: TILRAUNIR RÚV HAFA EKKI RISIÐ HÁTT

# Það þarf fagmenn í faginu til að fara ekki út af laginu

„Þetta er þáttur sem fjallar um yngri hljómsveitir og eldri tónlistarmenn. Smá samanburður á kynslóðunum,“ segir tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu vinnur RÚV að nýjum sjónvarpsþáttum sem fjalla um tónlist. Sigtryggur Baldursson og Guðmundur Kristinn Jónsson, upptökustjóri og meðlimur Hjálma, verða umsjónarmenn þáttanna og þeim til halds og trausts verður Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason ásamt fleirum.

Sigtryggur segir þá félaga ætla að fylgjast með tónlistarfólki að störfum, kíkja í hljóðver, í æfingahúsnæði og jafnvel út fyrir landsteinanna. „Við ætlum að fá að sjá ferðalögin með eigin augum,“ segir hann. „Fólk þarf að taka restina af flögunum úr búningsherberginu til að fá hádegismat daginn eftir. Það hljómar ekkert mjög *glamúrus*. Það eru alls konar skemmtilegar ranghugmyndir í gangi um *meikið*.“

Þættirnir hefja göngu sína í sumar en samningurinn við þá félaga var handsalaður á miðvikudagsmorgun og vinnan hófst strax í kjölfarið. Sigtryggur segir eðlilegt að RÚV sinni þeirri skyldu að fjalla á vitrænan hátt um menningu í landinu. „Það má orða það þannig,“ segir hann. „Þessar tilraunir RÚV til að búa til menningarlega skemmtiþætti finnst mér ekki hafa risið hátt.“

Hann gagnrýnir að fagfólk hafi ekki verið fengið til að fjalla um menningu. „Hluti af vandamálinu er sá að það var ekki verið að láta tónlistarmenn fjalla um tónlistarmenn og myndlistarmenn fjalla um myndlistarmenn og svo framvegis,“ segir hann. „Það má gefa sér tíma til að fjalla um listirnar með aðeins meiri dýpt í staðinn fyrir að fleyta kerlingar. Og ég trúi því að það þurfi að hafa fagmann í faginu til að fara ekki út af laginu.“

atlifannar@frettabladid.is



**FRÍÐUR HÓPUR** Sigtryggur Baldursson, Kiddi í Hjálmum og Bragi Valdimar eru á bak við nýja tónlistarþætti á RÚV.

# Fjölskyldan útskrifast saman

„Við vorum eitthvað að hlæja að því fyrr í vetur að kannski mundum við útskrifast öll á sama tíma en vorum ekki viss um að það mundi takast,“ segir Eva Ýr Gunnlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur og master í mannauðsstjórnun, sem útskrifast laugardaginn 11. júní frá Háskóla Íslands. Dagurinn verður viðburðaríkur í fjölskyldunni þar sem móðir hennar og bróðir eru einnig að útskrifast úr sama skóla.

Móðir hennar, Jóhanna Lövdahl er að klára master í náms- og starfsráðgjöf og bróðir hennar, Sigfús Kristinn Gunnlaugsson, er að útskrifast sem læknir. Yngsti bróðir hennar, Einar, var síðan að útskrifast úr Menntaskólanum í Reykjavík í lok maí.

„Þetta er ekkert smá skemmtilegt að við náðum þessum áfanga öll saman,“ segir Eva Ýr og viðurkennir að prófatímabilið hafi verið undarlegt í þetta skiptið enda ekki vanalegt að heil fjölskylda sé samferða í skólagöngunni með þessum hætti



**HEIMILIÐ UNDIRLAGT Í PRÓFLESTRINUM** Eva Ýr Gunnlaugsdóttir útskrifast frá Háskóla Íslands ásamt móður sinni Jóhönnu Lövdahl og bróður sínum, Sigfúsi, en yngsti bróðirinn Einar var að útskrifast frá MR.

„Mamma kallaði heimili sitt fyrir „studyhall“ þar sem öll borð voru undirlögð af tölvum og skólabókum. Ég átti það til að flýja til mömmu á prófatímabilinu í vor en ég gat verið viss að andrúmsloftið þar væri vel lærdómshæft,“ segir Eva Ýr og undirstrikar að móðir sín hafi staðið sig sérstaklega vel í að hvetja systkinin áfram í lestrinum þrátt fyrir að vera sjálf með nefið í bókunum.

Eva Ýr segir að þau séu að skipuleggja sameiginlega útskriftarveislu. „Við ætlum að slá upp heljarinnar veislu hjá mömmu enda er þetta gott tilefni til að fagna saman.“

**- áp**

# Viðhaldsfrí útihúsgögn




**Hér má sjá myndir af nokkrum af þeim útihúsgögnum sem í boði eru.**

**Sessur fylgja öllum stólum og sófum.**
**Vatns- og sólvarið áklæði á sessunum.**
**Glerplötur eru á öllum borðum.**
**Litir: Hvítt, brúnt og svarbrúnt.**



Sófi verð 118.700,- m/25% stgr.afsl. 89.025,-



Stóll verð 67.500,- m/25% stgr.afsl. 50.625,-



Sólbekkur verð 79.900,-
m/25% stgr.afsl. 59.925,-



Sófaborð verð 58.900,-
stgr.verð m/25% afsl. 44.175,-
Hliðarborð verð 39.900,-
m/25% stgr.afsl. 29.925,-



Borð verð 149.000,- m/25% stgr.afsl. 111.750,-



Sófaborð verð 28.900,-
m/25% stgr.afsl. 27.675,-

Hliðarborð verð 19.700,-
m/25% stgr.afsl. 14.775,-



Sófi verð 81.500,-
m/25% stgr.afsl. 61.125,-

**25% STGR.AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568-4242
www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ
Ordning mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET-FLÍSAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eno í heimsókn

Tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn **Brian Eno** er staddur hér á landi til að fylgjast með tónleikum Bens Frost og Daníels Bjarnasonar í Hörpu í kvöld. Þar spila þeir tónlist sem þeir gerðu við kvikmyndaverk Brians Eno og Nick Robertson sem er byggt á kvikmynd Tarkovskí, Solaris, frá árinu 1972. Eno kom síðast hingað til lands fyrir tæpu ári og dvaldi þá hér í fimm daga sem leiðbeinandi Bens Frost. Fundur þeirra var hluti af Rolex-verkefninu, þar sem sex listamenn hvaðanæva að úr heiminum fá að starfa undir handleiðslu þekktra listamanna í eitt ár.



### Nýlenduveldið með stæla

Íslenska landsliðið í knattspyrnu etur kappi við það danska á Laugardalsvelli í dag. Í tilefni af leiknum héldu þjálfarar liðanna blaðamannafundi í gær, þar sem þeir svöruðu spurningum sem brunnu á íslensku pressunni. Að gömlum sið héldu Íslendingar fundinn bæði á íslensku og ensku, svo innlendir sem danskir blaðamenn gætu komið spurningum sínum á framfæri og hlýtt á svörin nokkurn veginn óbrogið. Gamla herraþjóðin, með þjálfarann **Morten Olsen** í fararbroddi, var hins vegar ekki á þeim buxum, og harðneitaði að halda sinn fund á öðru tungumáli en dönsku, sumum íslenskum blaðamönnum til nokkurs ama.



- fb, sh

## Mest lesið vísir

1. Ákærður fyrir að eyðileggja húsið sitt
2. Níðingur dæmdur í 430 ára fangelsi
3. Guðbergur á leið til Spánar að vitja auðæfa
4. Messi kýldur í andlitið í Argentínu
5. Stríðið gegn fíkniefnum virkar ekki – vilja lögleiða maríjúana





